

**SKOÐUN** Selma Erla Serdar hvetur fólk til að sniðganga vörur frá Ísrael. 21



**MENNING** Hallgrímur Helgason er orðinn aðdáandi Guðrúnar frá Lundi. 28



**LÍFIÐ** Samkynhneigðir plötusnúðar á Club Soda á Dollý um helgina. 46



**SPORT** Mist missir ekki úr leik þrátt fyrir að vera í miðri krabbameinsmeðferð. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
7. ágúst 2014
183. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Kvikmyndabærinn Flateyri

Flateyri er einn vinsælasti tökustaður kvikmynda hér á landi en bæjarbúar þykja einkar liðlegir. 2

**Ósáttir þingmenn** Stjórnarandstöðuþingmenn segja að Hanna Birna eigi að stíga til hliðar meðan rannsókn lekamálsins standi yfir. 4

**Slá lítt á þörfina** Um 800 manns verða á biðlista eftir stúdentaíbúðum næsta vetur þrátt fyrir fjölda nýrra íbúða. 8

**Nýupptekið grænmeti** Nú er kominn sá árstími þar sem ferskt íslenskt grænmeti fæst í verslunum hérlendis. 16




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 11° | NA | 9 |
| Akureyri | 13° | NA | 5 |
| Egilsstaðir | 12° | NA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | A | 8 |
| Reykjavík | 11° | NA | 6 |

**MILT V-LANDS** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s en 8-13 NV-til og við S-ströndina. Væta víða fyrir sunnan og austan en úrkomulítið NV-til. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk






**MENNINGARRÖLT Í MIÐBORGINNI** Listaverkið Þúfa sem staðsett er vestan við gömlu höfnina í Reykjavík skartaði sínu fegursta í blíðviðrinu í gær. Verkið er þegar orðið vinsæll útivistarstaður fyrir fjölskyldur í miðborginni og þá hefur Fréttablaðið haft spurnir af því að Þúfan sé vinsæl fyrir brúðarmyndatökur. Þúfa er eftir myndlistarmanninn Ólöfu Nordal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tvö þúsund ný störf við veiðar og vinnslu

Störfum í sjávarútvegi fjölgaði úr 7.200 árið 2008 í 9.100 í árslok 2012. Betri aflabrögð skýra fjölgun starfa, ekki síst vinnsla makríls til manneldis. Fiskvinnslufólki fjölgaði um 1.200 á tímabilinu. Breytingarnar í greininni sjást vel á Austfjörðum.

**SJÁVARÚTVEGUR** Tæplega tvö þúsund ný störf hafa skapast hér á landi við veiðar og vinnslu sjávarafurða frá hruni. Aukningin er fyrst og fremst í fiskvinnslu þar sem störfum hefur fjölgað um tólf hundruð. Vinnsla uppsjávarfisks til manneldis vegur þungt.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í rannsókn um umfang sjávarútvegs á Austfjörðum sem hagfræðineminn Ásgeir Friðrik Heimisson vann fyrir Austurbrú í samstarfi við Útvegsmannafélag Austurlands.

Fjölgun starfa í sjávarútvegi frá 2008 má helst rekja til aukins afla undanfarin ár. Aflaaukningin hefur aðallega verið í uppsjávartegundum, eins og loðnu, en ekki síst makríl. Betri aflabrögð skila sér í aukinni eftirspurn eftir vinnuafli, en vinnsla uppsjávarafla er vinnuaflsfrek, segir í greiningu Ásgeirs. Afli íslenskra skipa hefur ekki verið meiri um langan tíma, eða síðan 2005. Það ár veiddust 1,6 milljónir tonna við Íslandsstrendur og gaf árið 2012 1,4 milljónir tonna. Veiðar í uppsjávartegundum hafa aukist um 25% síðan 2006.

Greining Ásgeirs lýtur sérstaklega að Austfjörðum, þó samhengi sjávarútvegs á landinu í heild sé einnig gaumgæft.

Í formála skýrslunnar segir Ásgeir að bent hafi verið á að sjávarútvegur sé ekki eins mikilvægur Austfirðingum og löngum var, vegna tilkomu Alcoa Fjarðaáls.

**9.100** voru við störf í sjávarútvegi árið 2012.

Rannsókn á umfangi greinarinnar og mikilvægi hennar sé því vert verkefni, ekki síst í því samhengi.

„Því fer fjarri að sjávarútvegurinn hafi misst vægi sitt eftir tilkomu álversins. Tilkoma Alcoa Fjarðaáls hjálpaði mikið til við að gera þá hagræðingu sem átt hefur sér stað mögulega og jafn átakalausa og raun ber vitni,“ segir Ásgeir sem komst að því að framleiðni í sjávarútvegi á Austfjörðum hefur vaxið um 20% að meðaltali á ári frá 2005.

-shá / sjá síðu 8

Hópur fornleifafræðinga segir Minjastofnun fara á skjön við ýmis lög:

# Gagnrýna Minjastofnun hart

**STJÓRNSÝSLA** Hópur fornleifafræðinga gagnrýnir vinnubrögð Minjastofnunar Íslands harðlega. Hópurinn, sem samanstendur af átta fornleifafræðingum, segir stofnunina taka að sér verkefni við fornleifarannsóknir sem hún eigi aðeins að hafa eftirlit með og gefa leyfi fyrir, auk þess sem hún sé umsagnaraðili í skipulagsmálum og málum er lúta að mati á umhverfisáhrifum.

Einn fornleifafræðinganna, doktor Bjarni F. Einarsson, framkvæmdastjóri Fornleifafræðistofunar, segir í samtali við Fréttablaðið að Minjastofnun sé í „Indiana Jones-leik“ hér og þar um landið. Hann segir að það geti vart talist eðlileg stjórnsýsla að Minjastofnun taki að sér verkefni sem eigi að vera sinnt af fornleifafræðingum á markaði, enda geti stofnunin ekki haft eftirlit með sjálfri sér. „Þetta hefur að okkar mati þær afleiðingar að minjavarslan fer marga áratugi aftur í tímann. Minjastofnun getur ekki gert neinar kröfur til sjálfrar sín, það er engin skýrslugerð, það er engin eftirfylgni, og hún hefur eftirlit með sjálfri sér sem er öllum skaðlegt,“ segir Bjarni.



BJARNI F. EINARSSON

-fbj / sjá síðu 12



Körfuboltakappar opna búð:

## Landsliðsmenn gerast kaupmenn

**LÍFIÐ** „Við erum báðir miklir matarfíklar og sælkerar og okkur hefur lengi langað til þess að búa til eitthvað saman,“ segir körfuknattleiksmaðurinn Jón Arnór Stefánsson. Hann og annar körfuknattleiksmaður, Pavel Ermolinskij, opna kjöt- og fiskbúð á næstu vikum í miðbæ Reykjavíkur, nánar tiltekið Bergstaðastræti 14.

Þeir félagar eru á fullu þessa dagana að standsetja búðina og gera þeir ráð fyrir að hún verði opnuð eftir um það bil tvær vikur.

- glp / sjá síðu 46







## SPURNING DAGSINS



Halldór, má ekki prófa Þránd í Götu?

**„Ja, það liggur ekkert á því.“**

Halldór Auðar Svansson, fulltrúi Pírata í borgarstjórn, fer fyrir umræðunni um nýjar frumlegar hraðahindranir.

Skuldauppgjöri Björgólfs Thors og Novators við innlenda og erlenda lánardrottna þeirra er lokið:

# Greiddu lánardrottnum 1.200 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Heildaruppgjöri Björgólfs Thors Björgólfssonar og fjárfestingarfélags hans, Novators, við innlenda og erlenda lánardrottna er nú lokið. Heildarfjárhæð greidd til lánardrottna er um 1.200 milljarðar króna, þar af hafa íslenskir bankar og dótturfélög þeirra nú alls fengið greidda rúma 100 milljarða króna. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Björgólfur sendi fjölmiðlum í gær. Allar greiðslur voru í erlendri mynt.

Björgólfur segist hafa haft um 100 manna her lögfræðinga, endurskoðenda og annarra sérfræðinga til að vinna að skuldasamkomulaginu. Hann hafi lagt allar sínar eigur undir. „Ég var alla tíð ákveðinn í að ganga frá uppgjörinu með sóma. Til að svo mætti verða þurfti mikla og þrotlausa vinnu til að hámarka virði þeirra eigna sem lágu til grundvallar uppgjörinu. Þegar tilkynnt var um uppgjör mitt í júlí 2010 kom fram að skuldir myndu verða gerðar upp að fullu og ekki gefnar eftir,“ segir Björgólfur í tilkynningunni.

Í tilkynningunni segir jafnframt að þegar tilkynnt var um samkomulag við alla lánardrottna í júlí 2010 hafi verið reiknað með að um fimm til sex ár tæki að vinna að sölu eigna og klára uppgjör. Ýmsar persónulegar eignir Björgólfs Thors hafi gengið til lánardrottna um leið og gengið var frá samkomulaginu, þar á meðal húseign í Reykjavík og sumarhús við Þingvelli, sem og einkaþota og snekkja. **-jhh**



**MIKIL VINNA** Fjöldi sérfræðinga kom að skuldauppgjörinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.



**ERFIÐ STUND** Margrét Pála Ólafsdóttir segir að athöfnin á Silfurtorginu á Ísafirði í gær hafi snert alla sem þar voru djúpt. FRÉTTABLAÐIÐ/HAFPÓR

Ein flík hengd upp fyrir hvert barn sem lést í Palestínu:

# Minntust fallinna barna á Gasa

**MÓTMÆLI Fleiri börn hafa fallið í átökunum á Gasa en stunda nám við grunnskólann á Ísafirði. Meðal annars vegna þessa skipulagði hópur kvenna á Ísafirði mótmæla- og minningarfund á Silfurtorgi á Ísafirði síðdegis í gær. Þar var hengd upp ein flík fyrir hvert barn sem látist hefur í átökunum.**

**Margrét Pála Ólafsdóttir var á meðal þeirra sem tóku þátt í athöfninni, sem hún sagði hafa snert alla viðstadda djúpt. „Þessi einfalda athöfn, að hengja upp föt af börnum, færði hörmungar og sorgina inn á torgið til okkar.“ Margrét Pála segir allir fundargesti hafa „sameinast um þá hugsun að hvað sem hver segir þá verður alheimurinn að standa saman um að vernda börn“.** **-ih**

Leituðu á neyðarmóttöku:

# Fimm konur leitað aðstoðar

**LÖGREGLUMÁL** Fimm konur leituðu á Neyðarmóttöku Landspítala fyrir þolendur kynferðisofbeldis um og eftir verslunarmannahelgina. Málin komu frá Akureyri, Vestmannaeyjum, Reykjavík, Selfossi og Flúðum samkvæmt upplýsingum frá bráðadeild Landspítalans.

Fyrsta konan leitaði á neyðarmóttökuna síðastliðinn föstudag og hinar um og eftir helgina. Kynferðisbrotin í Árnessýslu voru kærð til lögreglu um helgina og rannsókn er hafin á Akureyrarmálinu. **-sój**

Valinn hæfastur af sextán:

# Tekur við starfi sveitarstjóra

**HÚNAVATNSHREPPUR** Búið er að ráða Einar Kristján Jónsson sveitarstjóra Húnavatnshrepps. Einar þótti hæfastur sextán umsækjenda.

Einar mun taka til starfa 15. ágúst næstkomandi. Nýráðni sveitarstjórinn er 43 ára bifvélavirki sem stundað hefur nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands undanfarin ár. Hann hefur þar að auki talsverða starfsreynslu úr einkageiranum og af félagsstörfum.

Einar tekur við sveitarstjórn af Jens P. Jensen. Um 410 manns búa í Húnavatnshreppi. **-ih**

# Flateyringar komnir í kvikmyndaútgerð

Flateyri er einn vinsælasti tökustaður kvikmyndagerðarfólks. Einnig hafa japanskar heimildarmyndir verið teknar þar í grenndinni. Íbúar eru svo samvinnuþýðir að þeir bregða sér í hlutverk eða hreinlega „slökkva á“ bænum ef þurfa þykir.

**MANNLÍF** „Flateyringar eru höfðingjar heim að sækja,“ segir Sindri Páll Kjartansson, framleiðandi myndarinnar París norðursins sem tekin var upp að mestu á Flateyri á síðasta ári.

Hann segir Flateyringa hafa verið svo tillitssama að menn hafi auðveldlega fengist til að fresta því að slá blettinn ef sláttuvélin truflaði við tökur. „Eiginlega fengum við að slökkva nokkrum sinnum á bænum,“ segir hann. Ekki stendur á bæjarbúum heldur þegar vantar fólk fyrir framan tökuvélina. Nú ætlar Bryndís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Arctic Odda, til dæmis að taka að sér hlutverk prestsins í myndinni Þrestir sem Rúnar Rúnarsson og félagar eru að taka upp þar í bæ.



**FRÁ TÖKUM Á FLATEYRI** Sindri segir að lið hans vilji þakka Flateyringum tillitssemina í sambúðinni með því að hafa forsýningu fyrir vestan í næsta mánuði.

Eflaust muna margir eftir því þegar Einar Oddur Kristjánsson heitinn lék prest í sjónvarpsþættinum Í faðmi hafsins árið 2001.

En svo er það presturinn sjálfur, hann þarf ekkert að leika því hann kemur fram í eigin persónu í japanskri heimildarmynd sem tekin var upp fyrir tveimur árum.



**SINDRI PÁLL KJARTANSSON**

„Ég bý svo vel að það var laust í kjallaranum hjá mér þannig að ég leyfði þeim bara að gista þar,“ segir séra Fjölnir Ásbjörnsson á Holti í Önundarfirði, en þar er æðarvarp mikið sem Japanir hafa mikinn áhuga á, enda selst æðardúnn dýrum dómum þar í landi. Tökumenn sem bjuggu í kjallaranum eltu guðsmanninn hvert fótmál á tveggja vikna tímabili með myndavélar og hljóðnema. Presturinn var því bæði í dún- og kvikmyndatöku á þessum tíma. „Það var náttúrlega svolítið skrýtið að þurfa að opna dyrnar þrisvar, fjórum sinnum þar til þeir voru ánægðir,“ segir hann. Fjölnir hefur ekkert heyrt af viðtökum í Japan en segir: „Ég á ekki von á öðru en að þær hafi verið bara alveg frábærar.“

Sindri segir að í svo litlu samfélagi gefist ekki vel að taka upp símann þegar komið er að reddingum. „Það er betra að fara í bíltúr, þá hittir maður menn þannig að þetta reddast allt á rúntinum,“ segir hann.

Nálægðin á sér líka spaugilega hlið því þegar hann var búinn að finna heppilegan hund, eftir dauðaleit í nærsveitum, til að leika á móti aðalleikaranum þá sagði hundeigandinn: „Það þarf að venja hann fyrst að leikaranum. Hver er þessi leikari?“ Hún fékk þau svör að sá héti Helgi Björnsson. „Nú, Helgi bróðir, hundurinn þekkir hann nú.“ **jse@frettabladid.is**

### ➜ Kvikmyndir og þættir frá Flateyri

**Bíómyndir**
- Ingaló (1992)
- Nói albinói (2003)
- París norðursins (2013)
- Þrestir (2014)

**Sjónvarpsþættir**
- Í faðmi hafsins (2001)

**Heimildarmyndir**
- Hiroshi Koike um æðardún í Önundarfirði(2012)

**Eins hefur japanskur heimildarþáttur verið tekinn þar upp.**


TILBOÐ




69.900
FULLT VERÐ 79.900

- 2 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum rofum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efri grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fánlegt 3ja og 4ra brennara

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is


Tilraunir til að fá Ísraela og Palestínumenn til að ræða saman fara hægt af stað:

# Fyrstu þreifingar eru hafnar

**GASA, AP** „Fyrir okkur er mikilvægast að umsátrinu verði aflétt og uppbygging geti hafist á Gasa,“ segir Bassam Sahli, fulltrúi í samninganefnd Palestínumanna. „Það getur ekki orðið neitt samkomulag án þess.“ Hann er mættur til Egyptalands ásamt félögum sínum, en þangað eru einnig komnir fulltrúar frá Ísrael sem hafa sett fram þá ófrávíkjanlegu kröfu að Hamasmenn afvopnist, eða í það minnsta verði þeim gert ókleift að koma sér upp vopnum á ný. Viðræðurnar fara hægt af stað, en bæði Ísraelar og Palestínumenn hafa verið hvattir til þess að nota sér vopnahléið til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu um Gasa. Vopnahléið, sem hófst á þriðjudagsmorgun, virtist í gær ætla að endast lengur en fyrri tilraunir. Egypskir milligöngumenn hafa verið á þönum milli sendinefndanna og borið skilaboð á milli um kröfur beggja. Í palestínsku sendinefndinni eru fulltrúar allra helstu hópa Palestínumanna, þar á meðal frá Hamas en Ísraelar hafa til þessa harðneitað að eiga orðastað við Hamas. Sameh Shukri, utanríkisráðherra Egyptalands, segir að viðræðurnar verði bæði flóknar og erfiðar. Árásarhernaður Ísraela á Gasa kostaði nærri 1.900 manns lífið á fjórum vikum. Sameinuðu þjóðirnar segja að 75 prósent þeirra hafi verið almennir borgarar. Ísraelar misstu hins vegar 67 manns, en þrír þeirra voru almennir borgarar. **-gb**



**Í SKEMMDUM SKÓLA** Palestínskur piltur skrifar á töfluna í Sobhi Abu Karsh-skólanum í Gasaborg. Skólinn varð illa úti í árásum Ísraelshers undanfarnar vikur. NORDICPHOTOS/AFP

# HEIMILIS-TÆKJADAGAR

**GÆÐI OG GOTT VERÐ!**



1808827

**Electrolux**
KÆLIR/FRYSTIR EJ2301AOW
**75.900 kr.**
~~87.900~~



1805568

**Electrolux**
ÞURRKARI EDC 1072LDW 7 kg.
**84.990 kr.**



1805343

**Electrolux**
UPPÞVOTTAVÉL ESF6512LOW
**79.900 kr.**



1850501

**Amica-Eldavél**
50CM M/BLÆSTRI og KERAMIK HELLUB
**64.900 kr.**
~~74.990~~



1805483

**Frigor**
FRYSTIKISTA G115 13 LÍTRA A+
**43.900 kr.**



1850233

**Amica-Helluborð**
m/SNERTITÖKKUM 72CM KMC 13287F
**59.900 kr.**
~~79.900~~



Electrolux
**5 ÁRA ÁBYRGÐ**
**30 DAGA** SKILARÉTTUR

**Electrolux**
ÞVOTTAVÉL EWP1262TDW 1200SN. 6kg.
**69.900 kr.**
~~74.900~~

1808865

# RÝMINGAR SALA Á SUMARVÖRUM

**ALLRA SÍÐUSTU DAGAR!**

**ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!**



1840078

**RUSSEL HOBBS**
BLANDARI ILLUMINA
**10.900 kr.**
~~1[illegible].890~~



1840079

**RUSSEL HOBBS**
MATVINNSLUVÉL ILLUMINA
**13.900 kr.**
~~21.900~~

**ALLAR GARÐPLÖNTUR, 50-70% AFSLÁTTUR**

blómaval

HÚSASMIÐJAN

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**14.200** manns störfuðu við veiðar og vinnslu sjávarfangs árið 1991.

**Árið 2012 störfuðu 9.100 í greininni en fæst á tímabilinu 7.200 árið 2008.**

Ríkisstjórnin hefur ekki samþykkt nýjar siðareglur fyrir ráðherra stjórnarinnar:

# Spyr um siðareglur ríkisstjórnar

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur ritað Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra bréf þar sem óskað er eftir því að umboðsmaður verði upplýstur um hvort ríkisstjórnin hafi samþykkt siðareglur fyrir ráðherra. Hafi slíkt ekki verið gert óskar umboðsmaður eftir afstöðu forsætisráðherra til þess hvort siðareglur ráðherra sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur samþykkti árið 2011 gildi um störf núverandi ríkisstjórnar. Jafnframt er óskað eftir því að umboðsmanni verði tilkynnt um það sérstaklega ef ríkisstjórnin samþykkir slíkar reglur.

Samkvæmt upplýsingum sem fengust í forsætisráðuneytinu í gær hefur ríkisstjórnin ekki samþykkt nýjar siðareglur. Siðareglur sem fyrri ríkisstjórn setti féllu úr gildi um leið og skipt var um stjórn. Það mun hins vegar hafa verið rætt á ríkisstjórnarfundi að fylgja siðareglum fyrri stjórnar, á meðan nýjar reglur hafa ekki verið samdar. - jme



**EKKI SETT REGLUR** Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur ekki sett sér siðareglur en notast við eldri reglur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Búið að finna hljómleikahöll:

# Söngvakeppnin verður í Vín

**SKEMMTUN** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva verður haldin í Wiener Stadthalle í Vínarborg í maí á næsta ári, en endanleg ákvörðun um keppnisstað var tekin í gær.

Conchita Wurst bar sigur úr býtum með lagi sínu Rise Like a Phoenix þegar keppnin fór fram í Kaupmannahöfn í maí síðastliðnum. Varð því ljóst að keppnin færi fram í Austurríki að ári. Þrjár borgir sóttust eftir að fá að halda keppnina. - aí



**Á FERÐ OG FLUGI** Farþegar Icelandair í júlí voru fleiri en sem nemur íbúafjölda Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aldrei fleiri farþegar:

# Metfjöldi ferðast með Icelandair

**SAMGÖNGUR** Í júlí flutti Icelandair 355 þúsund farþega í millilandaflugi og voru þeir 16 prósentum fleiri en í júlí á síðasta ári. Þetta er mesti farþegafjöldi í einum mánuði frá stofnun félagsins.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að þetta er í fyrsta sinn sem félagið flytur í einum mánuði fleiri farþega en sem nemur íbúatölu Íslands.

Framboðsaukning á milli ára nam 19 prósentum og var sætanýting 85,9 prósent, samanborið við 86,1 prósent á sama tíma í fyrra. - rkr

Nýja brúin er 162 metra löng:

# Ný brú yfir Múlakvísl vígð

**SAMGÖNGUR** Ný brú yfir Múlakvísl á Mýrdalssandi var vígð í gær, þremur árum eftir að hlaup eyðilagði eldri brú yfir ána. Í millitíðinni hefur verið notast við bráðabirgðabrú sem smíðuð var á sjö dögum sumarið 2011.

Nýja brúin er 162 metra löng og tíu metra breið. Nýr vegur sem lagður var að henni er 2,2 kílómetrar og 8 metra breiður. Brúargólfið á nýju brúnni er um tveimur metrum hærra en á gömlu brúnni og lágpunktar eru í veginum hvor sínum megin til þess að flóð af þeirri stærðargráðu sem varð í júlí 2011 taki ekki af brúna en rjúfi þess í stað veginn. - jme

# Umboðsmaður vill nánari skýringar í lekamálinu

Formaður Samfylkingarinnar segir að það undirstriki mikilvægi lekamálsins að umboðsmaður vilji nánari skýringar. Þingmaður VG segir að þótt ráðherra víki um stund þurfi það ekki að vera endanlegur dómur.

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er grafalvarlegt mál. Það að umboðsmaður Alþingis óski eftir því að fá nánari upplýsingar frá innanríkisráðherra um lekamálið undirstrikar mikilvægi þess að við fáum að sjá efnislegar niðurstöður í málinu þegar þær liggja fyrir," segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.

Umboðsmaður Alþingis hefur ritað Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra bréf í framhaldi af svari ráðherrans 1. ágúst sl. við bréfi umboðsmanns frá 30. júlí sl. Í bréfinu er óskað eftir nánari upplýsingum og gögnum um samskipti innanríkisráðherra við lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu. Umboðsmaður óskar eftir svari við bréfinu eigi síðar en 15. ágúst.

Árni Páll segir að það sama gildi raunar um ríkissaksóknara, þegar hann hafi lokið umfjöllun sinni um lekamálið verði menn að fá að sjá niðurstöðurnar vegna þess að það sem fólk hafi séð í blaðafregnum bendi til að gefnar hafi verið misvísandi skýringar á hlutunum og það sé alvarlegt.

Árni Páll ítrekar þá afstöðu sína að Hanna Birna eigi að víkja tímabundið.

„Það er óeðlilegt að ráðherra lögreglumála sitji í embætti á meðan lögreglurannsókn er í gangi. Ég sé ekki betur en formaður Sjálfstæðisflokksins hafi hálfgildings tekið undir það sjónarmið í fréttum undanfarna daga," segir Árni Páll.

Hvorki náðist í formann VG, formann þingsflokks né fyrrverandi ráðherra flokksins í gær.

„Það sýnir alvarleika málsins að umboðsmaður skuli óska eftir nánari upplýsingum frá ráðherranum," segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG. Hún segir að að hennar mati eigi Hanna Birna að stíga til hliðar, það hefði hún átt að gera í upphafi málsins. „Það er aldrei of seint að verða skynsamur, ef hún stigi til hliðar núna væri það til marks um bætta dómgreind hennar," segir Lilja Rafney.



**VILL SKÝRARI SVÖR** Umboðsmaður Alþingis hefur óskað eftir nánari skýringum frá innanríkisráðherra varðandi lekamálið.



**LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR**

Hún segir löngu tímabært að breyta þeirri hefð að ráðherrar stígi ekki til hliðar sæti þeir rannsókn. Það sé eðlilegt að bíða niðurstöðu rannsóknarinnar, þegar hún liggur fyrir geti viðkomandi ráðherra metið stöðu sína.

„Hefðin hér er önnur en það er kominn tími til að breyta þessu. Þó að ráðherra stígi til hliðar um stund þarf það ekki að vera neinn endanlegur dómur yfir honum eða hans ferli," segir Lilja Rafney.

johanna@frettabladid.is



**„Það er óeðlilegt að ráðherra lögreglumála sitji í embætti á meðan lögreglurannsókn er í gangi. Ég sé ekki betur en formaður Sjálfstæðisflokksins hafi hálfgildings tekið undir það sjónarmið í fréttum.**

*Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 31° | Friedrichshafen | 22° | New York | 28° |
| Aþena | 31° | Gautaborg | 23° | Orlando | 33° |
| Basel | 25° | Kaupmannahöfn | 23° | Ósló | 23° |
| Berlín | 25° | Las Palmas | 26° | París | 24° |
| Billund | 23° | London | 25° | San Francisco | 22° |
| Frankfurt | 24° | Mallorca | 31° | Stokkhólmur | 23° |







**BEST VESTANLANDS** Veðrið verður hagstæðast fyrir vestanvert landið næstu daga og fram á helgi, en norðaustanátt ríkir enn með vætu einkum um austanvert landið en bjartara og mildara veðri suðvestan og vestan til.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# BÁTUR DAGSINS




Aðeins
549kr

## Subway kynnir bát dagsins.

7 mismunandi bátar alla daga vikunnar, allan ágúst á 549 kr.




SUBWAY®

*Ferskleiki er okkar bragð.™*

Gildir eingöngu fyrir 6 tommu bát. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttarkjörum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða erindi átti Hið íslenska reðasafn við landeigendur á Finnbogastöðum í Trékyllisvík?
**2.** Hvað hefur íbúi við Bergstaðastræti gert til að hægja á umferð þar?
**3.** Hvað heitir formaður stjórnar Hinsegin daga?

**SVÖR:**
**1.** Að óska eftir því að fá ræður úr búrhval sem rak þar á land. **2.** Að setja blómapotta út á götu. **3.** Eva María Þórarinsdóttir Lange.

Ebólafaraldurinn í vestanverði Afríku hafði í gær kostað 932 manns lífið, en alls höfðu 1.711 smitast:

# Skorað á WHO að útvega Afríku ebólalyf

**NÍGERÍA** Þrír af helstu ebólafræðingum heims skora á Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO) að sjá til þess að tilraunalyf sem notuð hafa verið í Bandaríkjunum verði send til Afríku þannig að smitaðir þar fái von um bata.

Þótt lyfin hafi ekki verið fullreynd og óvíst sé bæði um árangur og áhættu af þeim, þá sé þörfin það brýn að einskis eigi að láta ófreistað.

„Stjórnvöld í Afríkuríkjum ættu að fá að taka upplýsta ákvörðun um það hvort þessi efni verði notuð eða ekki – til dæmis til að vernda heilbrigðisstarfsfólk sem er í sérlega mikilli smithættu," segir í sameiginlegri yfirlýsingu frá Peter Piot, sem uppgötvaði ebólaveiruna árið 1976, David Heymann og Jeremy Farrar.

Þeir segja að til séu nokkur mismunandi lyf og bóluefni sem hægt væri að nota til þess að berjast gegn þessum illskeytta sjúkdómi.

Nýjasti faraldurinn hefur orðið 932 manns að bana í fjórum ríkjum vestanverðrar Afríku. Alls hafa 1.711 manns smitast, samkvæmt tölum frá WHO.

Engin lækning hefur verið fundin svo öruggt þyki, en tveir Bandaríkjamenn sem smituðust af veirunni hafa verið fluttir á sjúkrahús í Bandaríkjunum. Þar hafa verið gerðar tilraunir með að gefa þeim blóð úr fólki sem hefur lifað af ebólasmit. **- gb**

**932** hafa látist í þessum nýjasta ebólafaraldri.



**SMITUÐU BANDARÍKJAMENNIRNIR** Þau Kent Brantly og Nancy Writbol hafa bæði verið flutt frá Líberíu á sjúkrahús í Bandaríkjunum, þar sem prófað hefur verið að gefa þeim blóð í lækningaskyni. NORDICPHOTOS/AFP


ORF LÍFTÆKNI

**Boðun til hluthafafundar ORF Líftækni hf.**

ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar hér með til hluthafafundar félagsins dags. **14.08.2014 kl. 16.30** í húsnæði félagsins að Víkurhvarfi 3 í Kópavogi.

**Fundarefni:**

1. Staðfesting ákvörðunar fyrri fundar frá 22. maí 2014 þar sem ákvörðun þess fundar var ekki tilkynnt til Fyrirtækjaskrár innan lögboðins frests, eins og kveðið er á um í 123. grein laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.
2. Önnur mál

**Stjórn ORF Líftækni hf.**

KJÓLAR OG MUSSUR NÝ SENDING
30% afsláttur



Mussur stærðir 42-48 áður 14.990 nú 9.990 kr.
Kjóll stærðir M-XXL áður 14.990 nú 9.990 kr.

FLASH

Sjá fleiri myndir á

**Laugaveg 54, sími: 552 5201**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is








Heimildir: Evrópska geimferðastofnunin, The Planetary Society Ljósmyndir: NASA, ESA/Rosetta/MPS fyrir OSIRIS-teymið © GRAPHIC NEWS

Könnunargeimfarið Rosetta komið á braut umhverfis halastjörnuna 67P/C-G:

# Farsælt stefnumót í geimnum

**VÍSINDI** Vísindamenn Evrópsku geimferðastofnunarinnar ESA fylgdust spenntir með í gær þegar könnunargeimfarið Rosetta komst loks á braut umhverfis halastjörnuna 67P/Chuyumov-Gerasimenko.

Geimfarinu var skotið út í geiminn árið 2004 og hefur síðan verið að mjakast í áttina. Allt hefur farið eins og til var ætlast, en nú hefst undirbúningurinn að því að lítið lendingarfar verði sent niður til halastjörnunnar.

Þetta verður í fyrsta sinn sem geimfari er lent á halastjörnu.

Könnunarfarið mun svo fylgja halastjörnunni eftir um það bil hundrað kílómetra leið, en vísindamenn vonast til þess að út úr rannsóknunum komi margvíslegar upplýsingar um gerð og uppruna halastjarna og annarra himintungla.

„Evrópska Rosetta-farið er nú fyrsta geimfar sögunnar sem kemst í návígi við halastjörnu. Þetta er mikill áfangi í rannsóknum á uppruna okkar. Nú geta uppötvanirnar hafist," segir í yfirlýsingu frá Jean-Jacques Dordain, framkvæmdastjóra ESA. **- gb**



**FYLGST MEÐ STEFNUMÓTINU** Vísindamenn í höfuðstöðvum ESA í Darmstadt í Þýskalandi hafa beðið í áratug eftir því að ná þessum áfanga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


rýmingar-
sala
verslunin hættir
allt á að seljast!
aðeins
3
dagar
eftir
adidas
concept store
kringlunni
adidas®

Útlit er fyrir að um átta hundruð umsækjendur verði á biðlista eftir stúdentaíbúðum:

# Nýjar stúdentaíbúðir slá lítt á brýna þörf

**HÚSNÆÐISMÁL** Áætlað er að um 800 umsækjendur verði á biðlista eftir leiguhúsnæði á Stúdentagörðum hjá Félagsstofnun stúdenta (FS) svo þær 300 leigueiningar sem teknar voru í gagnið síðastliðinn vetur duga skammt til að svara þörfinni. Árið 2005 voru helmingi færri á biðlista.

Úthlutun lýkur á næstu dögum og er útlit fyrir að 1.800 umsóknir komi á borð FS rétt eins og í fyrra. Félagsstofnunin hefur yfir um rúmlega 1.100 leigueiningum að ráða og í þeim búa 1.600 manns eða einungis helmingi fleiri en þeir sem verma biðlistann í ár.

Um hundrað stúdentaíbúðir munu þó bætast við haustönnina 2016 en í haust hefjast framkvæmdir við bygginguna í Brautarholti, að sögn Rebekku Sigurðardóttur, upplýsingafulltrúa FS. Hún segir enn fremur að til skoðunar séu fleiri staðir í borginni fyrir byggingu fleiri íbúða, til dæmis á Háskólalóðinni og svo flugvallarsvæðið ef svo skyldi fara í náinni framtíð að byggt yrði þar.

Rebekka segir að áður hafi þynnst flokkurinn á biðlistum eftir að úthlutun íbúða lauk sem gefur til kynna að margir hafi fundið sér annan stað. En síðustu tvö ár hefur þetta hins vegar breyst þannig að biðlistarnir styttast lítið þó líði á skólaárið. **- jse**



**STÚDENTAGARÐARNIR Á LINDARGÖTU** Þeir eru heppnir sem eru undir þaki á Lindargötu. Um átta hundruð manns vildu vera í þeirra sporum.

Rannsókn langt komin:

# Vistaður á viðeigandi stofnun

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem ógnaði lífi og limum fólks í fyrrakvöld með ofsaakstri á sendibíl hefur verið vistaður á viðeigandi stofnun að sögn lögreglunnar. Að sögn lögreglu er unnið að rannsókn málsins og er verið með aðstoð vitna að kortleggja leiðina sem maðurinn ók. Eigandi hins stolna sendiferðabíls hefur verið upplýstur um ástand bílsins og hvar hann er niðurkominn. Lögreglan gat ekki tjáð sig um hvort hans hefur verið vitjað. **– sój / jme**

# Skapar þúsundir verðmætra starfa

Sjávarútvegur á Austfjörðum skilaði 4,2 prósentum af landsframleiðslu árið 2012, ríflega þrefalt meira en landbúnaður í landinu. Fyrirtækin greiddu um 9 prósent af tekjuskatti lögaðila það ár. Verðmætasköpun er mikil og framleiðni hefur rúmlega tvöfaldast frá 2005.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Framleiðni í sjávarútvegi á Austfjörðum hefur vaxið um 20% að meðaltali á ári frá 2005; mun meira en í greininni og í öðrum atvinnugreinum á landsvísu. Umfang sjávarútvegs þar eystra er 4,2% af landsframleiðslu þegar allt er talið; rúmlega þrefalt framlag landbúnaðar á Íslandi. Sérstaða greinarinnar á Austfjörðum liggur í veiðum og vinnslu uppsjávartegunda.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í skýrslu um umfang sjávarútvegs á Austfjörðum sem hagfræðineminn Ásgeir Friðrik Heimisson vann fyrir Austurbrú í samstarfi við Útvegsmannafélag Austurlands.

„Þessu til viðbótar má nefna að með aukinni framleiðni greiða austfirsku fyrirtækin allnokkru hærri laun en gengur og gerist. Síðan heggur maður eftir því hvað fyrirtækin borga mikið í opinber gjöld,“ segir Ásgeir og bætir við að án vafa sé mikil verðmætasköpun í sjávarútvegi undirstaða batnandi lífskjara þar undanfarinn áratug.

Í skýrslunni kemur fram að laun voru að meðaltali 7,8 milljónir króna í fiskvinnslu og 16,6 milljónir í fiskveiðum árið 2012. Það ár var meðaltalið á landsvísu 7,2 milljónir í fiskvinnslu og 12,2 milljónir í fiskveiðum. Sjávarútvegsfyrirtækin á Austfjörðum greiddu tæp níu prósent af tekjuskatti lögaðila árið 2012; eða um 4,5 milljarða það ár.

### Áhrif Fjarðaáls

Í formála skýrslunnar segir Ásgeir að bent hafi verið á að sjávarútvegur sé ekki eins mikilvægur Austfirðingum og löngum var, vegna tilkomu Alcoa Fjarðaáls. Rannsókn á umfangi greinarinnar og mikilvægi hennar sé því vert verkefni, ekki síst í því samhengi. Það hafi gleymst á sama tíma að þriðja stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, Síldarvinnslan, hefur höfuðstöðvar sínar í Neskaupstað, ásamt fleiri sterkum fyrirtækjum.

Í þessu samhengi er vert að nefna að Ásgeir metur að allt að 45% allra starfa á Austfjörðum tengist sjávarútvegi beint eða óbeint; um 13% starfa á Austfjörðum eru beintengd greininni. „Samkvæmt gögnum frá Byggðastofnun þykir líklegt að sjávarútvegurinn á Austfjörðum hafi að meðaltali seinustu ár verið 24% af hagkerfi Austurlands og var hlutfallið orðið 37% árið 2012,“ segir Ásgeir en slær varnagla við þessari niðurstöðu vegna ónógra gagna.

„Því fer fjarri að sjávarútvegurinn hafi misst vægi sitt eftir tilkomu álversins. Það sem hefur gerst er að mikil hagræðing hefur átt sér stað í sjávarútvegi og álverið hjálpaði til við það. Álverið hefur til dæmis stutt við þessa þróun í samhengi við tæknivæðingu og fleira sem skýrir hagræðingu og framleiðniaukningu. Það hefur komið í staðinn og tilkoma Alcoa Fjarðaáls hjálpaði mikið til við að gera þá hagræðingu sem átt hefur sér stað mögulega og jafn átakalausa og raun ber vitni,“ segir Ásgeir. Hann bætir við að hærri laun megi að nokkru skýra með þessu, enda fylgja tæknivæðingu fleiri og betur borgaðar stöður heilt yfir séð. „Allt þetta hjálpar líka til við að halda ungu og vel menntuðu fólki á svæðinu, öfugt við það sem áður var.“

### Sérstaðan

Hlutur hafna á Austfjörðum er mun meiri en sem nemur úthlutuðu aflamarki fyrirtækjanna á svæðinu og var árið 2012 landað þar 36,8% af þeim afla sem landað var á Íslandi í tonnum talið. Til samanburðar þá var 15,9% alls afla landað í Vestmannaeyjum og 10,7% í Faxaflóahöfnum það ár. Þegar þessar tölur eru umreiknaðar í þorskígildi þá er hlutfallið fyrir Austfirði 19,7% og 17,1% fyrir Faxaflóahafnir, svo dæmi sé tekið.

Þegar aflatölur fyrir Austfirði eru bornar saman við stórar löndunarhafnir á öðrum landsvæðum sést að uppsjávarfiskur hefur langmest vægi þar og var 51% af heildaruppsjávarafla landsins landað þar árið 2012. Mest er landað af botnfiski í Faxaflóahöfnum en 18,5% af botnfiskaflanum var landað þar árið 2012, 8,4% í Vestmannaeyjum og 6,6% á Austfjörðum.

Mikill vöxtur í sjávarútvegi á Austfjörðum, miðað við aðra landshluta, verður því fyrst og síðast skýrður með því hversu mjög greinin á svæðinu byggir á uppsjávarveiðum og vinnslu, þá bæði til manneldis og mjöl- og lýsisframleiðslu. Fiskimjölsverksmiðjurnar á Austfjörðum tóku til dæmis á móti 54% alls afla sem landað var til mjöl- og lýsisframleiðslu árið 2012.

Ásgeir skrifar: „Verð á uppsjávartegundum og mjöli og lýsi hefur hækkað mjög mikið seinustu ár og ofan á það hafa uppsjávarveiðar aukist, eða um 25% síðan 2006. Þessar tvær breytur vega mjög þungt í því að útskýra af hverju vöxtur sjávarútvegs hefur verið eins mikill og raun ber vitni og mun meiri en að meðaltali á landsvísu og Faxaflóahafnasvæðinu.“

### Gestir

Þessu til viðbótar má nefna að gestakomur á íslenskum höfnum eru kannski fleiri á Austfjörðum en víðast hvar annars staðar, sem enn og aftur er hægt að rekja til uppsjávarveiðanna. Mörg íslensk skip landa þar sem ekki eru í eigu útgerðanna á svæðinu. Norsk og færeysk loðnuskip hafa landað á Austfjörðum, en það sem vegur kannski þyngst er starfsemi HB Granda á Vopnafirði. Fyrirtækið landar nær öllum sínum uppsjávarafla á staðnum og hefur staðið fyrir myndarlegri uppbyggingu því tengdri.



**NORÐFJARÐARHÖFN** Síldarvinnslan í Neskaupstað er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins og hefur mikið með afl greinarinnar að gera á Austfjörðum. MYND/KRISTÍNHÁVARÐS



**„Því fer fjarri að sjávarútvegurinn hafi misst vægi sitt eftir tilkomu álversins.“**

*Ásgeir Friðrik Heimisson hagfræðinemi*

## HELMINGI LANDAÐ Í AUSTFJARÐAHÖFNUM

- Beint framlag sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum árið 2012 var 17% af beinu framlagi sjávarútvegs á landsvísu.
- Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum árið 2012, þegar bein, óbein áhrif og eftirspurnaráhrif eru meðtalin, var 16,7% af heildarumfangi sjávarútvegs það ár.
- Sjávarútvegur á Austfjörðum var 4,2% af landsframleiðslu árið 2012.
- Árið 2012 var 36,7% af afla Íslendinga landað á Austfjörðum, þar af 51% af uppsjávaraflanum.
- Afli sem hlutfall þorskígilda sem landað var á Austfjörðum árið 2012 var 19,7% af heildarafla á landinu.
- Aflamark sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 var 10,7% af úthlutuðu aflamarki í þorskígildum.
- Útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Austfjörðum var u.þ.b. 46 milljarðar sem gerir 17,3% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2012 og 7,3% af heildar útflutningsverðmæti Íslands það ár.
- Sjávarútvegsfyrirtækin á Austfjörðum borguðu u.þ.b. 4,5 milljarða í opinber gjöld árið 2012, þar af borguðu þau u.þ.b. 9% af tekjusköttum lögaðila á landinu það ár.
- Niðurstöður benda til þess að verðmætasköpun sé meiri í sjávarútvegi á Austfjörðum en í sjávarútvegi á landsvísu og hefur framleiðni meira en tvöfaldast þar frá árinu 2005 og er hún 15% meiri þar en í sjávarútvegi á landsvísu.
- Um 620 manns störfuðu beint við sjávarútveg á Austfjörðum árið 2012 sem er 13,2% af störfum á Austfjörðum og nemur það 6,8% af þeim sem störfuðu beint við sjávarútveg í landinu það ár.
- Í heild voru 3.400 til 4.700 störf í íslenska hagkerfinu vegna starfsemi sjávarútvegs á Austfjörðum árið 2012.



netto

Kræsingar & kostakjör



-23%

**HUMAR**
2 KG ASKJA
**VERÐ PER 2 KG ÖSKJU**
~~VERÐ ÁÐUR 8.989,-~~

**6.922,-**

## SLÁÐU Í GEGN Í GARÐVEISLUNUM Í SUMAR OG BJÓÐDU UPP Á DÁSEMDAR HUMAR!



-33%

**HUMAR**
ÁN SKELJA 1 KÍLÓ
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 5.968,-~~

**3.999,-**

# HUMAR-SUMAR-SALAT

**1 kg humar, án skeljar**
**klípa af smjöri**
**3-4 hvítlauksrif, smátt söxuð**
**2 msk. timjan og/eða steinselja, saxað**
**1 avókadó**
**1 mangó**
**melónubitar (helst cantaloupe, appelsínugult kjöt)**
**grænt salat, t.d. klettasalat, spínat**
**graslaukur**
**handfylli bláber**
**salt og grófmalaður pipar**

Hitið hvítlaukinn í smjörinu á pönnu og bætið síðan timjani og/eða steinselju út á og síðan humrinum. Eldið humarinn í nokkrar mínútur og takið af hitanum, saltið og piprið. Skerið avókadó, mangó og melónu í fallega bita. Setjið salatið í stóra skál og raðið ávöxtunum fallega ofan á. Bætið humrinum ofan á (en síið soðið fyrst af), klippið graslauk yfir og sáldrið blá-berjum ofan á í lokin. Dreypið ríkulega af dressingunni yfir allt þegar salatið er borið fram.
Gott er að hafa hvítlauksbrauð með.

**Dressing:**
**3 msk. ólífuolía**
**3 msk. sítrónusafi**
**1 tsk. dijon sinnep**
**3 hvítlauksrif, marin**
**1 -2 msk. saxað timjan og/eða steinselja**
**salt og grófmalaður pipar**



**HUMAR**
SKELBROT 1 KG
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 3.989,-~~

**2.992,-**

-25%

## HEIMURINN




### Vígamenn hörfa frá Líbanon

**1** **LÍBANON** Hluti þeirra sýrlensku uppreisnarmanna sem náðu bænum Arsal í Líbanon á sitt vald í síðustu viku hefur nú yfirgefið bæinn. Sólarhrings vopnahléi var lýst yfir á svæðinu í gær en fyrri tilraunir til vopnahlés hafa farið út um þúfur. Stjórnvöld í Sádi-Arabíu hyggjast veita einn milljarð Bandaríkjadala til að styrkja líbanska herinn í baráttunni við vígamennina. Tugþúsundir almennra líbanskra borgara og sýrlenskra flóttamanna eru fastir í borgum og bæjum á bardagasvæðinu.

### Hryðjuverkaárás í Bagdad

**2** **ÍRAK** Tvær bílsprengjur sprungu í Bagdad í hverfi sem er að mestu byggt sjítum í gærkvöldi. Samkvæmt íröskum yfirvöldum létust 27 í árásunum. Hryðjuverkasamtökin ISIS hafa verið í mikilli sókn í norðurhluta Íraks en þau náðu borginni Mósúl undir sína stjórn fyrr í sumar. ISIS-samtökunum er stýrt af súnnítum.

### Coulson kærður fyrir meinsæri

**3** **BRETLAND** Andy Coulson, fyrrverandi ritstjóri breska blaðsins News of the World, hefur verið kærður fyrir að ljúga í réttarsal. Coulson bar vitni í réttarhöldum yfir skoska þingmanninum Tommy Sheridan. Fyrr í sumar var Coulson dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir símhleranir News of the World. Blaðið hleraði síma fjölda þekktra einstaklinga. Coulson var einn ráðgjafa Davids Cameron, forsætisráðherra Bretlands, en Cameron rak Coulson úr starfi vegna hlerunarmálsins.

### Havaí í hættu

**4** **BANDARÍKIN** Íbúar á Havaí búa sig nú undir tvo hitabeltisstorma sem riðið gætu yfir eyjaklasann á næstu dögum. Vatn, klósettpappír og aðrar nauðsynjar hafa rokið úr hillum verslana og óttast eyjaskeggjar hið versta. Óalgengt er að stormar eða fellibyljir ríði yfir eyjarnar. „Havaí er lítið skotmark í stóru hafi," sagði Eric Lau, veðurfræðingur bandarísku veðurstofunnar á Honolúlú. Aðeins þrír hitabeltisstormar hafa farið yfir eyjarnar frá árinu 1950.

## Verk Errós tekur á sig mynd í Breiðholti



**TÍMINN NÝTTUR** Það hefur viðrað vel í höfuðborginni undanfarna daga. Þau Helgi Grétar Kristinsson, Arnar Óskarsson, Unnur Malín Sigurðardóttir og Ævar Örn Bragason nýttu tímann til að mála verk eftir Erró á vegg hússins við Álftahóla 4-6 í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ /GVA




Tiguan Sport & Style Diesel 2.0 TDI
á freistandi tilboði:
6.750.000 kr.
Þú sparar 715.000 kr.

Nú bjóðum við Volkswagen Tiguan Sport & Style drekkhlaðinn af sportbúnaði,
á freistandi tilboði sem erfitt er að standast. Komdu og reynsluaktu þessum frábæra bíl.
Það kæmi okkur ekki á óvart ef þú vildir taka hann með þér heim eftir rúntinn.

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# ÚTSALA

REYKJAVÍK - AKUREYRI

**20-50%** AFSLÁTTUR



Rafmagnsrúm frá: 253.400.-

**NAPCO** Heilsurúm
Með höfðagafli (160x200cm)

50% AFSLÁTTUR
Verð: 134.700.-



160x200cm án höfðagafls

**MEDILINE** Heilsurúm
Íslenskt hugvit og hönnun

20% AFSLÁTTUR
Verð: 154.160.-



140x195 cm

**MINIMAL** Svefnsófi
Margir litir

120.000.- kr. AFSLÁTTUR
Verð: 178.800.-



160x200cm án höfðagafls

**STARLUX** Heilsurúm
Margir litir

30% AFSLÁTTUR
Verð: 98.770.-

**30%** AFSLÁTTUR

## FRÁBÆRT ÚRVAL BAÐVARA

HANDKLÆÐI - BAÐMOTTUR - ILMKERTI - SÁPUR - WC BURSTAR - OFL.



Þú svífur í draumaheim með Thermofit

**THERMOFIT** Heilsukoddar
**Tilboð: 10.430.-**
Fullt verð: 14.900.-



Tvennutilboð

**CEASAR** Ofnæmisprófað
Koddi og sæng úr microfiber
**Tilboð: 9.600.-**



Frábært úrval - margar gerðir

**MAKRO SATIN** Sængurver
**30% AFSLÁTTUR**



**Síðumúla 30** - Reykjavík | Sími 533 3500
**Hofsbót 4** - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Fuglafræðingur segir að harðæri ríki hjá öndunum á Tjörninni og löngu sýnt að þær þrífist engan veginn án inngrips:

# Þrjár af sex andartegundum á Tjörninni að deyja út

**DÝRALÍF** Endur eiga verulega erfitt uppdráttar á Reykjavíkurtjörn og ljóst að flestar andartegundir deyja út ef ekkert er að gert.

Þetta segir Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hann hefur nýlokið talningu þar og þó að hún komi aðeins skár út en í fyrra er ekki mikið tilefni til kæti.

Sex andartegundir verpa á Tjörninni en þar af eru þrjár við það að deyja út; duggönd, gargönd og æður. Ástæðurnar eru margar, til dæmis afrán frá hrafni og köttum, mávar gleypa síðan unga, varpland skreppur saman í Vatnsmýrinni og svo er fæðuskortur og samkeppni við aðgangsharða mávana erfið.

Gleðitíðindin eru þó þau að urtönd hefur orpið á Tjörninni en það er í fyrsta sinn sem það gerist. Hún er þó árlegur gestur þar að vetrartíma.

Ólafur Karl segir þó að helstu gleðitíðindin séu þau að borgaryfirvöld hafi látið af afskiptaleysisstefnu sinni í þessum málum en hún myndi ganga af þessu fuglalífi dauðu. Þessi nýja stefna birtist til dæmis í því að þrjátíu æðarungum var sleppt í Vatnsmýrinni í sumar og er fæði komið til þeirra nú, þótt markmiðið sé að þeir lifi sem villtir fuglar í framtíðinni. **- jse**

**Fjöldi kolla**

| | 1980 | 2014 |
|---|---|---|
| Æður | 110 | 6 |
| Duggönd | 50 | 6 |
| Gargönd | 23 | 1 |



**FUGLALÍF Á TJÖRNINNI** Það er ekki sjálfgefið að fuglalíf kryddi mannlífið í miðborg Reykjavíkur.



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Vel fór á með forsetanum fyrrverandi og eiginkonum afrískra þjóðarleiðtoga á fundinum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

George W. Bush yngri fundaði með afrískum áhrifakonum:

## Makar þjóðarleiðtoga hittust

**BANDARÍKIN George W. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, sat á meðal eiginkvenna afrískra þjóðarleiðtoga á makaráðstefnu sem fram fór í gær. Verndari ráðstefnunnar var Michelle Obama, forsetafrú Bandaríkjanna, og Laura Bush, fyrrverandi forsetafrú. Á ráðstefnunni var fjallað um áhrif maka á stjórnarhætti þjóðarleiðtoga. Einnig var rætt um samstarf opinberra aðila og einkaaðila á sviði menntunar, heilbrigðismála og efnahagsmála. - jhh**

Ný myndskeið lýsa hryllingi:

## Aftökur án dóms og laga

**MANNÚÐARMÁL** Samtökin Amnesty International segja að hrylllileg myndskeið, ljósmyndir og vitnisburðir sem samtökin hafi tekið saman varpi ljósi á ný sönnunargögn um stríðsglæpi, þar á meðal aftökur án dóms og laga og önnur alvarleg mannréttindabrot í Norðaustur-Nígeríu, á meðan barátta hersins gegn Boko Haram og öðrum vopnuðum hópum stigmagnast.

Þau segja að myndskeiðin, sem fengin voru með hjálp fjölmargra heimildarmanna í ferð til Bornofylkis, afhjúpi ljóslifandi sönnunargögn um fjölmarga stríðsglæpi sem eiga sér stað í Nígeríu. **- jhh**

Hugsjónamaður fallinn frá:

## Barðist hart gegn tóbaki

**BANDARÍKIN** Einn þekktasti baráttumaður gegn tóbaksnotkun, læknirinn Jesse Steinfeld, lést í fyrradag. Hann var 87 ára að aldri. Steinfeld er þekktastur fyrir að vera fyrsti skurðlæknirinn sem var rekinn úr starfi eftir að hafa barist gegn tóbaksneyslu í Bandaríkjunum. Hann fékk heilablóðfall fyrir mánuði og dvaldi á hjúkrunarheimili þegar hann dó. Susan Steinfeld, dóttir Jesse, segir við AP-fréttastofuna að faðir hennar hafi lagt grunninn að betra lífi almennings og gert heiminn betri. Hann var aðalskurðlæknir Nixons og það var forsetinn sem rak hann úr embætti. **- jhh**



**FJÁRHÚSARÚST** Fornleifafræðingarnir segja að hætta sé á að minjavarsla fari marga áratugi aftur í tímann. MYND/AÐSEND

# Segja Minjastofnun fara á skjön við lög

Átta fornleifafræðingar gagnrýna Minjastofnun Íslands harðlega. Stofnunin sinni verkefnum sem eigi að vera á hendi sjálfstætt starfandi fornleifafræðinga án þess að taka gjald fyrir. Opinberar stofnanir geti ekki haft eftirlit með sjálfum sér.

**STJÓRNSÝSLA** Átta fornleifafræðingar gagnrýna vinnubrögð Minjastofnunar harðlega, sem þeir segja á skjön við bæði stjórnsýslu- og samkeppnislög.

Dr. Bjarni F. Einarsson, framkvæmdastjóri Fornleifafræðistofnunar, segir í samtali við Fréttablaðið að Minjastofnun sé í „Indiana Jones-leik“ hér og þar um landið. Fornleifafræðingarnir átta segja Minjafræðistofnun taka að sér verkefni við fornleifarannsóknir sem stofnunin eigi aðeins að hafa eftirlit með og gefa leyfi fyrir, auk þess sem stofnunin sé umsagnaraðili í skipulagsmálum og málum er lúta að mati á umhverfisáhrifum. Þessi verkefni eigi ekki að vera á hendi stofnunarinnar heldur sjálfstætt starfandi fornleifafræðinga.

Bjarni segir að það geti vart talist eðlileg stjórnsýsla að Minjastofnun taki að sér verkefni sem eigi að vera sinnt af fornleifafræðingum á markaði, enda geti hún ekki haft eftirlit með sjálfri sér. „Þetta hefur að okkar mati þær afleiðingar að minjavarslan fer marga áratugi aftur í tímann. Minjastofnun getur ekki gert neinar kröfur til sjálfrar sín, það er engin skýrslugerð, það er engin eftirfylgni, og hún hefur eftirlit með sjálfri sér sem er öllum skaðlegt,“ segir Bjarni.

Í grein sem hópurinn birtir á Vísi í dag segir að vitað sé um dæmi þar sem framkvæmdaaðilum hafi verið mismunað án nokkurrar sýnilegrar ástæðu. Sumir hafi fengið þjónustu frá Minjastofnun sér að kostnaðarlausu en aðrir hafi þurft að ráða til sín þjónustu fornleifafræðinga á markaði og greitt fullt og eðlilegt verð fyrir. Þegar sams konar aðilar, sams konar mál, fái mismunandi meðferð hjá opinberri stofnun sé ekki gætt að jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Þeir segja að ef fram heldur sem horfir muni þessi stefna Minjastofnunar gera út af við íslenska fornleifafræði eins og hún hefur þróast síðastliðna áratugi.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. **fanney@frettabladid.is**



**„Þetta hefur að okkar mati þær afleiðingar að minjavarslan fer marga áratugi aftur í tímann.**

*Dr. Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur*




Húsnæðismál, barnaverndarmál og fæðingarorlofsmál á þingi fyrir jól:

# Stór mál eru væntanleg í haust

**STJÓRNMÁL** Alþingi verður sett þann 9. september og er málaskrá ríkisstjórnarinnar í vinnslu. Ljóst er að miklar breytingar verða á húsnæðiskerfinu, velferðarþjónustunni og tekið verður á umgengni á ferðamannastöðum svo eitthvað sé nefnt.

Haustþingið hefst annan þriðjudag í septembermánuði og er vinnsla stóru málanna í fullum gangi hjá ríkisstjórninni. Málaskrár eru enn ekki fullbúnar og tæmandi en sumt er þó þegar ákveðið.

Ýmis mál urðu út undan á síðasta þingi. En að frátöldu fjárlagafrumvarpinu snúast stærstu þingmál stjórnarinnar sem þegar eru ljós um meiriháttar endurskipulagningu í húsnæðismálum. Þar má nefna ný húsnæðislánafélög, lög um húsaleigu og húsnæðissamvinnufélög verða innleidd sem og nýtt húsnæðisbótakerfi. Endurskoðuð verða lög um greiðsluaðlögun einstaklinga og vegna yfirskuldsettra fasteigna. Þá eru boðaðar miklar breytingar á barnaverndarmálum og yfirstjórn þeirra og málefnum fjölskyldna, svo sem fæðingarorlofsmála. Stór og umdeild mál koma aftur inn í þingið. Endurskoðuð náttúruverndarlög verða lögð fram, sem taka meðal annars á umgengni og gjaldtöku á ferðamannastöðum, og í þeim á að skapa sátt um þá staði sem falla undir svokallaðan almannarétt. **- lb**



**SÁTTIR** Það bíður forseta Alþingis ærið verkefni á næsta þingi enda mörg umdeild mál sem bíða.

Pútín svarar refsiaðgerðum Bandaríkjanna og Evrópusambandsins með mótaðgerðum:

# Takmarkar innflutning á matvælum

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur skipað svo fyrir að innflutningur á matvælum og landbúnaðarvörum frá Evrópusambandsríkjum og Bandaríkjunum verði bannaður eða takmarkaður í eitt ár.

Þetta eru viðbrögð hans við refsiaðgerðum Bandaríkjanna og ESB vegna afstöðu Rússa til átakanna í Úkraínu. Fátt bendir þó til þess að innflutningstakmarkanirnar eigi að verða mjög víðtækar, enda eru Rússar mjög háðir innflutningi á matvælum.

Bandaríkin og ESB hafa sakað Rússa um að kynda leynt og ljóst undir ólgunni í austanverðri Úkraínu. Meðal annars eru Rússar sagðir hafa útvegað uppreisnarmönnum, sem eru hliðhollir Rússlandi, bæði vopn og sérfræðiaðstoð.

Bæði ESB og Bandaríkin hafa samþykkt refsiaðgerðir gegn Rússum, nú síðast aðgerðir sem beinast ekki að tilteknum einstaklingum heldur heilum atvinnugeirum. Refsiaðgerðirnar eru þegar farnar að bitna á efnahagsástandinu í Rússlandi, en gætu sem hægast komið niður á efnahagsástandinu á Vesturlöndum líka vegna samdráttar í viðskiptum við Rússland.

Ekkert lát er á hörðum átökum í Úkraínu. Í gær gerði Úkraínuher í fyrsta sinn loftárás á borgina Dónetsk, sem uppreisnarmenn hafa haft á valdi sínu mánuðum saman. - gb



**VLADIMÍR PÚTÍN RÚSSLANDSFORSETI** Tilkynnti um mótaðgerðir gegn refsiaðgerðum Vesturlanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FAGUR HIMINN** Kveikt verður á Friðarsúlunni á morgun.

Minningarstund í kvöld:

## Látinna barna á Gasa minnst

**SAMFÉLAGSMÁL** Minningarstund verður haldin í Viðey í kvöld. Ljós Friðarsúlunnar verður tendrað í minningu þeirra barna sem látið hafa lífið á síðustu vikum í hinum skelfilegu árásum sem lagt hafa samfélagið á Gasa í rúst.

Friðarsinninn og listamaðurinn Yoko Ono tilkynnti fyrir nokkrum dögum að kveikt yrði á Friðarsúlunni af þessu tilefni og mun ljósið loga yfir nóttina. Í tilkynningu frá Yoko Ono segir: „Við erum öll harmi slegin yfir því að svo mörg saklaus börn hafa látið lífið í átökum Ísraels og Palestínu. Með þeirri von að ofbeldinu linni tafarlaust mun ljós Friðarsúlunnar verða tendrað þann 7. ágúst næstkomandi,“ segir í tilkynningu Ono. - jhh

Bókasafnið vill efla samstöðu:

## Hinsegin bækur á Seltjarnarnesi

**SAMFÉLAGSMÁL** Í tilefni Hinsegin daga mun bókasafn Seltjarnarness bjóða gestum að kynna sér fjölbreytt úrval bóka og myndbanda um samkynhneigða.

„Við höfum fundið til efni sem varpar ljósi á hinsegin fólk frá ýmsum sjónarhornum. Ýmist skáldsögur, ævisögur, myndbönd, tímarit eða fræðsluefni,“ segir Soffía Karlsdóttir, sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs bókasafns Seltjarnarness.

„Þetta er kjörið tækifæri til að stilla upp þessum bókmenntum sem eru alla jafna ekki mikið frammi,“ bætir Soffía við. - ih



**HLAUPIÐ** Þúsundir Íslendinga hlaupa á ári hverju í Reykjavíkurmaraþoni FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

Styttist í Reykjavíkurmaraþon:

## Stefnir í nýtt þátttökumet

**HEILSA** Alls hafa 7.880 skráð sig til þátttöku í Reykjavíkurmaraþoni, sem fram fer 23. ágúst. Það er um 7 prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra. Í tilkynningu segir að metfjöldi stefni á þátttöku í maraþoni en 1.037 hafa nú skráð sig. Gamla þátttökumetið var sett í fyrra þegar 977 skráðu sig. Í fréttatilkynningu frá ÍBR og Reykjavíkurmaraþoni segir að 10 kílómetra vegalengdin sé sem fyrr vinsælasta vegalengdin, en rúmlega helmingur skráðra þátttakenda stefnir á að hlaupa þá vegalengd eða 4.103. - jhh





## MacBook Air

11" verð frá **159.990** kr.

13" verð frá **179.990** kr.

# Lærðu af









### SeeThru Satin hlíf

Örþunn og gegnsæ tölvuhlíf.
Fæst í svörtu, glæru og bleiku.

Verð **5.990** kr.

### Sling Sleeve taska

Nett og handhæg taska
frá Incase fyrir fartölvuna.

Verð **9.990** kr.

### LaCie Porsche USB3

500GB diskur sem styður
háhraða USB3 og 2. Mac/PC.

Verð **12.990** kr.

### Bluetooth talnaborð

Lauflétt, þráðlaust talnaborð
fyrir Mac, PC, iPad o.fl.

Verð **8.490** kr.



MacBook Pro

13" verð frá **199.990** kr.



MacBook Pro Retina

13" verð frá **239.990** kr.

15" verð frá **349.990** kr.

# reynslunni











## Nifty MiniDrive

Bættu auka geymsluplássi við 13" MacBook Air.

Verð **6.990** kr.

## Ghost Stand

Gegnsær standur sem lyftir MacBook á hærri stall.

Verð **12.990** kr.

## Aviator heyrnartól

Áheyrileg heyrnartól frá Skullcandy, með Mic3.

Verð **26.990** kr.

## Office skólaútgáfa

Inniheldur eitt leyfi fyrir Word, Excel og PowerPoint.

Verð **24.990** kr.

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

NÝHERJI

Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri / nyherji.is/skolatolvur

Græjaðu skólann!

Allt sem námsmaðurinn þarf

Lenovo Yoga 2 13,3"
**Verð: 154.900 kr.**



Spjald- eða fartölvu? Sameinaðu kosti beggja með einni græju.

360°

Lenovo G50 15,6"
**Verð: 54.900 kr.**



Stílhrein námstölva á frábæru verði.

Lenovo Yoga 10" HD+
**Verð: 51.990 kr.**



Skærasta stjarnan á svæðinu. Með innbyggðum standi.

18 klst.

**NEYTANDINN** Salka Sól Eyfeld

## Notuð harmónika reyndist kjarakaup

„Bestu kaup sem ég hef gert er notuð harmónika af Barnalandi sem ég lærði sjálf að spila á," segir útvarps- og tónlistarkonan Salka Sól Eyfeld. Salka er einn af meðlimum hljómsveitarinnar Amaba Dama sem slegið hefur í gegn í sumar með laginu Hossa hossa.

„Ég er rosa glöð með að hafa keypt hana. Ég er búinn að nota hana svo mikið, meðal annars á plötu með



hljómsveitinni Útidúr og í útvarpi og sjónvarpi," segir Salka, sem greiddi 25 þúsund krónur fyrir harmonikkuna.

Salka hafði lítið fyrir því að læra á hljóðfærið. „Ég spilaði á hana á tónleikum með Útidúr viku eftir að ég keypti hana. Dagarnir fram að tónleikunum fóru í að spila fyrir framan spegilinn og læra af Youtube-myndböndum. Eftir tónleikana fór ég alveg á fullt að æfa mig," segir Salka.

-ih

# Íslenskt grænmeti komið í verslanir

Formaður Sölufélags garðyrkjumanna segir að nú sé hægt að fá allar tegundir íslensks grænmetis í verslunum. Formaður Samtaka grænmetisæta á Íslandi er ánægður með að fá loksins ætt grænmeti því hið erlenda geti verið æði misjafnt.

„Það er allt komið en í mismiklu magni," segir Gunnlaugur Karlsson, formaður Sölufélags garðyrkjumanna, um framboðið á íslensku grænmeti í verslunum.

Nú er sá tími ársins sem hægt er að kaupa allar tegundir af fersku íslenskt grænmeti.

„Ágúst er stóri uppskerumánuðurinn. Gulræturnar eru að fara að detta inn. Framboð af kartöflum kemst í alvöru hámark eftir næstu viku. En það er alltaf áhætta á meðan þetta er í jörðinni enn þá," segir Gunnlaugur.

Hann segir alltaf ákveðnar sveiflur í vinsældum tegunda. „Það eru tískubylgjur í þessu. Grænkálið er svolítið í tísku núna. Fólk er bæði að steikja það á pönnu og borða það ferskt."

Hjá garðyrkjubændum kennir ýmissa grasa og segir Gunnlaugur að alltaf séu að bætast við nýjungar. „Hnúðkál er skemmtileg nýjung sem bættist við fyrir tveimur, þremur árum. Það er stór hópur sem sækir í þetta á hverju ári. Svo er sæt paprika nýjung hjá okkur, hún er ílöng og bragðgóð. Við höfum líka verið að auka framboð á kryddjurtum í pottum."

Gunnlaugur segir að allur gangur sé á því hvort íslenskt grænmeti sé dýrara en erlent. „Það eru bæði dæmi um grænmeti sem er ódýrara og dýrara, sumt er meira að segja mun dýrara en það fer allt eftir tegundum."

Grænmetisneysla Íslendinga hefur aukist síðustu ár en betur má ef duga skal að mati Gunnlaugs. „Við þurfum að tvöfalda neysluna á grænmeti til að ná manneldismarkmiðum. Þetta er stórt heilsufarsspursmál. En þetta er allt á leiðinni. Þetta verður kannski komið eftir áratug."

Gunnlaugur segir verslunareigendur sífellt verða meðvitaðri um kosti fersks grænmetis. „Það er ákaflega ánægjulegt hve mjög íslenskir kaupmenn kappkosta að bjóða upp á grænmeti."



SIGVALDI JÓNSSON

Einn þeirra er Úlfur Eggertsson, verslunarstjóri Víðis í Skeifunni. Úlfur segir starfsmenn Víðis finna fyrir miklum áhuga neytenda á íslensku grænmeti. „Það er mjög mikið hringt og spurt. Það myndast hálfgerð markaðsstemning hjá okkur á þessum tíma. Sérstaklega þegar kartöflurnar koma," segir Úlfur og bætir við að allar tegundir íslensks grænmetis séu nú komnar í verslanir Víðis.

„Við dönsum af gleði," segir Sigvaldi Jónsson, formaður Samtaka grænmetisæta á Íslandi, um að ferskt, íslenskt grænmeti sé nú að koma inn í verslanir.

„Það verður gott að fá grænmeti sem telst nægilega gott til átu," segir Sigvaldi sem verður oft fyrir vonbrigðum með erlent grænmeti í verslunum hér á landi. „Grænmetið er rosalega misjafnt, stundum fær maður vöru sem dugar ekki í sólarhring í ísskáp. En sumar verslanir eru betri en aðrar," segir Sigvaldi.

ingvar@frettabladid.is



**KENNIR ÝMISSA GRASA** Gunnlaugur Karlsson, formaður Sölufélags garðyrkjumanna, segir hnúðkál eiga sér dyggan aðdáendahóp hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það eru tískubylgjur á í þessu. Grænkálið er svolítið í tísku núna. Fólk er bæði að steikja það á pönnu og borða það ferskt.**
>
> *Gunnlaugur Karlsson, formaður Sölufélags garðyrkjumanna*

# Brostu!

SAMSUNG SETRIÐ **ORMSSON**

# SPARIDAGAR 2014

## eru byrjaðir

Spari dagar

**TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!**

*Það er at,
það er annríki
og það er gaman
á Ormsson lagernum
á SPARIDÖGUM
- allt í þína þágu.*



**25% AFSLÁTTUR**
AEG
kaffivélar, brauðristar, blandarar, töfrasprotar, hraðsuðukönnur, straujárn, espressovélar o.m.fl.

**22% AFSLÁTTUR**
AEG
þvottatæki, kæliskápar, ofnar, helluborð, viftur, gufugleypar, ryksugur o.m.fl.

## Allar vörur á SPARIDÖGUM frá

AEG · SAMSUNG · Tefal · Pioneer
ZANUSSI · Haier · SHARP · OLYMPUS · Nintendo · Verbatim · brabantia

**SAMSUNG** NP275E5E-K01SE
15.6" skjár
AMD Dual-Core örgjörvi
500 GB HDD
4 GB vinnsluminni
Sparidagaverð: **84.900**

Hágæða hljómflutningstæki
**SAMSUNG**
**25% afsláttur**
Bluetooth

**SAMSUNG** UE48H5005
LED sjónvarp
TILBOÐSVERÐ 40" **129.900**
TILBOÐSVERÐ 48" **159.900**

**SHARP** LC39LE751
3D · LED sjónvarp
~~189.900~~
TILBOÐSVERÐ 39" **129.900**

**SPEEDLINK** TÖLVUAUKAHLUTIR
USB MÚS **1.290**
USB HUB 4PORTA **1.990**
TÖLVU MÍKRAFÓNN **1.190**
ÍSL. LYKLABORÐ **2.690**
ÞRÁÐLAUS MÚS **2.890**
**25% afsláttur**

## SPILAÐ ← SKILAÐ

**Notaðir tölvuleikir**
**Kaupir 4 og borgar fyrir 2**
**Færð tvo ódýrustu frítt**

**Nintendo** 2DS
Leikjatölva · þrír litir
~~29.900~~ TILBOÐSVERÐ **24.900**

**Pioneer** X-SMC00
iPod vagga · hvít og svört
~~39.900~~ TILBOÐSVERÐ **29.900**

## ÚTSÖLUMARKAÐUR

**Allt að 90% afsláttur!**
**Síðustu eintök, sýnishorn ofl.**
**Flott vara – Fáránlegt verð!**

**Pioneer** · **Skullcandy**
**30% afsláttur**

**CELESTRON** Astromaster 70AZ
Stjörnusjónauki
~~24.900~~ TILBOÐSVERÐ **17.900**

**Pioneer** DEH-1600
FLOTT BÍLTÆKI
~~22.900~~ TILBOÐSVERÐ **16.900**

*Komdu og gerðu frábær kaup!* **ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**

Enn þá eru erfiðleikar í efnahagslífinu á Ítalíu:

## Hagvöxtur hefur dregist saman

Landsframleiðsla á Ítalíu hefur dregist saman tvo ársfjórðunga í röð. Samkvæmt skilgreiningu þýðir það kreppuástand í efnahagslífinu. Á öðrum fjórðungi ársins dróst landsframleiðsla saman um 0,2 prósent en á fyrsta ársfjórðungi dróst landsframleiðsla saman um 0,1 prósent. Djúp kreppa ríkti á Ítalíu fram að fjórða ársfjórðungi árið 2013.

Tölur um minnkandi landsframleiðslu í landinu höfðu mikil áhrif á hlutabréfamarkaðinn og hafa bréf lækkað nokkuð í Kauphöllinni í Mílanó í gær. -jhh



**Í RÓM** Ferðamenn svipast um á Spænska torginu í Róm. NORDICPHOTOS/AFP

Fjárfestar forða sér eftir afkomuviðvörun og brotthvarf forstjórans í gær:

## Hlutabréf African Bank hríðfalla

African Bank Investments sendi frá sér afkomuviðvörun til Kauphallarinnar í Jóhannesarborg í Suður-Afríku í gær þar sem varað var við því að tap ársins hjá bankanum gæti orðið allt að 7,6 milljarðar randa (81,4 milljarðar íslenskra króna). Þá var frá því greint að stofnandi og forstjóri bankans, Leon Kirknis, hefði látið af störfum.

Greint var frá því að bankinn ætlaði að leita hlutafjáraukningar upp á 8,5 milljarða randa, í kjölfar hlutabréfasölu upp á 5,5 milljónir randa í desember síðastliðnum, að því er fram kemur í umfjöllun Bloomberg.

Bankinn er stærsti veitandi smálána og lána án veðs í Suður-Afríku. Vandræði hans hófust í mars í fyrra þegar Fjármálaeftirlit Suður-Afríku sagði bankann hafa staðið í glannalegum lánveitingum. Bankinn þurfti þá að falla frá ráðagerðum um að afla 300 milljóna Bandaríkjadala (34,6 milljarða króna) á erlendum fjármálamörkuðum. -óká



**FALLANDI GENGI** Hlutabréf African Bank Investments féllu um tæp 60 prósent í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ







**ÁNÆGÐIR MEÐ TEMPOIÐ** Ágúst Sigurðsson, framkvæmdastjóri TM Software, og Pétur Ágústsson, markaðs- og sölustjóri Tempo hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Sala TM Software á Tempo margfaldast

Viðskiptavinir TM Software vegna sölu á Tempo-hugbúnaði yfir netið eru nú yfir 5.000 talsins í meira en 100 löndum. Framkvæmdastjóri TM Software býst við að fyrirtækið haldi áfram að tvöfalda söluna milli ára. Selja á fyrir 700 milljónir í ár.

„Við höfum verið að tvöfalda söluna á hverju ári og reiknum með að geta haldið því áfram,“ segir Ágúst Einarsson, framkvæmdastjóri TM Software, um rífandi gang sem verið hefur í Tempo-hugbúnaði fyrirtækisins.

Áætlanir TM Software gera ráð fyrir að á þessu ári verði seldur Tempo-hugbúnaður fyrir um 700 milljónir króna sem er 75 prósentum yfir sölu síðasta árs og nærri þreföld sala ársins 2012.

Þá kom fram í tengslum við hálfsársuppgjör Nýherja, móðurfélags TM Software, undir lok síðasta mánaðar, að á milli ára hefði á þessu ári verið 86 prósenta vöxtur í erlendum tekjum hjá TM Software. „Þessi vöxtur Tempo er okkur afar mikilvægur, allar þær tekjur eru erlendar,“ var þá haft eftir Finni Oddssyni, forstjóra Nýherja, sem sagði að vegna þessa væri tæpur helmingur veltu TM Software í erlendri mynt.

Tempo-hugbúnaður TM Software er verkfæri fyrir hugbúnaðarfyrirtæki til verkefnastjórnunar eftir agile-hugmyndafræði sem rutt hefur sér til rúms í upplýsingatæknigeira. Hugbúnaðurinn er viðbót við ástralskan hugbúnað frá fyrirtæki sem nefnist Atlassian. Sá hugbúnaður selst nú „eins og heitar lummur“ út um allan heim, að sögn framkvæmdastjóra TM Software.

„Við bætum mjög mikilvægri virkni inn í þann hugbúnað og það hjálpar okkur mjög mikið í allri sölumennsku að vera svona nálægt þeim og höfum nú síðastliðin tvö ár verið með söluhæstu viðbótina ofan á þeirra vöru,“ segir Ágúst. Viðskiptamódelið sé aðeins öðru vísi en gengur og gerist, horft sé til sölu yfir internetið þar sem auðvelt sé að hlaða búnaðinum niður. Hugbúnaðurinn sé hafður tiltölulega ódýr, en horft til sölu á heimsmarkaði og reynt að selja sem flest leyfi. „Við erum komnir með yfir 5.000 viðskiptavini í yfir 100 löndum og fylgjum mjög vel eftir útbreiðslu Atlassian, sem eru komnir með yfir 25.000 leyfi.“

Samfara örum vexti segist Ágúst gera ráð fyrir því að fyrirtækið haldi áfram að bæta við sig fólki, en núna starfa 40 til 45 starfsmenn hjá TM Software. „Við erum búin að ráða mikið á þessu ári,“ segir hann og kveður frekari ráðningar á döfinni á næsta ári. „Við tvöföldum kannski ekki starfsmannafjöldann eins og söluna, en vöxum líka hratt á næsta ári,“ segir hann og telur líklegt að salan á Tempo fari þá yfir milljarð króna.

Þá segir Ágúst fyrirtækinu ganga vel að ráða til sín starfsfólk, en heyrst hefur úr upplýsingatæknigeiranum að hörgull sé á tæknimenntuðu starfsfólki. „Við ráðum mikið af ungu fólki og stærri árgangar sem eru að koma út úr skólum núna.“ Eins segir Ágúst að skili sér samstarf við háskólana þar sem fólk hafi unnið lokaverkefni sín hjá TM Software og vilji gjarnan halda áfram að vinna hjá fyrirtækinu í framhaldinu. „Svo hafa margir áhuga á að vinna við að þróa vöru sem seld er á alþjóðlegan markað.“

olikr@frettabladid.is

### Margmilljarðamæringar fyrir fertugt

**METVIRÐI STOFNENDANNA** Á þessu ári fór metið „virði“ stofnenda Atlassian-hugbúnaðarfyrirtækisins ástralska, þeirra Scotts Farquhar og Mikes Cannon-Brookes, yfir 1,1 milljarð Bandaríkjadala (127 milljarða króna) hjá hvorum þeirra á BRW Rich 200 listanum. Félagarnir eru 34 ára gamlir, vinir síðan í háskóla og stofnuðu fyrirtæki sitt af vanefnum eftir útskrift árið 2002.

**HRAÐUR VÖXTUR** Núna starfa nærri þúsund manns hjá Atlassian og tekjur á nýliðnu rekstrarári námu um 200 milljónum dala (23,1 milljarði króna). Í farvatninu er svo skráning fyrirtækisins á markað í Bandaríkjunum.

**ÞEKKTIR VIÐSKIPTAVINIR** Á meðal fyrirtækja sem notast við hugbúnað Atlassian eru Facebook, Hulu, eBay, Zinga, Twitter, Adobe, Cisco, Netflix, LinkedIn, Apache, Nasa, Audi, og Virgin Media.

### ➜ Tempo-salan hjá TM Software




*Áætlun TM Software




ANTON&BERGUR

Flott markmið en peningana vantar:

# Þversagnakennd Evrópustefna

Jóna Sólveig Elínardóttir alþjóðastjórnmálafræðingur hefur undanfarið skrifað áhugaverðar greinar um Evrópumál í Fréttablaðið. Í einni slíkri sem birtist í gær bendir hún á þversögnina sem felst í því að í svokallaðri Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um stórefida hagsmunagæzlu Íslands á vettvangi EES-samningsins, en um leið leggur stjórnarliðið ofuráherzlu á niðurskurð í utanríkisþjónustunni. (Nema þegar kemur að skipan stjórnmálamanna í sendiherrastöður, mætti bæta við.)

„Þversögnin verður þeim mun vandræðalegri þegar horft er til þess hversu illa Íslandi gengur að innleiða EES-löggjöf," skrifar Jóna. Hún rifjar upp að Ísland stendur sig verst allra EES-ríkjanna í innleiðingu Evrópulöggjafarinnar.

Í byrjun marz var sagt frá því að í lok síðasta árs hefði Ísland enn ekki innleitt 3,2 prósent EES-reglna, samkvæmt yfirliti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Eins og Jóna bendir á þýðir þetta að íslenzkir borgarar og fyrirtæki búa ekki við sama regluverk og gildir í öðrum ríkjum EES. Dráttur á innleiðingu löggjafar leiðir líka til tímafrekra og kostnaðarsamra málaferla fyrir EFTA-dómstólnum.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Stuttu eftir að þessar vondu tölur voru birtar í marz birti ríkisstjórnin „Evrópustefnu" sína, þar sem sett er fram áætlun um að vinna á innleiðingarhallanum, meðal annars til þess að mannskapur stjórnsýslunnar, sem ætti að vera að gæta að hagsmunum Íslands á upphafsstigum löggjafarferlis Evrópusambandsins, losni úr verkefnum vegna tafa á innleiðingu.

Í áætluninni er kveðið á um að á fyrri hluta næsta árs verði „innleiðingarhallinn" kominn undir eitt prósent. Samkvæmt nýjustu tölum, sem birtust í síðasta mánuði, hefur staðan hins vegar ekki skánað mikið; talan lækkar um 0,1 prósentustig.

Í „Evrópustefnunni" eru fleiri metnaðarfull markmið um að gæta hagsmuna Íslands á fyrri stigum löggjafarferlisins, stórfjölga fundum sem ráðherrar og embættismenn sæki í þágu slíkrar hagsmunagæzlu og efla samráðið við hin EFTA-ríkin. Og þar er líka setning um að utanríkisráðherra muni gera tillögur um hvernig megi „styrkja starf einstakra fagráðuneyta og við sendiráð Íslands í Brussel".

Þar stendur hins vegar hnífurinn í kúnni. Undanfarin ár hefur sendiráðið í Brussel verið veikt verulega. Jóna Sólveig bendir á að þar starfi nú aðeins þrír fulltrúar fagráðuneyta. Þeir voru einu sinni sjö til átta. Jóna ber þetta saman við sendiráð Noregs í Brussel, þar sem 30 af 50 starfsmönnum vinna í EES-tengdum málum. Samt er það svo að norsk stjórnvöld telja sig í raun hafa fremur takmörkuð áhrif á löggjöf ESB.

Markmið „Evrópustefnu" ríkisstjórnarinnar hvað EES-samninginn varðar nást ekki nema talsverð vinna, mannskapur og peningar verði sett í málið. Fyrsta verkefnið er að tryggja að Ísland standi sig sem hluti af einsleitu efnahagssvæði þar sem sömu reglur gilda. Í „Evrópustefnunni" er það réttilega sagt varða „ítrustu hagsmuni" íslenzkra einstaklinga og fyrirtækja. Önnur þversögn í málinu er þó sú að slíka einsleitni myndu ýmsir stjórnarliðar kalla „aðlögun" að Evrópusambandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki benda á mig



Þeir Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans, og Þórólfur Guðnason, yfirlæknir sóttvarna hjá Landlæknisembættinu, benda hvor á annan varðandi hver það er innan heilbrigðisgeirans sem ber ábyrgð á reglum sem banna samkynhneigðum karlmönnum að gefa blóð. Forsvarsmenn Hinsegin daga vöktu í fyrradag athygli á þessu misræmi með því að hvetja fólk til að gefa blóð fyrir hönd þeirra sem er það ekki heimilt. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Þórólfur það í höndum Blóðbankans að setja reglur um málið en yfirlæknir Blóðbankans vísaði einfaldlega á heilbrigðisyfirvöld. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra sagði ráðgjafarnefnd um blóðbankaþjónustu fara með málið. Það er ekki skrítið að lítið gerist í þessum málaflokki á meðan helstu yfirmenn í blóðgjafaþjónustu kannast ekki við að koma nokkuð að ákvarðanatöku um hverjir mega gefa blóð.

### Huldunefnd

Umrædd ráðgjafarnefnd um fagleg málefni í blóðbankaþjónustu er einmitt meðal annars skipuð fulltrúa sóttvarnalæknis, af heilbrigðisráðherra og hefur yfirlæknir blóðbanka rétt til setu og þátttöku á fundum hennar.

BLÓÐBANKINN

Nefndin hefur starfað frá árinu 2006 eða í átta ár. Það verður að teljast merkilegt að hvorki yfirlæknir Blóðbankans, yfirlæknir sóttvarna né heilbrigðisráðherra sem rætt var við í gær kannist við ábyrgð sína á umfjöllunarefninu.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Er Vatnajökulsþjóðgarður umhverfissóði í sjálfseyðingu?

UMHVERFISMÁL



**Lárus Elíasson**
framkvæmdastjóri

Helsta ógn mannlífs er án vafa hnattræn hitun og breytingar á umhverfi henni samfara. Við horfum á mikil veðrabrigði, bráðnum jökla, hækkun sjávarborðs og líkindi á pólitískum óstöðugleika.

Ástæða þessa er öllum ljós og óhrakin, en það er losun koltvísýrings og annarra efna sem hafa áhrif á lofthjúp jarðar. Af þessum sökum er t.d. áætlað að Vatnajökull muni hverfa í þeirri mynd sem við þekkjum hann á næstu 100 árum eða svo.

Því kom það á óvart að heyra að það væri ákvörðun Þjóðgarðsins að það mætti ekki kynda með viði í skálum innan þjóðgarðsins heldur einungis með innfluttu gasi. Við dvöl í Múlaskála nýverið stakk þetta sérstaklega í augu. Á því svæði eru þó nokkrir birkiskógar og slatti af trjám sem á hverju ári brotna undan snjó og því mikið af viði sem grotnar niður. Þessi viður sleppir út sama koltvísýringsmagni hvort sem hann fúnar úti eða er brenndur inni í kamínu. Þar sem hann vex á svæðinu telst hann ekki hafa áhrif á losun $CO_2$ (aðrir skálar á okkar leið voru kyntir með afgangstimbri og grisjunarviði sem ekki eykur heldur $CO_2$-losun).

Gaskútarnir sem notaðir eru til upphitunar eru hins vegar aukning á $CO_2$-losun.

**➜ Því kom það á óvart að heyra að það væri ákvörðun Þjóðgarðsins að það mætti ekki kynda með viði í skálum innan þjóðgarðsins.**

Bæði gasið sjálft, flutningur þess frá útlöndum og á kútum fram og til baka innanlands.

Það er léleg skýring, bæði skammsýn og sjálfhverf, að við Íslendingar séum svo fá að $CO_2$-losun okkar skipti ekki máli. Þetta er sameiginlegt vandamál jarðarbúa og þar með verkefni mannkynsins alls. Við losum hvað mest allra þjóða per íbúa og því má ekki gleyma að öll samfélög eru byggð upp af minni einingum sem gætu þá eins sagt að „við erum svo fá að okkar hlutdeild skiptir ekki máli". Það að skálar með opnum gashitturum eru ekki eins þurrir og jafn gott skjól regnvotum ferðölngum, er svo bara kornið sem fyllti mælinn.

Því skora ég á Vatnajökulsþjóðgarð að endurskoða þessa ákvörðun með hagsmuni umhverfisins að leiðarljósi.

Það skal tekið fram að við fengum frábærar móttökur og aðstoð landvarðar og því ekki verið að kvarta undan starfsfólki Þjóðgarðsins né öðrum aðbúnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sálfræðimeðferð við áfallastreituröskun

HEILBRIGÐISMÁL



Gunnhildur Sveinsdóttir
sálfræðingur

**➜ Með aukinni og opnari umræðu um heimilis- og kynferðisofbeldi ... munu vonandi fleiri stíga skrefið að leita sér hjálpar vegna vanda síns.**

Fæstir komast í gegnum lífið án þess að verða fyrir áföllum. Ofbeldi, alvarleg slys og náttúruhamfarir eru lífsreynsla sem margir ganga í gegnum eða verða vitni að. Áföll geta haft mikil áhrif á líðan og sjálfsmat fólks og í sumum tilfellum geta áföll leitt til áfallastreituröskunar (Post Traumatic Stress Disorder, PTSD).

Einkennum PTSD er oft skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokki eru einkenni sem fela í sér einhvers konar endurupplifun áfallsins, til dæmis uppáþrengjandi minningar eða martraðir um atburðinn. Í öðrum flokki eru einkenni sem birtast til dæmis þannig að þolandinn reynir að forðast að hugsa eða tala um áfallið eða aðstæður sem minna á atburðinn. Í þriðja flokki eru einkenni ofurárvekni og neikvæðra hugsana og tilfinninga. Þessi einkenni geta til dæmis komið fram sem mikill kvíði, depurð, svefnvandi, reiðiköst og einbeitingarerfiðleikar.

Einkenni PTSD geta verið áberandi hjá fólki strax í kjölfar áfalls en oftast dregur úr einkennum á fyrstu vikunum eftir áfall og flestir ná bata án nokkurrar meðferðar. Hins vegar getur verið nauðsynlegt að fá meðferð við PTSD ef einkenni eru enn til staðar mánuði eftir áfall. Þær klínísku leiðbeiningar sem íslenskir fagaðilar fylgja leggja til að ef fólk greinist með PTSD eigi að veita áfallamiðaða hugræna atferlismeðferð eða EMDR-meðferð, sem er heildstæð sálfræðileg meðferð sem þróuð var til að vinna úr afleiðingum áfalla.

**Meðferð sem hæfir aldri**

Börnum og ungmennum með alvarleg einkenni PTSD á að veita hugræna atferlismeðferð sem hæfir aldri þeirra og þroska. Ekki skal veita lyfjameðferð við PTSD nema ef hugræn atferlismeðferð eða EMDR-meðferð hefur verið fullreynd eða ef fólk vill ekki þiggja önnur úrræði en lyfjameðferð. Leiðbeiningarnar byggja á rannsóknum á árangri af ólíkum meðferðum og leggja til að þeim aðferðum sé fyrst beitt sem sýnt hafa bestan árangur.

Bæði áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð og EMDR eru í boði á Íslandi og hafa margir meðferðaraðilar lært og tileinkað sér þessar aðferðir. Árið 2013 hélt dr. Patricia Resick námskeið hér á landi um hugræna úrvinnslumeðferð við áfallastreituröskun (Cognitive Processing Therapy) en hún er einn helsti sérfræðingur heims í hugrænni atferlismeðferð við PTSD. Þetta meðferðarform hefur mikið verið rannsakað og sýnt góðan árangur. Meðferðin felst meðal annars í því að unnið er úr hugsunum og tilfinningum sem tengjast áföllum og leiðir kenndar til að breyta því hugarfari sem stuðlar að og viðheldur einkennum. Námskeiðið var afar vel sótt og er þessari aðferð nú beitt af sálfræðingum sem það sóttu með góðum árangri.

Með aukinni og opnari umræðu um heimilis- og kynferðisofbeldi og hversu alvarlegar afleiðingar áfalla geta verið munu vonandi fleiri stíga skrefið að leita sér hjálpar vegna vanda síns. Ég vil hvetja fólk sem hefur orðið fyrir áföllum og glímt við einkenni áfallastreitu að kynna sér hvar þeim úrræðum er beitt sem klínískar leiðbeiningar leggja til. Hægt er að leita beint til sálfræðinga og óska eftir mati á vandanum og fá ráðgjöf um hvort og þá hvaða úrræði er við hæfi.

# Ert þú að styrkja hernám Ísraelsmanna?

ALÞJÓÐAMÁL



Sema Erla Serdar
stjórnmála- og Evrópufræðingur

**➜ Ísraelar eru nú þegar að tapa milljörðum dollara á sniðgönguaðgerðum víða um heim.**

Ég mun seint gleyma því sem ég heyrði þegar ég kveikti á útvarpinu í bílnum á leiðinni heim í gærkvöldi. Fréttirnar á RÚV voru nýbyrjaðar og þegar ég stillti á Rás 2 var verið að segja frá því að vopnahlé hefði haldist á Gaza í dag. Mér leið vel í um það bil þrjár sekúndur, því næst var sagt frá Abdel Majed, átta ára strák frá Gaza, sem á sinni stuttu ævi hefur nú þegar upplifað þrjú stríð.

Í fréttunum var sagt frá því að um 1.800 Palestínumenn hefðu látið lífið frá því að átök hófust, enn á ný, á Gaza-svæðinu, fyrir tæpum mánuði. Af þessum 1.800 einstaklingum sem hafa látið lífið voru fæstir í stríði við Ísraelsmenn.

Af þessum 1.800 einstaklingum voru næstum því 400 börn. Fleiri en 2.700 börn til viðbótar særðust, og gert er ráð fyrir því að hátt í 400.000 börn muni þurfa á bráðri sálfræðiaðstoð að halda vegna átakanna, til dæmis þau sem hafa séð fjölskyldur sínar myrtar. Þeirra á meðal er Abdel, sem var að horfa á teiknimyndir þegar húsið hans var sprengt upp af Ísraelsmönnum.

Árið 2012 létust 254 Palestínumenn, þar af 30 börn í árásum Ísraelsmanna á Gaza. Árin 2011 og 2010 létu rúmlega 300 Palestínumenn lífið og árin 2008 og 2009 rúmlega 2.000 manns. Svona mætti lengi telja, enda er hér um áratuga langan hrylling að ræða, en hátt í 10.000 Palestínumenn hafa látið lífið frá aldamótunum.

Hvað þarf Abdel að upplifa mörg stríð áður en alþjóðasamfélagið fer að gera eitthvað af viti? Hvað þarf Abdel að horfa á marga Palestínumenn deyja áður en ríkisstjórn Íslands mun þora að taka alvarlega á glæpum Ísraelsmanna? Hvað þarf Abdel að bíða lengi eftir því að þú gerir eitthvað?

**Stuðningur í verki**

Íslenskir neytendur geta sýnt andstöðu sína gegn síendurteknum árásum Ísraelsmanna á heimastjórnarsvæði Palestínumanna, sem hefur kostað þúsundir óbreyttra borgara, kvenna og barna lífið, með því að sniðganga ísraelsk fyrirtæki, vörur og þjónustu, sem og alþjóðleg fyrirtæki sem styðja við aðgerðir Ísraelsmanna. Með því sýnum við stuðning í verki við mannréttinda- og frelsisbaráttu Palestínumanna.

Það er vitað að slíkar aðgerðir hafa áhrif. Það voru slíkar aðgerðir sem komu aðskilnaðarstjórninni frá í Suður-Afríku.

Fjármálaráðherra Ísraels lýsti því yfir á dögunum að hann hefði verulegar áhyggjur af aukinni sniðgöngu á ísraelskum vörum í heiminum. Sagði hann að ef áfram héldi sem horfði mundi ísraelski efnahagurinn verða fyrir miklum skaða, en Ísraelar eru nú þegar að tapa milljörðum dollara á sniðgönguaðgerðum víða um heim. Þá sagði hann að ef Evrópubúar héldu áfram að sniðganga ísraelskar vörur myndi efnahagurinn í Ísrael horfa á eftir 5,7 milljörðum dollara og 10.000 störfum nú þegar.

Taktu málin í þínar eigin hendur áður en Abdel deyr. Ekki kaupa ísraelskar vörur. Ekki styrkja aðskilnaðarstefnu Ísraelsmanna, hernám þeirra, brot þeirra á mannréttindum og alþjóðalögum, kúgun þeirra, ofbeldi og hryllilega meðferð þeirra á Palestínumönnum. Þannig komumst við einu skrefi nær því að stöðva þjáningar Palestínumanna.

Ekki gera ekki neitt. Abdel getur ekki beðið mikið lengur.

• SUMARÚTSALA •







VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

OK búðin

# FLOTTAR TÖLVUR OG FYLGIHLUTIR

**12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í BOÐI**

**PAKKA TILBOÐ!**



## TÖLVA OFFICE 365 SNJALLSÍMI

### FUJITSU
VFY:A5440M7302NX

Góð 15" Fujitsu fartölva með Intel i3 örgjörva

### OFFICE 365 PERSONAL
QQ2-00038

12 mánaða leiguleyfi á Office 365 Personal fyrir einstakling *eingöngu fyrir PC*

### NOKIA 630
A00018492

Nokia Lumia 630, öflugur snjallsími með fjórkjarna örgjörva, Windows Phone 8.1 og íslensku lyklaborði

**139.900 KR.**



### FUJITSU LIFEBOOK A512
VFY:A5120M71A2NX

Intel Celeron
4GB/320GB HDD

**69.900 KR.**

**KAUPAUKI**
Allir þeir sem kaupa tölvu fá 4 miða á Guardians of the Galaxy



...og fara í pott þar sem dregnir verða út 2 miðar á **Justin Timberlake!**



**DREGIÐ 20. ÁGÚST**



### HP PROBOOK 450
C7R19AV-94026775

Intel i5/4GB/500GB HDD

**149.900 KR.**



### FUJITSU LIFEBOOK A544
VFY:A5440M75A2NX

Intel i5/8GB/500GB HDD

**139.900 KR.**



### HP 250
J0X80EA#UUW

Intel i5/4GB/500GB HDD

**129.900 KR.**



### HP PAVILION 15
E1T95EA#UUW

Intel i7/8GB/750GB HDD
Radeon HD 8670M - 2 GB

**189.900 KR.**

**OK BÚÐIN** // SÍMI: 570 1000 // OPNUNARTÍMI 9-18 (VIRKA DAGA) // HÖFÐABAKKA 9E // WWW.OKBUDIN.IS



### FUJITSU LIFEBOOK U574
LKN:U7720M0002IS

13,3" snertiskjár
Intel i5/8GB/128GB SSD

**179.900 KR.**



### FUJITSU LIFEBOOK A564
VFY:AH564M23A2IS

15,6" snertiskjár
Intel i3/4GB/500GB HDD

**149.900 KR.**



### FUJITSU LIFEBOOK A544
VFY:A5440M7302NX

Intel i3/4GB/500GB HDD

**99.900 KR.**




### HP PAVILION TOUCHSMART 11,6
E2V66EA

11,6" snertiskjár
AMD A4/4GB/500GB HDD

**79.900 KR.**



### V7 DELUXE HÖFUÐTÓL
HA510-2EP

Ódýrt og gott höfuðtól,
3,5mm jack

**2.990 KR.**



### FIREGLIDER GAMING MOUSE
4044951010042

Alvöru leikjamús

**6.990 KR.**



### TOSHIBA 1TB FLAKKARI USB 3.0
HDTB110EK3BA

1TB USB 3.0 flakkari
fyrir öll gögnin þín

**12.990 KR.**

TILBOÐ
með hverri
keyptri vél




### OFFICE 365 PERSONAL
QQ2-00038

MS Office leyfi á tölvuna
í eitt ár

**9.990 KR.**



### LED26W3S-9E
J152253

26" háskerpu skjár
með HDMI

**39.900 KR.**



### 16GB DATA TRAVELER OK
DTSE9H-16GB-OKBUDIN

Minnislykill á lyklakippuna

**1.990 KR.**



### TOURO MOBILE 500GB USB 3.0
0S03455

500GB USB 3.0 flakkari
fyrir öll gögnin þín

**10.990 KR.**



### C6010 WIRELESS DESKTOP
H6R55AA

Þráðlaust lyklaborð og mús,
ábrenndir íslenskir stafir

**8.990 KR.**



### LOGITECH Z150 SPEAKERS
980-000814

Nettir tölvuhátalarar

**5.990 KR.**



### V7 MOUSE OPTICAL ALL BLK
MV3000010-BLK-5E

Ódýr og góð mús

**1.490 KR.**



### EDGE FRONTLOADER 16" BLACK
CCD1-BLU-9E

Fartölvutaska 16"

**5.990 KR.**



### V7 DELUXE HÖFUÐTÓL M/MIC
HU511-2EP

Flott höfðutól
með hljóðnema, USB

**4.990 KR.**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir meðan birgðir endast



ÁRNI L. JÓNSSON
bólstrari og söðlasmiður,
Jófríðarstaðavegi 11, Hafnarfirði,

lést 28. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Aðstandendur.

---



Ástkær móðir mín og dóttir okkar,

BJÖRK AGNARSDÓTTIR
Gautlandi 1, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 29. júlí sl. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 11. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast Bjarkar er bent á Geðhjálp og klúbbinn Geysi.

Rakel Rósa Ingimundardóttir
Guðjón Agnar Egilsson
Guðlaug Rakel Pétursdóttir

---



Elskuleg fósturmóðir mín, tengdamóðir og amma,

GUÐRÚN M. KJERÚLF
frá Hrafnkelsstöðum,

lést á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum að kvöldi 3. ágúst. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 9. ágúst kl. 14.00.
Jarðsett verður í Valþjófsstaðarkirkjugarði.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Sjúkrahúsið á Egilsstöðum.

Anna Ólöf Björgvinsdóttir Sigurjón Jónasson
Lindi, Berglind, Svandís, Snærún, Heiða og fjölskyldur.

---

# Hundrað ára Þjóðkirkja

**Hafnarfjarðarkirkja var kölluð Þjóðkirkjan þegar fríkirkja hafði verið stofnuð. Hún gengur enn undir því heiti í munni margra. Hiti var í aðdraganda kosninga.**

Þórhallur Heimisson, sóknarprestur við sænsku kirkjuna í Falun í Svíþjóð, hugsar með sérstökum hlýhug til kirkjunnar sinnar í Hafnarfirði í tilefni 100 ára afmælis hennar í ár.

„Mér þykir auðvitað ákaflega vænt um kirkjuna mína,“ segir Þórhallur sem starfaði þar frá 1996 til 2012 eða þar til honum var boðið að gerast kirkjuhirðir í Falun. „Það var gamall draumur okkar hjóna að hverfa um stund aftur til Svíþjóðar og rifja þar upp gömul kynni en þar bjuggum við 1993 til 1996,“ lýsir hann.

Hafnarfjarðarkirkja var vígð 20. desember 1914 en þá voru íbúar Hafnarfjarðar 1.500. „Kirkjan var vígð árið sem heimsstyrjöldin fyrri braust út. Á meðan heimsveldin hrundu til grunna reistu Hafnfirðingar guðshús til framtíðar,“ segir Þórhallur. Hann getur þess að Hafnarfjörður hafi tilheyrt Garðasókn frá fornu fari og Hafnfirðingar sótt kirkju að Görðum. „Það var um langan, ógreiðfæran vegarslóða að fara og því talið brýnt að byggja kirkju í hinum ört vaxandi kaupstað sem var stofnaður 1908.“

Yfirsmiður nýju kirkjunnar var Guðni Þorláksson en Rögnvaldur Ólafsson arkitekt. Séra Árni Björnsson var fyrsti presturinn. „Nokkur hiti var í aðdraganda kosninganna,“ segir séra Þórhallur. „Fyrst hafði séra Þorsteinn Briem verið kjörinn en hann afsalaði sér brauðinu eftir að hluti safnaðarins stofnaði fríkirkju. Fríkirkjan í Hafnarfirði var vígð árið 1913 og fagnaði því 100 ára afmæli í fyrra. En frá því að þessar tvær kirkjur risu hefur Hafnarfjarðarkirkja löngum gengið undir heitinu „Þjóðkirkjan“ í munni bæjarbúa þótt fyrir löngu séu komnir fleiri þjóðkirkjusöfnuðir,“ segir Þórhallur og óskar öllum Hafnfirðingum til hamingju með 100 ára afmæli Fríkirkjunnar í fyrra og 100 ára afmæli Þjóðkirkjunnar í ár.“

Í desember í fyrra voru rúmlega 11.000 manns skráðir í Þjóðkirkjuna í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarsókn, en prestakallið í Falun, þar sem Þórhallur er kirkjuhirðir, telur 40.000 manns.

Kirkjuhirðir er andlegur leiðtogi safnaðarins og yfirmaður starfsliðs. „Kirkjuhirðir ber ábyrgð á rekstrinum í umboði sóknarnefndar. Við erum með 120 manns í vinnu, þar af 14 presta, átta djákna, átta organista, húsverði, iðnaðarmenn, verkfræðing, kennara, gjaldkera, fjármálastjóra og kirkjugarðsstarfsfólk. Við erum með sex kirkjur, 12 kirkjugarða, útfararkapellu, bálstofu, sex safnaðarheimili, tvo sjúkrahúspresta, fangelsisprest og háskólaprest og margs konar starfsemi. Við rekum meðal annars nokkra leikskóla, meðferðarheimili fyrir unglinga og fjölskyldu- og hjónaráðgjöf auk hefðbundinna safnaðarstarfa.“

ibs@frettabladid.is



**HAFNARFJARÐARKIRKJA** Áður en kirkjan var reist sóttu Hafnfirðingar kirkju að Görðum og var um langan og ógreiðfæran vegarslóða að fara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞÓRHALLUR HEIMISSON**

---



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

ANNÝ HELGADÓTTIR
Berjarima 32, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 30. júlí. Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins þriðjudaginn 19. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðina Ljósið.

Helgi Guðmundsson
Ingimundur Helgason Elín Karitas Bjarnadóttir
Þröstur Helgason Lára Birna Þorsteinsdóttir
og barnabörn.

---



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar og tengdamóður,

GUÐRÚNAR H. VILHJÁLMSDÓTTUR
Lindargötu 11.

Vilhjálmur Þór Kjartansson Guðrún Hannesdóttir
Magnús Rúnar Kjartansson Jóhanna B. Jónsdóttir
Anna Kjartansdóttir
Kjartan Gunnar Kjartansson Marta Guðjónsdóttir
Ingibjörg Ósk Kjartansdóttir Garðar Mýrdal
Birgir Kjartansson
Sveinn Sigurður Kjartansson Stella Sæmundsdóttir

---



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

BIRGIR INGÓLFSSON

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 2. ágúst. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju föstudaginn 8. ágúst kl. 15.00.

María Guðmundsdóttir
Sigríður Birgisdóttir Karl Óskar Aðalsteinsson
Ingólfur Birgisson Herdís Fjóla Kristinsdóttir
Garðar Birgisson Friðný Sigurðardóttir
Sigurður Birgisson Helen Ósk Pálsdóttir
Guðmundur Helgi Birgisson Anke Steiniger
barnabörn og barnabarnabörn.

---



Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,

ÓÐINN LOGI BENEDIKTSSON
Sléttuvegi 7, Reykjavík,

lést á St. Franciskusspítala í Stykkishólmi fimmtudaginn 31. júlí. Útför fer fram frá Stykkishólmskirkju miðvikudaginn 13. ágúst kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga. Reikningur samtakanna er 115-15-372748, kennitala: 670697-2079. Einnig er hægt að panta minningarkort á vef samtakanna: www.lungu.is/

Kristín Björnsdóttir Benedikt Lárusson
Eyþór Benediktsson Unnur Hildur Valdimarsdóttir
Ingibjörg Hildur Benediktsdóttir Gretar D. Pálsson
Bryndís Benediktsdóttir Birgir Jónsson
Björn Benediktsson Árþóra Steinarsdóttir
Lára Benediktsdóttir
Anne Bau

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

EINAR ÞÓR GARÐARSSON
Grænlandsleið 35,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 2. ágúst.

Kristín Guðlaugsdóttir
Guðný Pála Einarsdóttir Bárður Guðlaugsson
Þórunn Einarsdóttir Guðbjörn Sigurvinsson
Garðar Einarsson Helga Baldvinsdóttir
Sigríður Hanna Einarsdóttir Samúel Ingi Þórarinsson
Guðlaugur Einarsson Gyða Sigurðardóttir
Anna Kristín Einarsdóttir Hannes Guðmundsson
Erna Margrét Einarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---



Elskuleg eiginkona og móðir,

DAGNÝ KARLSDÓTTIR
frá Múla í Álftafirði,
Írabakka 24, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 31. júlí sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. ágúst klukkan 15.00.

Guðmundur Björnsson
Gerður Guðmundsdóttir

---




---



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, sonur, stjúpsonur og bróðir,

KAREL KRISTJÁNSSON
setjari,
Kleppsvegi 124,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 1. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 11. ágúst klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Reykjadal.

Friðrik Ingi Karelsson Sigrún Ammendrup
Þórdís Karelsdóttir
Þórdís Karelsdóttir
Steinlaug Gunnarsdóttir
og systkini.

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

STEFÁN GUNNARSSON
Vesturbergi 10, Reykjavík,

lést á Vífilsstaðaspítala 2. ágúst og verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju þriðjudaginn 12. ágúst kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Vífilsstaðaspítala fyrir frábæra umönnun og hlýju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á ABC barnahjálp.

Lillý Erla Guðjónsdóttir
Yngvi Örn Stefánsson Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir
Hafdís Jóna Stefánsdóttir Árni Már Ragnarsson
Ingibjörg Þóra Stefánsdóttir Andrés Freyr Gíslason
Bryndís Rut Stefánsdóttir Hafsteinn Gautur Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



## FISKIDAGURINN MIKLI

| 949 | 6486 | 12770 | 17002 | 22263 | 25622 | 30152 | 34929 | 38736 | 43375 | 48111 | 52494 | 57856 | 62244 | 66124 | 71267 | 74884 | 78084 |
| 1015 | 6640 | 12772 | 17058 | 22276 | 26119 | 30160 | 34945 | 38764 | 43465 | 48157 | 52558 | 57866 | 62522 | 66205 | 71292 | 74905 | 78207 |
| 1743 | 6806 | 12913 | 17481 | 22406 | 26183 | 30319 | 34999 | 39189 | 43695 | 48223 | 52608 | 57966 | 62562 | 66376 | 71294 | 74969 | 78238 |
| 1793 | 7088 | 12951 | 17969 | 22423 | 26269 | 30370 | 35234 | 39459 | 43718 | 48288 | 52688 | 57998 | 62907 | 66384 | 71450 | 74970 | 78314 |
| 1876 | 7395 | 12982 | 18147 | 22584 | 26659 | 30651 | 35300 | 39492 | 44035 | 48322 | 52766 | 58058 | 62922 | 66429 | 71487 | 75453 | 78341 |
| 1973 | 7794 | 13048 | 18307 | 22676 | 26832 | 30739 | 35359 | 39663 | 44097 | 48444 | 52982 | 58107 | 63096 | 66634 | 71600 | 75530 | 78369 |
| 2039 | 7858 | 13326 | 18331 | 22747 | 27052 | 30851 | 35473 | 39862 | 44191 | 48545 | 53086 | 58365 | 63164 | 66673 | 71635 | 75625 | 78394 |
| 2091 | 7912 | 13419 | 18540 | 22758 | 27103 | 31041 | 35641 | 40035 | 44525 | 48736 | 53189 | 58456 | 63252 | 66789 | 71755 | 75633 | 78431 |
| 2166 | 8070 | 13572 | 18753 | 22829 | 27447 | 31219 | 35797 | 40134 | 44739 | 48754 | 53529 | 58496 | 63420 | 67004 | 71863 | 75703 | 78640 |
| 2312 | 8179 | 13663 | 18809 | 23323 | 27601 | 31509 | 35911 | 40138 | 44945 | 48768 | 53865 | 58778 | 63466 | 67057 | 71908 | 75750 | 78679 |
| 2663 | 8314 | 13692 | 19150 | 23330 | 27658 | 31563 | 36263 | 40174 | 45126 | 49106 | 54407 | 58971 | 63471 | 67059 | 71909 | 76027 | 78680 |
| 3134 | 8582 | 13724 | 19290 | 23584 | 27675 | 31579 | 36349 | 40725 | 45191 | 49175 | 54792 | 58975 | 63788 | 67316 | 71974 | 76160 | 78716 |
| 3199 | 8802 | 13955 | 19418 | 23700 | 27681 | 31622 | 36443 | 40778 | 45473 | 49450 | 55176 | 59048 | 63817 | 67616 | 72234 | 76302 | 78720 |
| 3374 | 8830 | 14111 | 19439 | 23796 | 27721 | 31623 | 36483 | 40812 | 45680 | 49613 | 55298 | 59075 | 64041 | 67624 | 72501 | 76359 | 78810 |
| 3408 | 8878 | 14290 | 19450 | 23868 | 27723 | 31974 | 36687 | 41057 | 45686 | 49815 | 55386 | 59135 | 64165 | 67784 | 72550 | 76372 | 78996 |
| 3611 | 9226 | 14460 | 19685 | 23872 | 27737 | 32088 | 36704 | 41107 | 45765 | 49825 | 55464 | 59138 | 64252 | 67841 | 72630 | 76582 | 79155 |
| 3614 | 9551 | 14546 | 19694 | 24226 | 27826 | 32188 | 36844 | 41209 | 45944 | 49917 | 55827 | 59202 | 64509 | 68130 | 72798 | 76587 | 79309 |
| 3706 | 9714 | 14982 | 19728 | 24274 | 28125 | 32353 | 36869 | 41318 | 45965 | 50003 | 55889 | 59433 | 64738 | 68329 | 72999 | 76733 | 79466 |
| 4169 | 9910 | 14993 | 19815 | 24302 | 28153 | 32485 | 36898 | 41724 | 46283 | 50078 | 56150 | 59532 | 64741 | 68515 | 73581 | 77129 | 79579 |
| 4191 | 9960 | 15022 | 20267 | 24326 | 28401 | 32545 | 36921 | 41809 | 46327 | 50226 | 56362 | 59621 | 64794 | 68568 | 73737 | 77180 | 79637 |
| 4328 | 10163 | 15035 | 20397 | 24348 | 28430 | 32722 | 37217 | 41852 | 46468 | 50725 | 56477 | 59628 | 64828 | 68582 | 73775 | 77186 | 79697 |
| 4367 | 10252 | 15187 | 20541 | 24397 | 28462 | 32780 | 37407 | 41896 | 46596 | 50827 | 56628 | 59686 | 64909 | 69430 | 74024 | 77356 | 79703 |
| 4408 | 10803 | 15188 | 20834 | 24400 | 28767 | 32877 | 37553 | 42435 | 46619 | 51084 | 56634 | 59868 | 65006 | 69589 | 74025 | 77434 | 79755 |
| 5174 | 10975 | 15322 | 21342 | 24742 | 28936 | 32889 | 37555 | 42540 | 46982 | 51149 | 56808 | 60172 | 65015 | 69736 | 74171 | 77437 | 79926 |
| 5198 | 11272 | 15334 | 21525 | 24752 | 29183 | 33074 | 37642 | 42702 | 47146 | 51477 | 56846 | 60447 | 65135 | 69866 | 74245 | 77696 | |
| 5309 | 11566 | 15843 | 21608 | 24832 | 29330 | 33178 | 37669 | 42729 | 47444 | 51594 | 57058 | 60610 | 65218 | 70043 | 74273 | 77746 | |
| 5740 | 11569 | 16387 | 21694 | 24914 | 29403 | 33197 | 37925 | 42751 | 47487 | 51612 | 57096 | 60829 | 65289 | 70138 | 74366 | 77797 | |
| 5930 | 11664 | 16592 | 21798 | 25034 | 29471 | 33638 | 38004 | 42794 | 47631 | 51651 | 57247 | 60896 | 65332 | 70409 | 74376 | 77866 | |

**Kr. 15.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4457 | 9784 | 13524 | 17734 | 22311 | 27325 | 32063 | 36117 | 40668 | 44829 | 50252 | 53923 | 57805 | 62134 | 66093 | 70994 | 76117 |
| 54 | 4527 | 9972 | 13551 | 17751 | 22557 | 27333 | 32160 | 36162 | 40759 | 45236 | 50254 | 53924 | 57891 | 62304 | 66126 | 71056 | 76143 |
| 369 | 4577 | 9995 | 13593 | 17768 | 22562 | 27354 | 32290 | 36189 | 40804 | 45325 | 50298 | 53944 | 57898 | 62431 | 66268 | 71168 | 76171 |
| 438 | 4714 | 10001 | 13618 | 17811 | 22607 | 27384 | 32367 | 36430 | 40917 | 45491 | 50410 | 54048 | 57901 | 62469 | 66477 | 71220 | 76304 |
| 590 | 4749 | 10010 | 13622 | 17875 | 22764 | 27480 | 32390 | 36469 | 40929 | 45509 | 50439 | 54060 | 57954 | 62503 | 66612 | 71357 | 76471 |
| 631 | 4893 | 10058 | 13681 | 17876 | 22812 | 27733 | 32412 | 36496 | 40963 | 45627 | 50486 | 54074 | 57973 | 62571 | 66613 | 71458 | 76508 |
| 681 | 5076 | 10251 | 13701 | 17992 | 22924 | 27761 | 32448 | 36636 | 41023 | 45681 | 50591 | 54085 | 58041 | 62725 | 66629 | 71531 | 76655 |
| 778 | 5172 | 10353 | 13829 | 18086 | 22963 | 27812 | 32562 | 36803 | 41035 | 45771 | 50624 | 54249 | 58131 | 62764 | 66666 | 71534 | 76693 |
| 801 | 5353 | 10485 | 13844 | 18199 | 23081 | 28029 | 32567 | 36876 | 41044 | 45794 | 50633 | 54270 | 58171 | 62795 | 66703 | 71687 | 76745 |
| 862 | 5677 | 10554 | 13963 | 18318 | 23089 | 28130 | 32759 | 36902 | 41163 | 45874 | 50645 | 54513 | 58181 | 62796 | 66782 | 71851 | 76794 |
| 957 | 5729 | 10878 | 14015 | 18419 | 23151 | 28174 | 32783 | 36947 | 41239 | 45911 | 50722 | 54554 | 58347 | 62982 | 66848 | 71941 | 76860 |
| 1048 | 5880 | 10886 | 14184 | 18710 | 23324 | 28209 | 32894 | 37052 | 41304 | 45993 | 50752 | 54555 | 58391 | 62994 | 66948 | 71964 | 76959 |
| 1113 | 6005 | 11037 | 14208 | 18730 | 23404 | 28286 | 32975 | 37170 | 41329 | 46234 | 50788 | 54577 | 58464 | 63093 | 66952 | 72120 | 76960 |
| 1134 | 6291 | 11365 | 14508 | 18745 | 23463 | 28287 | 32995 | 37197 | 41376 | 46343 | 50794 | 54595 | 58603 | 63210 | 67048 | 72264 | 76988 |
| 1159 | 6347 | 11424 | 14667 | 19038 | 23576 | 28350 | 33025 | 37293 | 41383 | 46568 | 50815 | 54637 | 58627 | 63372 | 67319 | 72567 | 77124 |
| 1232 | 6487 | 11448 | 14769 | 19074 | 23598 | 28507 | 33072 | 37338 | 41459 | 46641 | 50940 | 54807 | 58670 | 63397 | 67400 | 72569 | 77212 |
| 1262 | 6531 | 11541 | 14871 | 19086 | 23636 | 28581 | 33154 | 37371 | 41641 | 46648 | 51061 | 54815 | 58789 | 63425 | 67532 | 72601 | 77318 |
| 1352 | 6548 | 11581 | 14969 | 19119 | 23663 | 28606 | 33252 | 37448 | 41921 | 46814 | 51117 | 54830 | 58907 | 63467 | 67599 | 73070 | 77488 |
| 1538 | 6631 | 11704 | 14970 | 19204 | 23797 | 28629 | 33315 | 37544 | 41978 | 46872 | 51172 | 54847 | 58959 | 63468 | 67852 | 73239 | 77530 |
| 1623 | 6678 | 11725 | 15102 | 19255 | 23811 | 28667 | 33394 | 37573 | 42045 | 46954 | 51276 | 54879 | 59170 | 63535 | 67915 | 73357 | 77586 |
| 1640 | 6804 | 11762 | 15108 | 19280 | 23856 | 28670 | 33458 | 37586 | 42133 | 47023 | 51406 | 54898 | 59322 | 63549 | 68018 | 73362 | 77743 |
| 1748 | 6811 | 11806 | 15143 | 19443 | 23867 | 28796 | 33511 | 37810 | 42161 | 47058 | 51408 | 54967 | 59441 | 63550 | 68020 | 73374 | 77784 |
| 1887 | 6904 | 11872 | 15228 | 19722 | 23922 | 28941 | 33523 | 37934 | 42298 | 47117 | 51460 | 55046 | 59460 | 63630 | 68362 | 73544 | 77883 |
| 2089 | 6947 | 11938 | 15246 | 19831 | 24054 | 28994 | 33556 | 37938 | 42364 | 47174 | 51491 | 55127 | 59606 | 63665 | 68371 | 73559 | 77892 |
| 2123 | 6981 | 11975 | 15291 | 20088 | 24101 | 29196 | 33585 | 38039 | 42382 | 47272 | 51588 | 55520 | 59614 | 63674 | 68408 | 73639 | 77970 |
| 2269 | 7269 | 11981 | 15374 | 20118 | 24138 | 29253 | 33711 | 38098 | 42445 | 47895 | 51614 | 55537 | 59635 | 63729 | 68433 | 73641 | 78014 |
| 2307 | 7293 | 12041 | 15376 | 20198 | 24529 | 29531 | 33733 | 38120 | 42468 | 47960 | 51854 | 55545 | 59875 | 63895 | 68496 | 73735 | 78065 |
| 2386 | 7373 | 12086 | 15417 | 20306 | 24585 | 29604 | 33969 | 38306 | 42501 | 48150 | 51875 | 55654 | 59876 | 63915 | 68935 | 73894 | 78111 |
| 2407 | 7444 | 12234 | 15492 | 20326 | 24651 | 29692 | 34017 | 38321 | 42592 | 48178 | 51889 | 55859 | 60270 | 64148 | 69221 | 73941 | 78171 |
| 2549 | 7490 | 12291 | 15567 | 20388 | 24868 | 29751 | 34263 | 38414 | 42664 | 48182 | 51981 | 55928 | 60325 | 64307 | 69227 | 74051 | 78387 |
| 2717 | 7623 | 12403 | 15576 | 20432 | 24889 | 29754 | 34453 | 38650 | 42686 | 48196 | 51995 | 56108 | 60400 | 64337 | 69237 | 74061 | 78413 |
| 2733 | 7750 | 12472 | 15681 | 20436 | 24905 | 29779 | 34467 | 38794 | 42762 | 48279 | 52027 | 56270 | 60455 | 64491 | 69423 | 74124 | 78424 |
| 2737 | 8054 | 12501 | 15705 | 20460 | 24913 | 29831 | 34497 | 38896 | 42766 | 48294 | 52159 | 56357 | 60631 | 64541 | 69445 | 74455 | 78519 |
| 2889 | 8140 | 12547 | 15814 | 20517 | 25089 | 29871 | 34533 | 38935 | 43113 | 48485 | 52196 | 56450 | 60683 | 64548 | 69468 | 74506 | 78541 |
| 2937 | 8165 | 12575 | 16084 | 20587 | 25225 | 29924 | 34575 | 39100 | 43176 | 48538 | 52400 | 56491 | 60737 | 64795 | 69565 | 74645 | 78675 |
| 3031 | 8188 | 12626 | 16288 | 20687 | 25285 | 30029 | 34720 | 39103 | 43251 | 48633 | 52427 | 56504 | 60751 | 64835 | 69566 | 74783 | 78705 |
| 3032 | 8196 | 12659 | 16336 | 20790 | 25313 | 30088 | 34786 | 39152 | 43297 | 48766 | 52439 | 56660 | 60898 | 64860 | 69747 | 74823 | 78850 |
| 3058 | 8335 | 12676 | 16366 | 20817 | 25448 | 30259 | 34808 | 39232 | 43354 | 48789 | 52653 | 56743 | 60921 | 64923 | 69800 | 74856 | 78878 |
| 3070 | 8340 | 12680 | 16425 | 20826 | 25459 | 30420 | 34908 | 39345 | 43555 | 48899 | 52719 | 56775 | 61025 | 65014 | 69847 | 75024 | 78917 |
| 3185 | 8371 | 12682 | 16452 | 20977 | 25484 | 30521 | 35065 | 39507 | 43743 | 48951 | 52728 | 56851 | 61033 | 65146 | 69887 | 75059 | 78919 |
| 3244 | 8509 | 12794 | 16532 | 20994 | 25693 | 30523 | 35231 | 39511 | 43911 | 48993 | 52994 | 56862 | 61059 | 65213 | 69926 | 75148 | 79057 |
| 3269 | 8572 | 12817 | 16638 | 21141 | 25767 | 30561 | 35316 | 39668 | 43991 | 49018 | 53060 | 56928 | 61155 | 65300 | 69937 | 75176 | 79169 |
| 3527 | 8659 | 12828 | 16766 | 21186 | 25841 | 30749 | 35419 | 39699 | 44008 | 49209 | 53233 | 57242 | 61281 | 65366 | 70080 | 75226 | 79202 |
| 3573 | 8687 | 12904 | 16774 | 21523 | 26053 | 30976 | 35492 | 39875 | 44042 | 49210 | 53348 | 57329 | 61297 | 65428 | 70158 | 75273 | 79481 |
| 3674 | 8691 | 12906 | 16819 | 21701 | 26113 | 31023 | 35505 | 39939 | 44107 | 49336 | 53554 | 57391 | 61316 | 65481 | 70171 | 75360 | 79493 |
| 3714 | 8789 | 12925 | 16877 | 21747 | 26464 | 31197 | 35541 | 39988 | 44140 | 49422 | 53607 | 57435 | 61317 | 65482 | 70312 | 75424 | 79528 |
| 3753 | 9212 | 12958 | 17014 | 21848 | 26696 | 31271 | 35549 | 40058 | 44143 | 49468 | 53610 | 57617 | 61366 | 65562 | 70338 | 75444 | 79588 |
| 3762 | 9214 | 12959 | 17041 | 21877 | 26837 | 31331 | 35657 | 40148 | 44222 | 49705 | 53620 | 57637 | 61483 | 65624 | 70341 | 75450 | 79599 |
| 3859 | 9255 | 13086 | 17098 | 21929 | 26859 | 31445 | 35659 | 40229 | 44378 | 49819 | 53621 | 57685 | 61602 | 65703 | 70436 | 75690 | 79658 |
| 3880 | 9421 | 13132 | 17189 | 21959 | 26877 | 31555 | 35778 | 40265 | 44535 | 49984 | 53678 | 57686 | 61693 | 65770 | 70521 | 75699 | 79829 |
| 4079 | 9472 | 13148 | 17430 | 21995 | 26891 | 31662 | 35854 | 40277 | 44549 | 50042 | 53707 | 57724 | 61798 | 65824 | 70543 | 75731 | 79850 |
| 4131 | 9512 | 13395 | 17455 | 22232 | 27099 | 31712 | 35937 | 40353 | 44634 | 50104 | 53835 | 57739 | 61901 | 65902 | 70627 | 75986 | 79955 |
| 4296 | 9546 | 13417 | 17655 | 22238 | 27266 | 31748 | 36044 | 40433 | 44732 | 50113 | 53918 | 57747 | 61921 | 65987 | 70770 | 76091 | |
| 4383 | 9661 | 13454 | 17668 | 22255 | 27267 | 31775 | 36051 | 40453 | 44733 | 50211 | 53921 | 57784 | 62070 | 66016 | 70806 | 76093 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða
á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. ágúst 2014
Birt án ábyrgðar um prentvillur

DRÖGUM ÚT RÍFLEGA 600 MILLJÓNIR Á ÁRINU



DRÖGUM ÚT NISSAN LEAF RAFBÍL Í HVERJUM MÁNUÐI



# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 7. ÁGÚST 2014**

### Tónleikar

**12.00** Eyþór Ingi Jónsson, organisti Akureyrarkirkju, leikur á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju. Eyþór er meðal þeirra fyrstu í þeirri bylgju organista sem undanfarin 10 til 15 ár hafa skilað sér heim aftur að loknu framhaldsnámi í kirkjutónlist og orgelleik. Fyrra verkið á efnisskránni er Fantasía í A-dúr eftir franska tónskáldið César Franck.

**20.00** Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti í Lágafellssókn í Mosfellsbæ, og Diddú halda tónleika í Café Álafossi í Mosfellsbæ. ÓKeypis aðgangur, vinsæl íslensk lög og lög úr söngleikjum.

**20.00** Trúbadorarnir Daníel Hjálmtýsson og Roland Hartwell Jr. troða upp á Hlemmur Square. Daníel Hjálmtýsson leikur ábreiður af lögum eftir marga af hans uppáhaldstónlistarmönnum. Roland Hartwell leikur rjóma rokksögunnar með sínu eigin kryddi af stemmingu og stuði. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Opnunartónleikar Kammer - Tónlistarhátíð unga fólksins í Salnum í Kópavogi. Þar leika sigurvegarar Tónleikakeppni TUF 2014 Hungry Dragon. Sveitina skipa þær Ásthildur Ákadóttir og Kirstine Lindemann en þær leika ótrúlega áhugaverða nýja tónlist eftir núlifandi tónskáld á píanó og blokkflautu.

**21.00** Hljómsveitin Bellstop heldur tónleika á Café Rosenberg.

**22.00** Magnús Ragnar Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Fræðsla

**20.00** Höfnin og hafið eru í aðalhlutverki í hafnargöngu Borgarbókasafns Reykjavíkur, sem nefnist Mararþaraborg. Þar verður gengið meðfram Reykjavíkurhöfn, frá Miðbakka í átt að Granda. Við sögu koma meðal annars draugur við Duusbryggju, þulur um hafið og frásögn af óvæntum ráðningum á togara. Lagt er upp frá Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. Einar Ólafsson og Úlfhildur Dagsdóttir eru leiðsögumenn.



SNORRI ÁSMUNDSSON

## EKKI MISSA AF

**Diddú**
**Café Álafoss**

Diddú kemur fram ásamt Arnhildi Valgarðsdóttur, organista í Lágafellssókn.

### Sýningar

**09.00** Á sýningunni Villt hreindýr á Íslandi í Flóanum í Hörpu er hægt að sjá og fræðast um hreindýr og líf þeirra. Hreindýrasýningin er fullkomin blanda menningar, náttúru og tækninýjunga og er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa. Miðaverð er 1.900 krónur.

**10.00** Expó-skálinn í Hörpu, 360 gráðu upplifun af íslenskri náttúru. Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús og Sagafilm hafa farið í samstarf um að bjóða gestum að heimsækja Expo-skálann í Hörpu. Myndin er sýnd á hálftíma fresti og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

**17.00** Steingrímur Eyfjörð opnar einkasýninguna Medusa í Týsgallerí, Týsgötu 3. Steingímur á langan feril að baki sem myndlistarmaður og verið virkur þátttakandi í íslensku listasenunni allan sinn feril. Á sýningunni sýnir hann sjö myndpör sem unnin eru með blandaðri tækni.

**17.00** Snorri Ásmundsson opnar sýninguan 50 vídeó-portrett í Listasafni Íslands, Laufásvegi 12. Um árabil hefur Snorri tekið einnar mínútu löng myndbands portrett af fólki í sínu nánasta umhverfi sem verða nú sýnd í fyrsta sinn á Íslandi. Hamingjustund á barnum til 19.00.

**17.00** Heima er best er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkuss Íslands. Sirkusinn er staddur með tjaldið sitt Jökla á Selfossi og er miðaverð 3.000 krónur.

**19.00** How to become Icelandic in 60 minutes er leiksýning sem leikin er á ensku, samin og flutt af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni. Miðaverð er 4.200 krónur og fer sýningin fram í Kaldalóni í Hörpu.

### Hátíðir

**12.00** Handverkshátíðin verður sett í 22. sinn í Eyjafjarðarsveit. Fjöldi nýrra sýnenda tekur þátt í ár og fjölbreytnin er mikil. Í fyrsta sinn er boðið upp á handverksmarkað sem fram fer föstudag og sunnudag. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og 500 krónur fyrir eldri borgara og öryrkja.

**21.00** Opnunarhátíð Hinsegin daga í Reykjavík í Silfurbergi í Hörpu. William mun bjóða upp á sína hárbeittu kímni og einnig mun Páll Óskar stíga á svið ásamt fjölda annarra listamanna. Miðaverð er 2.500 krónur.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


ÁFRAM
NÁMSMENN
DÚNDUR TILBOÐ!
Verð 11.999 krónur
Verð 19.999 krónur
Vildarverð 7.999 krónur
Verð áður: 16.999 kr.
Vildarverð 7.999 krónur
DÚNDUR TILBOÐ!
Verð áður: 16.999 kr.
Verð 19.999 krónur
Vildarverð 7.999 krónur
SJÁÐU VERÐIÐ
Verð áður: 16.999 kr.
Verð 9.999 krónur
Verð 9.999 krónur
Verð 2.599 krónur
Verð 5.999 krónur
Verð 2.699 krónur
IÐJUÞJÁLFAR
OKKAR AÐSTOÐA ÞIG VIÐ VAL Á SKÓLATÖSKUM.
KRINGLAN NORÐUR
7. ÁGÚST
KL. 16–18
5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum
VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON
NÝ VERSLUN
LAUGAVEGI 77
Penninn
Eymundsson
540 2050 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir frá 7. ágúst, til og með 10. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Charlize Theron, 39 ára leikkona**

Helstu myndir: Monster, The Italian Job, Prometheus og Hancock.

# Sandra Bullock tekjuhæst allra leikkvenna

Tímaritið Forbes gaf út lista yfir tekjuhæstu leikarana og þar trónir Sandra Bullock á toppnum meðal kvenna.

Leikkonan Sandra Bullock hefur svo sannarlega lifað tímana tvenna en hún gekk í gegnum tímabil þar sem hver myndin eftir aðra gekk ekki upp. Má þar nefna myndina All About Steve sem var ein tekjulægsta mynd í sögu Hollywood.

Hins vegar eftir að hafa leikið aðalhlutverkið í myndum á borð við The Proposal, The Blind Side, The Heat og Gravity er hún nú launahæsta leikkonan í Hollywood með 51 milljón Bandaríkjadala í árslaun sem samsvarar tæpum sex milljörðum íslenskra króna. Á hæla henni kemur Jennifer Lawrence í öðru sæti með 34 milljónir Bandaríkjadala og Jennifer Aniston í þriðja með 31 milljón. Allt kemur þetta fram í árlegum lista yfir tekjuhæsta fólk Bandaríkjanna í tímaritinu Forbes. Mörgum þykir það þó sorglegt að ef bornar eru saman tekjur leikkvenna og karlkyns leikara í Hollywood þá er þar töluverður munur á. Í Forbes má sjá ef bornar eru saman heildartekjur 10 tekjuhæsta karlleikaranna, sem eru 419 milljónir Bandaríkjadala eða um 50 milljarðar íslenskra króna, og heildartekjur 10 tekjuhæstu leikkvennanna, sem eru um 226 milljónir Bandaríkjadala eða um 25 milljarðar íslenskra króna, að laun kvennanna eru um helmingi lægri. **- bþ**



**TRÓNIR Á TOPPNUM** Leikkonan frækna Sandra Bullock hefur gert garðinn frægan með myndum á borð við The Heat, The Proposal og Gravity. MYND/EINKASAFN

## Arnold verður Conan á ný

Vefsíðan TheArnoldFans, aðdáendasíða leikarans Arnolds Schwarzenegger, náði tali af Fredrik Malmberg, framleiðanda myndarinnar Conan the Barbarian, en þar ýjar hann að því að það sé í pípunum að taka myndina upp aftur árið 2015. Farið yrði þá yfir handritið og ýmsum smáatriðum breytt, til dæmis aldri konungsins Conans þar sem Schwarzenegger er orðinn töluvert eldri en hann var í fyrstu myndinni.



## The Office á hvíta tjaldið

Leikarinn og grínistinn Ricky Gervais hefur staðfest að hann sé að búa til leikna heimildarmynd um skrifstofumanninn David Brent. Bresku þættirnir The Office slógu í gegn á heimsvísu á sínum tíma en myndin mun bera nafnið Life on the Road og munu tökur hefjast í Bretlandi á næsta ári.





**SÆTIR SÖNGFUGLAR** Myndin fylgir sögu ungu piltanna í sveitinni The Four Seasons en Eastwood leggur áherslu á myrkar hliðar frægðarinnar.

# Umdeildir Jersey-strákar

Hinn áttræði Clint Eastwood settist í leikstjórastólinn á ný en nýjasta mynd hans, Jersey Boys, er frumsýnd á morgun. Myndin er byggð á samnefndum söngleik.

Nýjustu mynd Clints Eastwood verður frumsýnd á morgun en hún ber nafnið Jersey Boys. Myndin er byggð á samnefndum söngleik sem var frumsýndur árið 2005 á Broadway og hefur hlotið meðal annars fern Tonyverðlaun.

Síðan þá hefur söngleikurinn farið sigurför um heiminn og notið gríðarlegra vinsælda. Myndin hefur hins vegar verið umdeild á meðal gagnrýnenda þrátt fyrir að hafa hlotið lof almennra áhorfenda, ekki síst þeirra sem þekkja vel til tónlistarinnar.

Þeir ættu að vera margir, enda áttu bæði The Four Seasons og forsöngvari þeirra, Frankie Valli, marga stórsmelli á borð við Big Girls Don't Cry, Sherry, December 1963, My Eyes Adored You, Can't Take My Eyes Off You, Walk Like a Man og Rag Doll. Myndin greinir frá sögu ungu mannanna sem skipuðu sveitina The Four Seasons og urðu heimsfrægir í byrjun sjöunda áratugar síðustu aldar. Um leið þurftu þeir að glíma bæði við það góða sem frægðinni fylgdi og það slæma.

Ástæðan fyrir neikvæðu gagnrýninni sem myndin hefur þurft að sæta er meðal annars að gagnrýnendur eru á því máli að það hafi verið mistök að fá Clint Eastwood til þess að leikstýra myndinni.

Myndin hefur mjög dimman blæ yfir sér, sem verður að teljast skrítið þar sem að hún er byggð á söngleik þar sem dans- og skemmtiatriði eru í fyrirrúmi. Í myndinni leggur Eastwood áherslu á persónulega sögu sveitarinnar, skilnaði, uppeldið og vafasama tengingu sveitarinnar við mafíuna.

Hér er Dirty Harry að horfast í augu við sögu hljómsveitar sem kom fram á sjónarsviðið og sló fljótlega í gegn með grípandi lögum.

## Sló í gegn í brúðkaupi

Leikarinn Jeff Goldblum gerði garðinn frægan í Jurassic Park-myndunum en þegar honum var boðið í brúðkaup þeirra Pamelu og Jesse Sargent ákvað hann að bjóða með sér ljósmyndaranum Adam Biesenthal til þess að gera brúðkaupsmyndina sem eftirminnilegasta. Lét hann brúðhjónin ásamt gestum hlaupa og öskra á grænu engi þegar myndin var tekin. Seinna var bætt við stórri grameðlu að elta brúðhjónin.



## Avatar 2 er á leiðinni

Svo virðist sem leikkonan Zoe Saldana sé að yfirtaka ævintýramyndaheiminn. Auk þess að hafa leikið í nýju ofurhetjumyndinni Guardians of the Galaxy er ýmislegt á dagskránni hjá leikkonunni. Má þar nefna Star Trek 3, Avatar 2 og hefur hún ýjað að því að hún muni koma að nýju verkefni hjá ofurhetjurisanum Marvel.







Sunny BOX MASTER
ORIGINAL KJÚKLINGABRINGA
/ SINNEPSSÓSA / OSTUR
/ TÓMATAR / SALAT
Nýtt á KFC
BOXMASTER
849 kr.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# LÍFIÐ

## Trend á Twitter #FreshmanAdvice eða #Busaráð

Nú líður senn að sumarlokum og því að skólinn hefjist á ný. Í Bandaríkjunum hefja margir framhaldsskólanám sitt í haust og margir eldri nemendur veita þeim góð ráð á Twitter um þessar mundir, misgóð þó, með kassamerkinu **#FreshmanAdvice eða #Busaráð.**



Willow Pape
**@BrinanaBanana_**
**6. ágúst**
**#FreshmanAdvice** Fyrstu þrír dagar skólaársins eru alveg eins og High School Musical-myndirnar, söngur og dans og allt það.



Jenna.
**@jjeennnnaaaaa**
**6. ágúst**
**#FreshmanAdvice** Sú fyrsta sem verður ófrísk vinnur!



Wolf
**@IAmJakeChavez**
**#FreshmanAdvice** Hættu núna, þú mokgræðir á því að gerast fatafella.



booty lord
**@Katelynn-Little**
**6. ágúst**
**#FreshmanAdvice** Ef einhver segist ekki vera með blýant til að lána þér, er sá hinn sami að ljúga.



Jack
**@jackthelowe**
**6. ágúst**
**#FreshmanAdvice** Ekki vera busi.

# Svona nýtir þú afraksturinn úr berjamó

**Sjónvarpskokkurinn Hrefna Rósa Sætran deilir með lesendum Fréttablaðsins þremur skemmtilegum og bragðgóðum uppskriftum þar sem meginuppistaðan er bláber úr berjamó. Úr bláberjum er nefnilega hægt að búa til margt annað en sultu og bláberjavín.**

Bláber þykja góður matur og berjatínsla virðist vera að njóta vaxandi vinsælda, þá sérstaklega meðal yngri kynslóða. Ólíkar aðferðir eru notaðar þegar kemur að berjatínslunni. Sumir nota hendurnar einar eða einfaldar berjatínur. Þá eru til nýstárlegri aðferðir líkt og tveggja handa berjatínur.



En hvað er hægt að gera við afraksturinn úr berjamó, annað en að búa til sultu og bláberjavín?

„Bláber eru mjög vinsæl á mínu heimili," segir Hrefna Rósa Sætran, sjónvarpskokkur og eigandi Grill- og Fiskmarkaðarins. „Börnin mín borða nánast eina öskju daglega og við notum þau í margt."

Hér að neðan fylgja þrjár sniðugar uppskriftir úr smiðju Hrefnu Sætran sem hægt er að nýta afraksturinn úr berjamó í.

**1** „Það er til dæmis sniðugt að útbúa svona heimatilbúna bláberjafrostpinna úr bláberjum. Þá blandar maður saman vatni, bláberjum og smá sykri í potti og sýður þar til sykurinn hefur leyst upp. Svo kælir maður vökvann, blandar saman við hann smá sýrðum rjóma og setur í form og frystir."

**2** „Ég nota líka oft bláber í salat. Spínat, bláber, balsamikedik og saltaðar möndlur eru mjög góð blanda. Tossað með smá olíu."

**3** „Svo er líka æðislegt að gera samloku úr súrdeigsbrauði, setja á hana geitaost, nokkur bláber og grilla hana í samlokugrilli. Smá hunang yfir samlokuna skemmir ekki fyrir."



1



2



3

ÚTSLAN ER HAFIN, LAUGAVEGI 77

ANNARANNA

American Vintage | Joe´s | Corvari | Muubaa | Gestuz | Nike | Yuko imanishi | Black Lily | Storm&Marie | Thom Krom

Laugavegur 77 | 101 Reykjavík | 551 6565 | annaranna.is | facebook | instagram — Opið mánudaga til föstudaga 10-18, laugardaga 10-17

# TAKK!

Á fjórum dögum hefur okkur tekist með ykkar hjálp að safna saman þeim skiptibókum sem ykkur vantar fyrir veturinn. Þið brugðust skjótt við kalli okkar um aðstoð og erum við nú tilbúin að opna skólamarkaðinn í Laugardalshöll. Griffill opnar í dag kl.13 og verður nóg til af nýjum og notuðum bókum, skólavörum og öllu því sem við kemur náminu.

Hægt er að nálgast lista yfir skiptibækur bæði með innkaups- og söluverði á heimasíðu Griffils og ýmsar aðrar upplýsingar á Facebook.

Takk kærlega
Starfsfólk Griffils



# LAUGARDALSHÖLL

## GRIFFILL MARKAÐUR!

GRIFFILL SÍMI: 533-1010
WWW.GRIFFILL.IS
LAUGARDALSHÖLL

GRIFFILL

# Tjöld tókust á loft

Ernir Skorri Pétursson og félagar hans hjá Rentatent höfðu í nógu að snúast í rokinu sem skall á aðfaranótt mánudags á Þjóðhátíð í Eyjum. Fjöldi tjalda eyðilagðist og mikið gekk á.

„Það voru leigð hjá okkur 160 tjöld samanlagt af 3 týpum sem gera um 700 einstaklinga í gistingu hjá okkur. Það var því gífurleg ábyrgð á okkar herðum og óþægilegt að vera svona máttvana gagnvart veðurguðunum og geta lítið annað gert en að takmarka óþægindi hvers og eins gests,“ segir Ernir Skorri Pétursson, annar af eigendum Rentatent.is en mikið var að gera hjá liðsmönnum fyrirtækisins á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina.

Mikill vindur sett svip sinn á hátíðina aðfaranótt mánudags og mældist hann 28 metrar á sekúndu í verstu hviðum og blés fram undir hádegi á mánudag. Stór hluti allra tjalda í Eyjum eyðilagðist og sömu sögu var að segja um tjöldin á Rentatent-svæðinu. „Þetta var vissulega mjög erfitt um tíma aðfaranótt mánudags og fram undir morgun en heilt yfir gekk þetta mjög vel. Allt okkar starfsfólk var að nánast alla nóttina að hæla niður og hlúa að tjöldum og búnaði í vindinum, það gekk ágætlega framan af en svo þegar að vindurinn tók að aukast þegar leið á nóttina var þetta orðið erfitt og tjöld og annað fór að fjúka. Maður sá alveg glitta í fljúgandi tjöld í heilu lagi í Herjólfsdalnum,“ útskýrir Ernir Skorri.

Er hægt að undirbúa sig fyrir svona aðstæður? „Við gerðum í raun ráð fyrir að þetta gæti gerst og vorum með viðbragðsáætlun klára. Um leið og við sáum hvað í stefndi báðum við um að íþróttahúsið yrði opnað en við vorum með nokkur hundruð dýnur umfram þær sem hægt var að leigja til að tækla aðstæður sem þessar. Við sendum strax hluta af okkar fólki í íþróttahúsið að blása þær upp og taka á móti okkar gestum. Við vorum einnig með aukalega 45 tjöld á staðnum til að skipta út fyrir þau sem gáfu sig ef aðstæður hefðu leyft.“

Viðskiptavinir Rentatent.is tóku óveðrinu með jafnaðargeði og illa leiknir Þjóðhátíðargestir voru ánægðir með að fá þak yfir höfuðið í íþróttahúsi ÍBV. „Það gerðu sér allir grein fyrir því að þetta voru óviðráðanlegar aðstæður og við fundum fyrir miklu þakklæti fyrir að gera allt sem í okkar valdi stóð.“ Spurður út í hvort eyðilegging á mörgum tjöldum hafi áhrif á framhaldið hjá þeim félögum segir hann: „Þetta er auðvitað mjög mikið tjón en við munum yfirstíga þetta eins og allt annað. Ég er enn að vinna í því að koma óskilamunum okkar fólks til síns heima og stefni á að fara fyrir búnaðinn og stöðuna í næstu viku.“

gunnarleo@frettabladid.is



**FYRIR ROKIÐ** Svona leit hluti tjaldsvæðis Rentatent út áður en vindurinn tók að aukast. MYND/EINKASAFN

**Þetta er auðvitað mjög mikið tjón en við munum yfirstíga þetta eins og allt annað. Ég er enn að vinna í því að koma óskilamunum okkar fólks til síns heima og stefni á að fara fyrir búnaðinn og stöðuna í næstu viku.**



**NÓG AÐ GERA** Hér sjáum við hvernig hluti svæðisins leit út þegar leið á aðfaranótt mánudags.



**Í ROKINU** Starfmenn Rentatent höfðu í nógu að snúast þegar rokið skall á.

# Það eru margir intersex án þess að hafa hugmynd um það

Ég sá ótrúlega áhugaverða heimildarmynd um intersex í boði Hinsegin daga. Myndin heitir Intersexion og rekur sögu nokkurra intersex-einstaklinga, bæði persónulega og læknisfræðilega. Hjartað mitt kramdist oft og mörgum sinnum er einstaklingar greindu frá alls konar tilraunastarfsemi skurðlækna og útskúfun samfélagsins. Foreldrarnir treystu og trúðu læknunum sem horfðu á gullfallegt nýfætt barn en í stað þess að sjá kraftaverk, fullkomnun og fegurð, sáu bara eitthvað sem þurfti að laga. Eitthvað var öðruvísi en þeirra læknisfræðilega fyrirfram skilgreinda mót.

Barn með „óþægileg“ kynfæri er best að skera, teygja, sauma, dæla í hormónum og lyfjum, segja foreldrunum hvernig skuli ala það upp og gera barnið svo að ævilöngum spítalagesti. Kynfærin voru endurhönnuð til að falla í „eðlilegt“ mót. Annað gæti verið hættulegt, jafnvel leitt af sér stríðni, eða það sem ekki má segja og er með öllu óhugsandi, kynlífsleysi því enginn vill stunda kynlíf með ljótum hálfkláruðum kynfærum.

Ég steingleymdi að segja þér hvað intersex er. Einstaklingar sem fæðast með kynfæri sem eru tvíræð í útliti teljast sem intersex. En það er ekki alveg svo auðvelt því kynfærin geta litið „venjulega“ út utan á en eru það mögulega ekki að innan. Það kemur þá ekki í ljós fyrr en um kynþroska þegar hann lætur á sér standa eða seinna þegar fólki gengur erfiðlega að geta barn. Það er áætlað að um 1,7% einstaklinga séu intersex en aðeins brot af þeim einstaklingum sé með tvíræð kynfæri og því eru margir intersex án þess að vita af því. Færustu sérfræðingar og heilbrigðissamtök hvetja foreldra til þess að láta ekki barnið undir skurðarhnífinn heldur bíða og sjá hvað barnið vill gera þegar það hefur aldur og vit til. Sumir vilja láta breyta kynfærunum og aðrir láta þau ósnert. Hér gildir val.

Það var svo augljóst í heimildarmyndinni að við þurfum að átta okkur á fjölbreytileika mannslíkamans og hætta að halda að kynlífi snúi að samförum lims og legganga. Kynlíf snýst um unað og þar er stærð kynfæranna ekki lykilatriði heldur einstaklingurinn og hversu vel honum líður í eigin skinni.

Í kynfæramyndatökunni hjá mér um daginn töluðu margir þátttakendur um kynfæraskömm. Hversu erfitt það var að vera á einhvern hátt öðru vísi. Það er svo merkilegt að við skulum flokka eitthvað sem öðru vísi þegar það er ekki til neitt viðmið, það er ekki til nein fullkomnun nema fjölbreytileikinn. Það er mikilvægt að við förum að átta okkur á því. Við erum einstaklingar en ekki klofið á okkur. Klof mitt segir hvorki til um hver uppáhaldsliturinn minn sé né hvernig kynlíf ég stunda.

Nýlega voru stofnuð intersexsamtök á Íslandi, sem betur fer. Nú er nefnilega komið nóg og við skulum segja stopp við tilraunastarfsemi. Við ætlum að fagna fjölbreytileikanum og hvert öðru. Gleðilega Hinsegin daga.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800 • Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100 OPNUNARTÍMI: Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰, Laugardaga 11⁰⁰–16⁰⁰

# FARTÖLVUR FYRIR SKÓLANN OG HEIMILIÐ !



acer

## BRJÁLAÐ SKÓLAVERÐ

Þessi fer hratt. Einstakt verð fyrir 15,6" fartölvu sem hentar vel í alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 500GB harður diskur og öll nýjustu tengi eins og USB3.0 og HDMI.

**49.990**

ACE-NXMGREK005




## EIN SÚ VINSÆLASTA



Ein sú vinsælustu fyrir skólann og heimilið. Mjög hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium örgjörva. 500GB harður diskur og Intel HD skjákort.

TOSHIBA
TOS-C50B133

**69.990**

## TRANSFORMER BOOK



Ofurþunn og fislétt glósutölva. Losa má skjáinn frá lyklaborðinu og nota sem spjaldtölvu. Fjögurra kjarna Intel Atom örgjörvi, 64GB Flash diskur og 10,1" HD LED IPS skjár.

ASUS
ASU-T100TADK003H

**79.990**

## HVÍT MEÐ AMD A6



15,6"

Kraftmikil blanda AMD A6 örgjörvans, Radeon HD8400 skjákortsins og 8GB vinnsluminnis. Glæsilega hvít og sterkbyggð. Stór 1TB gagnadiskur fyrir gögn og myndefni.

TOSHIBA
TOS-L50DB12K

**99.990**

## FULL HÁSKERPA OG i5



Silfurlituð fartölva með Intel i5 Haswell örgjörva og 15,6" FullHD skjá með frábærum myndgæðum og skerpu. 8GB vinnsluminni og 1TB gagnadiskur.

TOSHIBA
TOS-L50B15N

**129.990**

## EINSTAKT VERÐ Á INTEL i7



Intel i7 Haswell örgjörvi fyrir þunga og vinnslu ásamt 2GB AMD R7 M260 skjákorti fyrir betri grafík og leiki. Þunn, meðfærileg og með lengri rafhlöðuendingu.

TOSHIBA
TOS-L50B1LF

**139.990**

## BESTA KORTIÐ Í LEIKINA



Með besta skjákortinu í 15,6" fartölvulínunni okkar – 4GB GeForce nVidia GTX850M. Frábær Intel i7 örgjörvi, 8GB vinnsluminni og 1TB harður diskur.

acer
ACE-NXMQ4ED025

**179.990**

tl.is




**OPIÐ ALLA DAGA Í ÁGÚST**
Á SUÐURLANDSBRAUT

ALLT ÚRVALIÐ Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

# Ef ég hefði verið í takkaskóm

**BAKÞANKAR**
Atli Fannars
Bjarkasonar



Sumir segja að þegar fólk kemst nálægt því að lenda í stórslysi þá sjái það líf sitt þjóta hjá. Ég upplifði slíkt augnablik um helgina.

**SPÓLUM** til baka. Árið er 1996. Inni í lítilli blokkaríbúð á Selfossi sitjum við félagarnir og spilum tölvuleik í Nintendo. Skyndilega kemur mamma vinar míns heim og spyr hvers vegna við séum ekki á fótboltaæfingu. Við rjúkum út á Selfossvöll þar sem æfingin er hafin. Ég var búinn að steingleyma æfingunni og var því klæddur í gúmmítúttur. Ef ég hefði verið í takkaskóm hefði ég kannski staðið mig betur á æfingunni. Ég hefði haldið áfram að æfa og seinna spilað með meistaraflokki Selfoss.

**SEM** færir okkur til ársins 2003. Ef ég hefði valið fótboltann hefði tónlistarsmekkur minn óneitanlega þróast öðruvísi en hann gerði. Ég hefði því aldrei stofnað rokkhljómsveit með vinum mínum og í staðinn valið að syngja með popphljómsveitinni sem sömu vinir höfðu stofnað nokkrum árum áður. Þeir höfðu einmitt ekki fundið rétta söngvarann fyrr en ungur fótboltastrákur kom til sögunnar.

**FÆRUM** okkur til ársins 2005. Stöð 2 leitar að þátttakendum í Idol stjörnuleit. Ef ég hefði verið í takkaskóm sumarið ’96 og þar af leiðandi hlustað á öðruvísi tónlist, sem hefði opnað dyrnar að poppinu í stað rokksins, hefði ég slegið í gegn í Idolinu.

**AFTUR** til dagsins í dag. Herjólfsdalur, sunnudagurinn 3. ágúst 2014. Öllum að óvörum lagði Árni Johnsen gítarinn á hilluna í fyrra og þjóðhátíðarnefnd fyllir skarðið með ungum söngvara. Það hefur ekki slæm áhrif á mætinguna því í brekkunni sitja 16 þúsund manns og bíða eftir að fá að þenja rispuð raddböndin undir gítarleik og söng fótboltastráksins frá Selfossi sem vann hugi og hjörtu þjóðarinnar í Idolinu fyrir tæpum áratug.

**HUGSIÐ** ykkur: Ef ég hefði verið í takkaskóm en ekki gúmmítúttum sumarið ’96 hefði þessi strákur verið ég. Og það hefði verið stórslys. Ég kann ekki einu sinni á gítar. Takk, Ingó.



**GLEÐIPINNI** Tónlistarmaðurinn Bryan Adams ætlar að taka þátt í gleðigöngunni um helgina.

# Adams tekur líklega þátt í gleðigöngunni

Kanadíska tónlistarmanninn Bryan Adams langar að taka myndir í gleðigöngunni.

„Hann er margverðlaunaður ljósmyndari og hefur haldið sýningar úti um allan heim og svo er hann mikill baráttumaður fyrir mannréttindum þannig að mér þætti það ekki ólíklegt að hann kíkti í gönguna og jafnvel með myndavélina á sér,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson um Bryan Adams en hann stendur fyrir tónleikum kanadíska tónlistarmannsins sem fram fara um helgina á laugardags- og sunnudagskvöld.

Bryan Adams er einnig ötull baráttumaður fyrir réttindum dýra, enda grænmetisæta, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Bryan lýst yfir áhuga á að fylgjast með gleðigöngunni og jafnvel taka myndavélina sína með.

„Hann verður hérna í rólegheitum á milli tónleika þannig að hann á líklega eftir að kíkja í bæinn en svo veit ég að hann hefur mikinn áhuga á að fara Gullna hringinn og í Bláa lónið, þannig að fólk getur alveg rekist á kappann,“ bætir Guðbjartur við.

Spurður út í kröfulista kanadísku goðsagnarinnar segist Guðbjartur hann hófsaman og heilbrigðan. „Hann er náttúrulega „vegan“ þannig að hann drekkur ekki einu sinni mjólk né borðar osta þannig að hann reddar sér með því að koma með sinn eigin kokk, sem sér til þess að hann fái góða máltíð,“ útskýrir Guðbjartur.

Hann bætir þó við að hann langi til þess að kynna íslenska grænmetisveitingastaði fyrir Adams. „Það væri gaman að fara með hann á einhvern góðan stað á meðan hann dvelur hér en Neil Young sem var hér fyrir skömmu var svakalega ánægður með Gló þannig að það er aldrei að vita nema að Bryan Adams verði besti vinur Gló líkt og Young,“ segir Guðbjartur og hlær.

> **Hann hefur mikinn áhuga á að fara Gullna hringinn og í Bláa lónið, þannig að fólk getur alveg hitt á kappann.**
>
> *Guðbjartur Hannesson*

Bryan Adams verður með tvenna tónleika nú um helgina í Eldborgarsal Hörpu og er uppselt á hvora tveggja. Þessi hljómleikaferð er kölluð The Bare Bones Tour en hann verður einn með gítarinn sinn og munnhörpu ásamt píanóleikara og flytur öll sín vinsælustu lög. Bare Bones-ferðin hefur fengið gríðarlega góða dóma alls staðar og er þetta einstakt tækifæri til að sjá kappann í návígi og jafnvel biðja um óskalag. „Það kom mér mikið á óvart að það skyldi seljast upp svona svakalega snögglega.“ Það seldist upp á fyrri tónleikana á um þremur til fjórum mínútum og svo á innan við sólarhring á seinni tónleikana. -glp


LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| LUCY | 6, 8, 10(P) | 16 |
| NIKULÁS LITLI | 3:50 | L |
| HERCULES | 8, 10:10 | 12 |
| SEX TAPE | 8 | 14 |
| PLANET OF THE APES 3D | 10:10 | 14 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 5 | L |
| 22 JUMP STREET | 5 | 12 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY KL. 3D: 3 - 5:30 - 8 - 10:40 2D: 3:20 - 10:40 | | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY VIP 2D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | | |
| LUCY | KL. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| HERCULES | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| CHEF | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | 12 |
| TAMMY | KL. 8 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | 7 |
| MALEFICENT 2D | KL. 3:40 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| LUCY | KL. 8 | 16 |
| HERCULES | KL. 10:10 | 12 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 7 - 9:30 | | 12 |
| HERCULES | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| TAMMY | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| TRANSFORMERS 4 2D | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY KL. 3D: 5 - 8 - 10:15 2D: 5:30 - 8 - 10:30 | | 12 |
| HERCULES | KL. 10:30 | 12 |
| CHEF | KL. 5:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HERCULES | KL. 10:10 | 12 |
| CHEF | KL. 8 | 12 |
| TAMMY | KL. 5:50 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| LUCY | KL. 3:10 - 5:40 - 8 - 10:10 | 16 |
| LUCY LÚXUS | KL. 10:40 | 16 |
| GUARDIAN OF THE GALAXY 3D | KL. 3:10 - 5 - 8 - 10:40 | 12 |
| GUARDIAN OF THE GALAXY 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| SEX TAPE | KL. 8 - 10:10 | 14 |
| DAWN_PLANET OF THE APES 3D | KL. 8 - 10:45 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL. 3:30 - 5:45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL. 5:20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| LUCY | KL. 5:50 - 8 (GÆÐAS) - 10:10 | 16 |
| NIKULÁS Í FRÍI | KL. 5:45 - 8 | L |
| SEX TAPE | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | 14 |
| DAWN_PLANET OF THE APES 3D | KL. 10:15 | 14 |
| 22 JUMP STREET | KL. 10:40 | 12 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL. 5:20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL. 8 | 14 |

Miðasala á: e Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




MONTY PYTHON LIVE (mostly) 7 - 12 ÁGÚST: 20.00
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# „Kolbleisaðir“ inni á vellinum

## Erpur Eyvindarson hyggst setja saman mýrarboltalið til heiðurs Maradona

„Við rúllum þessu upp á næsta ári,“ segir Erpur Eyvindarson tónlistarmaður um liðið sem hann hyggst setja saman og skrá til leiks í Mýrarboltanum á Ísafirði á næsta ári. Liðið mun koma til með að heita Maradona Social Club og er einn angi samnefnds klúbbs Erps og félaga sem snýst um að tileinka sér líferni argentínsku knattspyrnugoðsagnarinnar Diego Maradona.

„Þetta verður allt í anda Maradona,“ útskýrir Erpur. „Menn verða kolbleisaðir en skila tuðrunni í markið.“

Maradona var ekki síður þekktur fyrir uppátæki sín utan vallar en fimi sína inni á vellinum og undirflokkar klúbbsins eru meðal annars romm- og vindlaklúbburinn Rommstúkan, ferðafélagið Blackout og kynlífsklúbburinn Brúðarkjóllinn. Sá síðastnefndi er að sögn Erps „ekkert sérstaklega aktífur“.

Eins og allir vita sem tekið hafa þátt í mýrarbolta tekur talsvert á að hreyfa sig í drullunni fyrir vestan. Erpur hefur þó engar áhyggjur af því að Maradona-menn verði ekki í nógu góðu formi.

„Við erum að vinna með fjöldann,“ segir Erpur. „Sameiginlegt þol okkar er gríðarlegt. Menn verða ekkert lengur inni á en bara til að skora sitt mark og svo kemur næsti.“ **- bá**




FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**ERPUR EYVINDARSON** Rapparinn segir að nýja liðið verði „illa gott“.



**ALLT Á UPPLEIÐ** Selena Gomez er hæfileikarík ung stúlka.

## Selena Gomez og Adidas

Söngkonan Selena Gomez er þekkt fyrir meira en ljúfu söngröddina en hún þykir einnig vera ein fallegasta stúlkan í tónlistarbransanum í dag. Hefur hin unga tónlistarkona nú gengið til liðs við vörumerkið Adidas fyrir nýja tískulínu merkisins. Ekki einungis mun hún sitja fyrir á ljósmyndum af nýju línunni heldur er hún einnig gestahönnuður og mun því fá að setja sinn svip á nýju línuna. Við fyrstu sýn má sjá ýmislegt fallegt í fatalínunni, meðal annars ermalausar gallaskyrtur og svonefnda bomber-jakka en ljóst er að unga tónlistarkonan er á uppleið á fleiri sviðum en bara tónlistinni.



**MARTHA STEWART** AFP/NORDICPHOTOS

## Systir Mörthu Stewart látin

Systir Mörthu Stewart, Laura Plimpton, lést á þriðjudag. Hún fékk blóðtappa í heila.

Andlát hinnar 59 ára gömlu Plimpton var tilkynnt starfsmönnum Stewart í tölvupósti, en Plimpton hafði starfað við hlið systur sinnar í meira en 25 ár. Í tölvupóstinum segir að eiginmaður Plimpton hafi flýtt sér með hana á spítala þegar hún kenndi sér meins á þriðjudaginn, en tilraunir til endurlífgunar hafi mátt sín einskis.

Plimpton skilur eftir sig þrjú börn og var lýst í umræddum tölvupósti, sem breski vefmiðillinn Daily Mail komst yfir, sem „framúrskarandi starfsmanni, móður, eiginkonu og systur“. **-ósk**



**NORA EPHRON** AFP/NORDICPHOTOS

## Ný Noru Ephron-mynd í bígerð

Ný kvikmynd eftir einn farsælasta handritshöfund seinni tíma er í bígerð, tveimur árum eftir andlát hennar.

Nora Ephron, sem skrifaði handrit að kvikmyndum á borð við You've Got Mail, When Harry Met Sally, Sleepless in Seattle og Julie & Julia var að vinna að nýju handriti þegar hún lést. Handritið er aðlögun að bresku mínísería unni Lost in Austen og fjallar um konu í Brooklyn sem ferðast aftur í tímann, alveg aftur til þess tíma er Jane Austen var uppi.

Carrie Brownstein kemur til með að leggja lokahönd á handritið og Columbia Pictures mun framleiða. **-ósk**

ms.is




DALA FETA FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR

Dala Feta er vinsæll í salöt og sem snarl með ólífum. Hann er skemmtileg viðbót á ostabakkann og tilvalinn í ofnbakaða rétti og á pizzur.






HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

**ENSKA ÚRVALSDEILDIN** HEFST EFTIR **9 DAGA**



**visir.is**
Finna má meira um ensku úrvalsdeildina á Vísi

## Stjörnuleikmaðurinn

**DANNY INGS** fór á kostum fyrir Burnley á síðustu leiktíð. Hann skoraði 21 mark í 40 leik og myndaði eitrað framherjapar með Sam Vokes. Sá síðarnefndi missir hins vegar af fyrri helmingi tímabilsins vegna meiðsla og því er enn mikilvægara en ella að Ings spili vel. Ings, sem er 22 ára, er alinn upp hjá Bournemouth, en hefur verið í herbúðum Burnley síðan í ágúst 2011. Hann er lipur með boltann, með flottar hraðabreytingar og er, auk þess að vera markaskorari, duglegur að leika samherja sína uppi. Flestir búast við að Burnley, sem kemur frá lítilli borg í Lancashire og hefur úr litlum fjármunum að spila, falli, en ef Ings er í stuði er ýmislegt hægt.

## Fimm lið sem berjast fyrir lífi sínu í ár

Fréttablaðið mun á næstu dögum birta spá sína fyrir ensku úrvalsdeildina í fótbolta og við byrjum á fallbaráttunni.

Aðeins einn af þremur nýliðum mun halda sæti sínu og það eru Harry Redknapp og lærisveinar hans í QPR. Leicester og Burnley stóðu sig gríðarlega vel í fyrra en eru einfaldlega ekki með nógu sterka leikmannahópa til að halda sér í deild þeirra bestu. WBA er með fína vörn og góðan markmann, en sóknarleikurinn er með afbrigðum bitlaus og það verður liðinu að falli. Steve Bruce gerði frábæra hluti með Hull á síðustu leiktíð, en þátttaka í Evrópudeildinni mun hafa truflandi áhrif.

### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

| | |
|---|---|
| **Englandsmeistari** | ??? |
| 2. ??? | 3. ??? |
| 4. ??? | 5. ??? |
| 6. ??? | 7. ??? |
| 8. ??? | 9. ??? |
| 10. ??? | 11. Á morgun |
| 12. Á morgun | 13. Á morgun |
| 14. Á morgun | 15. Á morgun |
| 16. Hull | 17. QPR |
| **Þessi lið falla** | |
| 18. WBA | 19. Leicester |
| 20. Burnley | |

## NÝJU ANDLITIN



**ROBERT SNODGRASS**
Fór frá Norwich
→ Gekk til liðs við Hull City

**RIO FERDINAND**
Fór frá Manchester United
→ Gekk til liðs við QPR

**JOLEAN LESCOTT**
Fór frá Manchester City
→ Gekk til liðs við WBA

---

**4-3** | **Vodafonevöllur** Áhorf: 852 **Kristinn Jakobsson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Sigurður Egill Lárusson (24.), 2-0 Daði Bergsson (31.), 3-0 Daði Bergsson (35.), 3-1 Þórir Guðjónsson (49.), 4-1 Kristinn Ingi Halldórsson (62.), 4-2 Aron Sigurðarson (72.), 4-3 Aron Sigurðarson (82.).

**VALUR (5-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 5 - Billy Berntsson 5, Magnús Már Lúðvíksson 6, Mads Nielsen 5, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Iain Williamsson 5 (78., Halldór Hermann Jónsson), Tonny Mawejje 7, Kristinn Freyr Sigurðsson 6 - Daði Bergsson 8 (56., Kristinn Ingi Halldórsson 6), Patrick Pedersen 6 (85., Haukur Páll Sigurðsson -), Sigurður Egill Lárusson 7.

**FJÖLNIR (4-3-3):** Þórður Ingason 5 - Árni Kristinn Gunnarsson 3, Atli Már Þorbergsson 4, Bergsveinn Ólafsson 5, Matthew Ratajczak 5 - Illugi Gunnarsson 5, Guðmundur Böðvar Guðjónsson 4 (46., Aron Sigurðarson 8*), Gunnar Már Guðmundsson 6 - Ragnar Leósson 6, Þórir Guðjónsson 6 (77., Cristhopher Tsonis -), Guðmundur Karl Guðmundsson 5 (46., Viðar Ari Jónsson 5). .

**Skot (á mark):** 11-13 (7-7) **Horn**: 4-5

**Varin skot:** Fjalar 4 - Þórður 2.

**DAÐI BERGSSON** hefur skorað 3 mörk á fyrstu 176 mínútum sínum í Pepsi-deildinni og Valsmenn hafa unnið þessar mínútur 5-2.

## PEPSI-DEILDIN 2014

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 13 | 9 | 4 | 0 | 24-8 | 31 |
| Stjarnan | 13 | 8 | 5 | 0 | 24-14 | 29 |
| Víkingur R. | 13 | 8 | 1 | 4 | 18-14 | 25 |
| KR | 13 | 7 | 2 | 4 | 20-15 | 23 |
| Valur | 14 | 6 | 3 | 5 | 23-23 | 21 |
| Keflavík | 14 | 4 | 6 | 4 | 22-20 | 18 |
| Fjölnir | 14 | 3 | 5 | 6 | 24-26 | 14 |
| Breiðablik | 14 | 2 | 8 | 4 | 20-24 | 14 |
| Fylkir | 14 | 4 | 2 | 8 | 19-27 | 14 |
| ÍBV | 14 | 3 | 4 | 7 | 19-24 | 13 |
| Fram | 14 | 3 | 3 | 8 | 17-27 | -12 |
| Þór | 14 | 2 | 3 | 9 | 19-27 | 9 |

### MARKAHÆSTIR

7 - Jonathan Ricardo Glenn (ÍBV) og Hörður Sveinsson (Keflavík).
6 - Jeppe Hansen (Stjarnan), Atli Viðar Björnsson (FH) og Ólafur Karl Finsen (Stjarnan).

### NÆSTU LEIKIR

**Sunnudagur 10. ágúst**: 17.00 ÍBV - FH, 19.15 Fylkir - Víkingur R.. **Mánudagur 11. ágúst**: 19.15 KR - Keflavík, Fjölnir - Breiðablik, Fram - Valur, 20:00 Stjarnan - Þór.

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins



**SIGRI FAGNAÐ** Ingvar Jónsson, í miðju, fagnar sigri á Motherwell ásamt félögum sínum í Stjörnuliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Betri á blautu grasi

Stjörnumenn unnu fyrri leikinn við Lech Poznan og eru fullir bjartsýni fyrir leikinn í Póllandi í kvöld en í húfi er sæti í umspili um sæti í Evrópudeildinni.

**FÓTBOLTI** Stjarnan mætir pólska liðinu Lech Poznan í seinni leik liðanna í þriðju umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í kvöld. Leikið er ytra, á Inea Stadion, heimavelli Poznan sem tekur rúmlega 43.000 manns í sæti.

Stjörnumenn hafa forystu, 1-0, eftir fyrri leikinn á Samsung-vellinum, en það var Daninn Rolf Toft sem tryggði Garðbæingum sigurinn með marki á 48. mínútu. Poznan-menn sóttu stíft í leiknum og settu mikla pressu á heimamenn, en Stjörnuvörnin hélt sjó og fyrir aftan hana átti Ingvar Jónsson frábæran leik.

### Fullir tilhlökkunar

Ingvar segist vera bjartsýnn fyrir seinni leikinn, en hann var að snæða hádegisverð þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.
„Við erum allir fullir tilhlökkunar og mjög spenntir fyrir leiknum. Við vitum að þetta verður hrikalega erfitt, en það er allt hægt í fótbolta eins og sást í fyrri leiknum," sagði markvörðurinn sem hóf knattspyrnuferilinn hjá Njarðvík, en hefur verið í herbúðum Stjörnunnar frá haustinu 2010.

„Þeir verða væntanlega með 40.000 öskrandi áhorfendur með sér, þannig að þetta verður rosalegt," bætti Ingvar við, en stuðningsmenn Poznan eru meðal þeirra allra hörðustu í Póllandi og eru frægir fyrir sérstakt fagn, þar sem þeir snúa baki í völlinn, taka hver utan um annan og hoppa í takt.

### Vonandi stöndumst við pressuna

Ingvar segir mikilvægt fyrir Stjörnumenn að fá ekki á sig mark snemma leiks í kvöld. „Það verður gríðarlega mikilvægt. Þeir munu setja mikla pressu á okkur, eins og þeir gerðu í fyrri leiknum. Við stóðumst hana þá og vonandi stöndumst við hana aftur. Þetta gekk ágætlega í fyrri leiknum og þeir kvörtuðu mikið yfir aðstæðum," sagði Ingvar og vísaði þar til umkvartana þjálfara Poznan, Mariusz Rumak, eftir fyrri leikinn í Garðabæ. Rumak var ekki ánægður með gervigrasið á Samsung-vellinum og talaði um að boltinn hefði ekki flotið vel á því. „Þeir eru eflaust betri að spila á nýslegnu og blautu grasi," bætti Ingvar við, en hann talaði einnig um að Stjörnumenn þyrftu að hafa góðar gætur á flinkum og fljótum leikmönnum pólska liðsins.

Poznan hefur ekki byrjað vel í pólsku úrvalsdeildinni, en á sunnudaginn tapaði liðið fyrir Wisla Kraków á heimavelli með þremur mörkum gegn tveimur. Eftir þrjár umferðir situr Poznan í 9. sæti með fjögur stig, en Ingvar segir að fyrir vikið muni pólska liðið eflaust mæta enn ákveðnara til leiks: „Þeir eru langt frá því að vera ósigrandi og hafa ekki farið of vel af stað í deildinni, en þeir mæta eflaust enn grimmari til leiks. Það var nóg að gera í fyrri leiknum og það verður örugglega enn meira að gera í kvöld."

### Erum með eitraðar skyndisóknir

Þrátt fyrir að Poznan-liðið sé gríðarlega sterkt og útivöllurinn sterkur hafa Stjörnumenn fulla trú á verkefninu að sögn Ingvars: „Við höfum allir trú á þessu. Maður vissi ekki alveg við hverju átti að búast fyrir fyrri leikinn, en eftir sigurinn hafa allir í félaginu trú á að við getum farið áfram," sagði markvörðurinn öflugi og bætti við:

„Ef við náum að halda markinu hreinu í einhvern tíma gæti gripið um sig örvænting í þeirra liði. Við erum með eitraðar skyndisóknir og ef við náum að skora komumst við í góða stöðu. Og þótt þeir skori 1-2 mörk, þá erum við alltaf inni í leiknum, því eitt útivallarmark dugar okkur.

**- iþs**

---

**4-4** | **Kópavogsvöllur** Áhorf: 802 **Guðmundur Ársæll (5)**

**Mörkin:** 0-1 Aron (5.), 1-1 Guðjón Pétur (36.), 1-2 Elías Már (45.), 2-2 Höskuldur (47.), 2-3 Hörður (50.), 2-4 Frans (69.), 3-4 Stefán Gísla (87.), 4-4 Baldvin (90.+5).

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 4 - Gísli Páll Helgason 5, Elfar Freyr Helgason 3 (82. Olgeir Sigurgeirsson -), Finnur Orri Margeirsson 4, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 5 - Stefán Gíslason 3, Andri Rafn Yeoman 5 (72. Baldvin Sturluson -), Guðjón Pétur Lýðsson 7 - Höskuldur Gunnlaugsson 8, Ellert Hreinsson 4 (66. Elfar Árni Aðalsteinsson 6), **Árni Vilhjálmsson 8**.

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Jonas Sandqvist 5 - Aron Grétar Jafetsson 5, Aron Rúnarsson Heiðdal 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Magnús Þórir Matthíasson 6 - Frans Elvarsson 8, Sindri Snær Magnúss. 6, Jóhann Birnir Guðm. 6 (59. Ray Anthony Jónsson 5) - Elías Már Ómarss. 7 (90. Magnús Sverrir Þorst. -), Bojan Stefán Ljubicic 5 (86. Hilmar Þór Hilmarsson -), Hörður Sveinsson 8.

**Skot (á mark):** 27-12 (10-7) **Horn**: 6-2

**Varin skot:** Gunnleifur 3 - Sandqvist 6

**0-2** | **Þórsvöllur** Áhorf: 666 **Gunnar Jarl Jónsson (8)**

**Mörkin:** 0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (74.), 0-2 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (89.).

**Rauð spjöld:** Chukwudi Chijindu, Þór (82.) og Tryggvi Sveinn Bjarnason, Fram (82.).

**ÞÓR (4-3-3):** Sandor Matus 5 - Sveinn Elías Jónsson 5, Orri Freyr Hjaltalín 5, Hlynur Atli Magnússon 4, Ingi Freyr Hilmarsson 5 - Shawn Nicklaw 6, Ármann Pétur Ævarsson 5, Kristinn Þór Björnsson 5 (64. Sigurður Marinó Kristjánsson 5) - Jóhann Helgi Hannesson 5, Þórður Birgisson 5, Chukwudi Chijindu 4

**FRAM (4-3-3):** Denis Cardaklija 6 - Jóhannes Karl Guðjónsson 6, Ingiberg Ólafur Jónsson 5, Tryggvi Sveinn Bjarnason 4, Orri Gunnarsson 5 - Daði Guðmundsson 5, Halldór Arnarsson 5, Aron Bjarnason 5 (85. Einar Bjarni Ómarsson -) - Aron Þórður Albertsson 5 (69. Hafþór Mar Aðalgeirsson -), Haukur Baldvinsson 5, (90. Alexander Már Þorláksson -) ***Guðmundur Steinn Hafsteinsson 8**.

**Skot (á mark):** 17-6 (2-4) **Horn**: 9-1

**Varin skot:** Sandor 1 - Denis 2

**3-1** | **Fylkisvöllur** Áhorf: 785 **Ívar Orri Kristjánss. (7)**

**Mörkin:** 1-0 Agnar Bragi Magnússon (25.), 2-0 Albert Brynjar Ingason (41.), 2-1 Andri Ólafsson (80.), 3-1 Sjálfsmark Eiðs Arons Sigurbjörnss. (87.).

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Kristján Valdimarsson 5, Ásgeir Eyþórsson 5, Tómas Joð Þorsteinsson 6 - Agnar Bragi Magnússon 6 (46. Kjartan Ágúst Breiðdal 5), Elís Rafn Björnsson 6, Oddur Ingi Guðmundsson 6 - Ásgeir Örn Arnþórsson 5 (88. Ragnar Bragi Sveinsson -), ***Andrés Már Jóhannesson 6** (76. Daði Ólafsson -), Albert Brynjar Ingason 6.

**ÍBV (4-3-3):** Abel Dhaira 5 - Bjarni Gunnarsson 4, Brynjar Gauti Guðjónsson 3, Eiður Aron Sigurbjörnsson 2, Matt Garner 4 - Ian Jeffs 4 (72. Jón Ingason -), Andri Ólafsson 3 (88. Arnar Bragi Bergsson -), Víðir Þorvarðarson 4 - Dean Martin 5 (64. Atli Fannar Jónsson 4), Þórarinn Ingi Valdimarsson 4, Jonathan Glenn 4.

**Skot (á mark):** 14-12 (5-7) **Horn**: 2-8

**Varin skot:** Bjarni Þórður 6 - Abel 3




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
GRÍSAKJÖT Á GRILLIÐ
1198 kr. kg
Bónus BBQ grísahnakki
1198 kr. kg
BBQ grísakótilettur m.beini
FORKRYDDAÐ
898 kr. kg.
Bónus Grill grísabógsneiðar
1398 kr. kg
Bónus Grísakótilettur úrb.
698 kr. kg.
Bónus ferskir kjúklingaleggir
1995 kr. kg
Bónus ferskar kjúklingabringur
698 kr. kg.
Bónus fersk kjúklingalæri
298 kr. kg.
Bónus ferskir kjúklingavængir
759 kr. kg.
Bónus ferskur heill kjúklingur
ÍSLANDS LAMB
1198 kr. kg
Íslandslamb Ferskir lambaskankar
1198 krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ
FERSKT GRÍSAKJÖT
ÍSLANDS GRÍS
698 kr. kg.
Ferskt Grísahakk
BÓNUS BRAUÐ 1 kg.
229 kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.
13 SAMLOKUR
1198 krónur kg.
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
998 kr. kg.
Ferskar Grísakótilettur
1398 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
1098 kr. kg
Ferskar Grísahnakkasneiðar úrb.
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30



**MARKAHÆSTUR** Atli Guðnason hefur bæði skorað flest Evrópumörk FH í sumar og í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Heimir gerir breytingar

**FÓTBOLTI** Seinni leikur FH og Elfsborgar frá Svíþjóð í 3. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar fer fram á Kaplakrikavelli í kvöld.

Þrátt fyrir 4-1 tap í fyrri leiknum ytra sér Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sóknarfæri í leiknum: „Við spiluðum að mörgu leyti góðan leik úti í Svíþjóð, en við misstum einbeitinguna undir lokin og gerðum mistök sem þeir refsuðu okkur fyrir. Það eru ákveðnir veikleikar í varnarleiknum hjá Elfsborg sem við þurfum að nýta okkur í kvöld og svo þurfum við að verjast mjög vel sem lið,“ sagði Heimir.

Hann bætti við að FH-ingar gætu tekið ýmislegt jákvætt út úr fyrri leiknum, en FH-ingar höfðu í fullu tré við Svíana lengst af. Aðspurður hvort FH-ingar ætli að breyta uppleggi sínu fyrir leikinn í kvöld, í ljósi þess að þeir þurfa að skora a.m.k. þrjú mörk, sagði Heimir: „Við munum gera breytingar á milli leikja. Það er alveg á hreinu.“ -iþs



**FORMAÐURINN** Guðmundur B. Ólafsson sat fund með IHF. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Moustafa gaf engin svör

**HANDBOLTI** Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, og Davíð Gíslason, varaformaður HSÍ, sátu tveggja tíma fund með Hassan Moustafa, formanni Alþjóðahandknattleikssambandsins, í höfuðstöðvum IHF í Basel í gær. Varaformaður IHF og mótastjóri sátu einnig fundinn.

„Þau ætla að skoða það sín megin hvort hægt sé að finna lausn á einhverju af því sem við veltum upp. Það hefur verið í umræðunni að fjölga liðum á HM og svo kemur enn til greina að leysa úr þessum ágreiningi fyrir dómstólum,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið eftir fundinn.

„Þau vildu skoða þetta en svöruðu okkur ekki af eða á. Við ætlum að gefa þeim nokkra daga til að svara okkur,“ sagði Guðmundur B. Ólafsson. - tom

## Öll settu met

**SUND** Jón Margeir Sverrisson (100 metra bringusund), Thelma Björg Björnsdóttir (50 metra skriðsund) og Kolbrún Alda Stefánsdóttir (100 metra bringusund) settu öll Íslandsmet þegar þau syntu í úrslitum á þriðja keppnisdegi á Evrópumeistaramóti fatlaðra í sundi í Hollandi í gær.

Thelma Björg og Kolbrún Alda settu líka Íslandsmet í undanrásunum og Kolbrún Alda náði einnig að setja Íslandsmet með því að ná flottum millitíma í 50 metra bringusundi og setti því alls þrjú Íslandsmet í gær. Það féllu því alls sex Íslandsmet í gær.

Jón Margeir náði aftur á móti besta árangri þeirra þriggja með því að ná fjórða sætinu í 100 metra bringusundi. - óój

# Dómarinn stöðvaði Mist en ekki lyfjagjöfin

Mist Edvardsdóttir hefur aðeins misst af einum leik þrátt fyrir að vera í lyfjameðferð vegna eitlakrabbameins og það var vegna leikbanns. Hárið varð að fjúka en Mist er staðráðin í því að klára tímabilið.

**FÓTBOLTI** Mist Edvardsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu og leikmaður Vals, greindist með krabbamein í eitlum fyrr á árinu en hefur ekki látið það stoppa sig í boltanum því hún hefur náð að spila og æfa á fullu meðfram því að vera í lyfjameðferð. Mist hefur spilað 814 af 990 mögulegum mínútum í boði hjá Valsliðinu í Pepsi-deildinni í sumar og var aðeins búin að missa úr 24 mínútur þegar hún fékk rautt spjald í leik á móti Þór/KA á dögunum.

„Ég hafði náð að spila alla leiki þangað til að Garðar Örn tók sig til og sendi mig í bann,“ segir Mist í léttum tón en það var Rauði baróninn Garðar Örn Hinriksson sem gaf henni rauða spjaldið á 28. mínútu í leiknum við norðanstúlkur. Mist missti þar með af sínum fyrsta deildarleik í síðustu umferð þegar hún tók út leikbann í leik á móti Aftureldingu.

### Spilar og æfir á fullu

„Mér hefur tekist að spila og æfa á fullu. Ég finn aðeins fyrir þessu þegar þetta er orðið erfiðara en ég er heppin að vera miðvörður og þurfa ekki að hlaupa eins mikið og miðjumennirnir. Ég finn helst mun á því að formið er aðeins verra,“ segir Mist.

Hún er á fullu í lyfjameðferð og fram undan er fyrsta vísbending um það hvernig gengur. „Þetta gengur þokkalega. Ég er búin með fjórar lyfjagjafir af sextán og er að fara aftur út til Danmerkur í jáeindaskönnun númer tvö sem er fyrsta myndataka eftir að ég byrjaði í lyfjagjöfinni. Ég fer í það í næstu viku og þá kemur í ljós hver staðan er á þessu því þá fær maður að vita það svart á hvítu hvernig það gengur allt,“ sagði Mist um stöðu mála hjá sér.

### Heppin ef hún gæti æft

Það að dómarinn hafi stoppað hana en ekki lyfjagjöfin er til marks um hinn mikla viljastyrk og ákveðni sem þessi öflugi leikmaður býr yfir. „Mér var sagt áður en ég byrjaði í lyfjameðferðinni að ég yrði heppin ef ég gæti æft og ég yrði örugglega að hætta að spila strax. Ég hef ekki ennþá fundið neitt þannig fyrir því. Ég æfi á fullu og spila bara. Það er algjör snilld. Þrjóskan hjálpar samt örugglega til,“ viðurkennir Mist.

### Skönnun í Danmörku

Mist þarf að fara til Danmerkur í næstu viku og missir hugsanlega af einum leik vegna þess.

„Ég fer í þriggja daga ferð til að fara í skönnunina og kem heim sama dag og við spilum á móti Blikum. Ég veit ekki hvort ég verð með í þeim leik en eins og staðan er núna þá tek ég þetta bara einn dag í einu. Ég ætla samt að vera með þangað til líkaminn segir stopp og vonandi gerir hann það ekkert,“ segir hún.

Mist hefur ekki misst af leikjum eða mörgum æfingum en hárið þurfti hins vegar að fjúka. „Það var farið að þynnast svo rosalega á mér hárið. Ég fór að finna fyrir því fyrir tveimur til þremur vikum að hárið var farið að losna rosalega mikið. Það var orðin algjör pína að fara í sturtu því það komu bara hárboltar úr burstanum þegar ég var að greiða mér,“ segir Mist sem lét taka hárið í byrjun vikunnar.

„Ég gerði samning við sjálfa mig um að þrauka fram yfir verslunarmannahelgi og pantaði svo bara tíma hjá vinkonu minni í klippingu í fyrsta tíma eftir verslunarmannahelgi,“ segir Mist.

### Fær stuðning úr öllum áttum

Hún hefur alltaf verið tilbúin að ræða baráttu sína opinberlega og hún hefur fengið góð viðbrögð við því.

„Það hjálpar mér bara í þessari baráttu og ég er fyrir vikið að fá stuðning úr öllum áttum,“ segir Mist að lokum.

Næsti leikur Valsliðsins er á móti ÍA í kvöld sem verður fyrsti leikur miðvarðarins með nýju klippinguna sína.

ooj@frettabladid.is.



**HÁRIÐ FARIÐ** Mist Edvardsdóttir sýndi nýju hárgreiðsluna sína á Fésbókinni í vikunni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Spila úrslitaleik bikarkeppninnar á útivelli

Íslendingaliðið Kristianstad spilar stærsta leikinn í sögu félagsins undir stjórn Elísabetar Gunnarsdóttur.

**FÓTBOLTI** „Þessu fylgir alltaf sama góða tilfinningin – það er því miður bara alltof langt síðan ég upplifði þetta,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari kvennaliðs Kristianstad í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta, við Fréttablaðið um bikarúrslitaleikinn gegn Linköping í kvöld.

„Ég hef ekki verið mikið í úrslitaleikjunum síðan ég flutti til Svíþjóðar,“ segir hún og hlær við, en Elísabet bjó til nær ósigrandi Valslið sem varð Íslandsmeistari þrisvar í röð og tvisvar til viðbótar undir stjórn aðstoðarþjálfara hennar, Freys Alexanderssonar, eftir að hún fór út.

„Það eru alveg átta ár síðan ég vann bikarúrslitaleik þannig að það er tími til kominn,“ bætir hún við.

Kristianstad mætir sem fyrr segir Linköping, sem er fyrir fram talið sterkari aðilinn. Leið Kristianstad í úrslitin hefur þó verið flott, en það vann næstbesta lið deildarinnar, KIF Örebro, í undanúrslitum.

„Við erum lítið félag á sænskan mælikvarða og þetta er stærsti leikur sem okkar félag hefur spilað. Örebro vann Rosengård í átta liða úrslitum, en við áttum góðan leik í undanúrslitum og unnum þær. Það er alltaf skemmtilegra að komast í úrslit með því að vinna góð lið á leiðinni,“ segir Elísabet. Hvernig metur hún möguleika sinna stúlkna?

„Bikarúrslitaleikur er alltaf bikarúrslitaleikur. Mín upplifun er að leikmenn gefa alltaf meira en þeir eiga í þannig leik þannig að möguleikarnir hljóta að teljast jafnir fyrir bæði lið. Linköping er samt sterkara á pappírnum.“

Sif Atladóttir, Elísa Viðarsdóttir og Guðný Björk Óðinsdóttir eru á mála hjá Kristianstad og leika lykilhlutverk hjá liðinu. Þá var markavélin Margrét Lára Viðarsdóttir í herbúðum Kristianstad áður en hún tók sér frí vegna barneigna.



**VANN BIKARINN 2006** Elísabet Gunnarsdóttir gerði Valskonur einu sinni að bikarmeisturum.

„Þær eru allar búnar að standa sig mjög vel. Við erum að spila varnarleikinn vel og halda hreinu í helmingi leikjanna í deildinni. En eftir að við misstum Margréti erum við að skora of lítið. Sif verður svo ekki með í bikarúrslitunum vegna meiðsla. Það er nánast öruggt,“ segir Elísabet.

Svíar hafa lengi þótt sérstakir þegar kemur að mótafyrirkomulagi og engin breyting er á því þegar kemur að bikarúrslitaleiknum á morgun. Hann fer nefnilega fram á heimavelli Linköping.

Ástæðan?

„Þetta er þannig að liðið sem hefur spilað færri heimaleiki á leiðinni í úrslitin fær heimaleik. Liðin spiluðu jafnmarga heimaleiki þannig að það var kastað upp á þetta,“ segir Elísabet, en Linköping er um fjögurra tíma keyrsla frá Kristianstad.

„Þetta er svolítið kjánalegt. Við reiknum því miður ekki með neitt mörgum frá okkur á leiknum, en vonumst eftir svona 100 manns.“

Leikinn má sjá í beinni útsendingu á sænska ríkissjónvarpinu annað kvöld, en hann hefst klukkan 17.00.

tomas@365.is

### ÍSLENSKU STELPURNAR Í KRISTIANSTAD

**ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR**
37 ára þjálfari
Hefur þjálfað Kristianstad frá 2009.

**SIF ATLADÓTTIR**
29 ára fyrirliði og varnarmaður
11 leikir í sænsku deildinni í sumar

**ELÍSA VIÐARSDÓTTIR**
23 ára varnarmaður
11 leikir í sænsku deildinni í sumar

**GUÐNÝ BJÖRK ÓÐINSDÓTTIR**
25 ára miðjumaður
8 leikir í sænsku deildinni í sumar

**60% afsláttur**
af öllum barnafötum



Pils
0-7 ára
Áður 1.990 kr
**Nú 796**



Peysa
0-8 ára
Áður 2.490 kr
**Nú 996**

## Reykjavík & Akureyri

**40% afsláttur**
af öllum púðum



Peysa
0-8 ára
Áður 2.490 kr
**Nú 996**

**25-50% afsláttur**
af rúmfötum
Verð frá 6.390 kr



Náttgalli
0-4 ára
Áður 2.890 kr
**Nú 1.156**





Buxur
0-8 ára
Áður 1.990 kr
**Nú 796**

**30-60% afsláttur**
af allri smávöru

# ÚTSALAN ER HAFIN
## 25-60% afsláttur

**30-60% afsláttur**
af allri smávöru



Sendum frítt
úr vefverslun
**lindesign.is**



**30-50% afsláttur**
af öllum barnavörum

**25-50% afsláttur**
af rúmfötum



**30% afsláttur**
af öllum dúnsængum



**100% dúnn**
100% bómull



**30% afsláttur**
af eldhúsvörum

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri  Sími 533 2220  www.lindesign.is**

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.05
**Masterchef USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



### Weeds
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.35** Sjötta þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.



### Miðjarðarhafseyjakrásir Ottolenghis – Krít
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.35** Yotam Ottolenghi dekrar við bragðlaukana og afhjúpar leyndardóma matargerðar heimamanna á ferðalagi sínu um eyjar Miðjarðarhafs.



### David Bowie – Five Years in the Making of an Icon
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Einlæg heimildarmynd sem spannar fimm örlagaár í lífi einnar stærstu rokkstjörnu heims, Davids Bowie.



### FM 957 kl. 10.00
**Heiðar Austmann**

Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.




## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle**
**08.30 Man vs. Wild**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.40 60 mínútur**
**10.25 Doctors**
**11.05 Suits**
**11.50 Nashville**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Wall Street**
**15.10 The O.C.**
**15.55 Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.20 The Big Bang Theory**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Pepsímörkin**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Fóstbræður**
**19.40 Undateable**
**20.05 Masterchef USA** *(2:25)* Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.
**20.50 NCIS** *(24:24)*
**21.35 Major Crimes** *(4:10)* Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Sharon tekur við af hinni sérvitru Brendu Leigh Johnson en þættirnir eru sjálfstætt framhald af hinum vinsælu þáttum Closer.
**22.20 Those Who Kill** *(10:10)*
**23.05 Louie**
**23.30 Rizzoli and Isles**
**00.15 Shetland**
**01.10 Tyrant**
**01.55 NCIS. Los Angeles**
**02.40 Wall Street**
**04.40 How I Met Your Mother**
**05.05 Fóstbræður**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00 Pepsímörkin 2014**
**09.30 Fram - FH**
**15.20 Pæjumótið í Eyjum**
**16.00 B-úrslit** Útsending frá B-úrslitum á Íslandsmótinu í hestaíþróttum í Víðidal.
**17.45 Fylkir - Stjarnan**
**19.30 Pepsímörkin 2014**
**20.45 ÍBV - KR**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**14.50 Brasilía - Holland**
**16.35 Þýskaland - Argentína**
**19.00 Tony Adams** 10 þátta sería um nokkra af helstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar í gegnum árin.
**19.30 Liverpool - Arsenal 21.04.09**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Guinness International Champions Cup 2014**
**00.05 Premier League World**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**18.15 Top 20 Funniest**
**19.00 Community**
**19.45 Guys With Kids** *(5:17)*
**20.05 Ravenswood** *(10:10)*
**20.45 Wilfred** *(6:13)*
**21.10 The 100** *(11:13)*
**21.55 Supernatural** *(5:22)* Sjötta röðin af spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.
**22.35 The Listener**
**23.15 Grimm**
**00.00 Sons of Anarchy**
**01.00 Guys With Kids**
**01.25 Wilfred**
**01.45 Ravenswood**
**02.30 The 100**
**03.10 Supernatural**
**03.55 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Ævintýri Tinna **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** UKI **09.50** Brunabílarnir **10.12** Leyndarmál vísindanna **10.16** Elías **10.26** Ljóti andarunginn og ég **10.48** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Ævintýri Tinna **11.25** Latibær **11.47** Hvellur keppnisbíll **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Leyndarmál vísindanna **14.26** Ljóti andarunginn og ég **14.48** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Ævintýri Tinna **15.25** Latibær **15.47** Hvellur keppnisbíll **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Leyndarmál vísindanna **18.26** Ljóti andarunginn og ég **18.48** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Fuglaborgin **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.15 Strákarnir**
**18.35 Frasier**
**19.00 Friends**
**19.25 Modern Family**
**19.50 Two and a Half Men**
**20.15 Seinfeld**
**20.35 Weeds** *(11:13)*
**21.00 Breaking Bad** *(6:8)*
**21.45 Without a Trace** *(23:24)* Önnur röð þessara vinsælu glæpaþátta sem fjalla um sérstaka deild innan FBI sem rannsakar mannshvörf með Anthony LaPaglia í aðalhlutverki.
**22.30 E.R.** *(2:22)*
**23.10 Boardwalk Empire**
**00.00 Wallander**
**01.30 Weeds**
**02.00 Breaking Bad**
**02.45 Without a Trace**
**03.30 E.R.**
**04.15 Boardwalk Empire**
**05.05 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.40 Butter**
**13.10 Flicka 3. Best Friends**
**14.40 The Bodyguard**
**16.50 Butter**
**18.20 Flicka 3. Best Friends**
**19.50 The Bodyguard**
**22.00 Largo Winch**
**23.50 The Expendables 2**
**01.30 Triage**
**03.10 Largo Winch**

## RÚV

**16.30 Ástareldur**
**17.20 Úmísúmí**
**17.45 Poppý kisuló**
**17.56 Kafteinn Karl**
**18.08 Sveppir**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Ekki gera þetta heima**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Miðjarðarhafseyjakrásir Ottolenghis – Krít** *(2:4) (Ottolenghi's Mediterranean Island Feast)* Yotam Ottolenghi dekrar við bragðlaukana og afhjúpar leyndardóma matargerðar heimamanna á ferðalagi sínu um eyjar Miðjarðarhafs.
**20.25 Háskaleikur** *(1:6) (The Wrong Mans)* Bráðfyndnir þættir um tvo félaga sem svara símtali sem ætlað var öðrum og kemur verulegu róti á líf þeirra beggja.
**20.55 Scott og Bailey** *(6:8) (Scott & Bailey III)* Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester sem rannsaka snúin morðmál. Aðalhlutverk leika Suranne Jones og Lesley Sharp.
**21.45 Íslenskar stuttmyndir** *(Utangarðs)* Myndin segir frá útigangsmönnum sem tengjast sérstökum böndum. Með aðalhlutverk fara Sigurður Skúlason og Hilmar Guðjónsson. Mynd eftir Valgeir Gunnlaugsson, unnin sem nemendaverkefni í Kvikmyndskóla Íslands.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Lögregluvaktin** *(8:15) (Chicago PD)*
**23.05 Paradís** *(3:8) (Paradise II)*
**00.00 Sakborningar – Saga Helenar** *(3:6) (Accused)*
**01.00 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 The Bachelorette**
**16.50 Survior**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 America's Next Top Model**
**19.00 Emily Owens M.D**
**19.45 Parks & Recreation** *(8:22)*
**20.10 The Office** *(17:24)* Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennarinn. Það er mikið um dýrðir þegar opna á nýja verslun Sabre í smábænum Scranton.
**20.30 David Bowie - Five Years in the Making of an Icon** Einlæg heimildarmynd sem spannar fimm örlagaár í lífi einnar stærstu rokkstjörnu heims, Davids Bowie.
**21.15 Scandal** *(7:18)*
**22.00 Agents of S.H.I.E.L.D.** *(17:22)*
**22.45 The Tonight Show**
**23.30 King & Maxwell**
**00.15 Beauty and the Beast**
**01.00 Scandal**
**01.45 The Tonight Show**
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** World Golf Championship 201 **14.00** Golfing World 2014 **14.50** Champions Tour 2014 - Hig **15.40** PGA Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Championship 2014 **22.00** Inside The PGA Tour 2014 **22.25** Golfing World 2014 **23.15** Inside The PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

speedo PUMA

# LOKA ÚTSALA

- VERSLUNIN HÆTTIR - VERSLUNIN HÆTTIR - VERSLUNIN HÆTTIR -

Aðeins þessa sex daga!

## 7.-12. ágúst

# 30% AUKA AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM VÖRUM

Speedo fylgihlutir eru ekki á útsölu

Sjáðu verðið

**Dömubikiní**
Fullt verð: 13.990.-
Outlet-verð: 8.990.-
Útsöluverð: 6.295.-

**Herrahlaupaskór**
Fullt verð: 25.990.-
Outlet-verð: 17.990.-
Útsöluverð: 12.595.-

**Barnastuttbuxur**
Fullt verð: 3.990.-
Outlet-verð: 2.490.-
Útsöluverð: 1.745.-

**Allir fótboltaskór**
~~undir 9.990.-~~
undir 6.995.-

## Kíktu við í síðasta sinn og gerðu frábær kaup

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

**Útsöluopnun:**
Virka daga kl. 11-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






## BESTI BITINN



**Vegitariana- og Buona salute-pítsurnar á Gömlu smiðjunni, því að í pítsum eru þeir bestir!**

Áslaug Rún Magnúsdóttir, tónlistarkona

# Megastuð á Dolly um helgina

Danshátíðin Club Soda verður haldin í tilefni í Gay Pride í fimmta sinn í ár.

„Þetta verður mega stuð," segir Natalie Gunnarsdóttir plötusnúður, ein þeirra sem koma fram í Club Soda-danspartíinu sem fer fram á skemmtistaðnum Dolly um helgina. Þetta er fimmta árið í röð sem aðstandendur Club Soda fagna Gay Pride-helginni með þéttri tónlistardagskrá, en viðburðurinn hét áður Reif í rassinn.

„Til að byrja með vildum við bjóða upp á þann valmöguleika að geta farið á fleiri en einn stað á Gay Pride og bjóða upp á aðeins meiri fjölbreytni," segir Natalie, sem þeytir skífum á laugardagskvöld undir heitinu DJ Yamaho. „Þetta hefur alltaf gengið svo vel og verið svo skemmtilegt að við höfum alltaf gert þetta aftur. Þetta er eiginlega orðið að föstum lið."

Í ár bætist hipphopp-tónlist inn í dagskrána, sem fyrst og fremst hefur einkennst af danstónlist undanfarin ár. Bandaríski rapparinn Zebra Katz mun flytja rímur fyrir tónleikagesti og einnig stíga á svið rappsveitin Þrjár basískar og plötusnúðurinn DJ Gay Latino Man mun spila vel valið hip-hop.

### Í fyrra spiluðu:

- Juan Solo
- Gay Latino Man
- DJ Yamaho
- DJ Manny
- Kitty Von Sometime
- Andy Butler DJ Set

„Við ætlum að vera bara með hipphopp á efri hæðinni og svo á þeirri neðri verður brjáluð danstónlist allt kvöld," segir Natalie. „Ég lofa mjög, mjög góðri skemmtun, það er alltaf ógeðslega gaman." - bá



**ÞEYTIR SKÍFUM** Natalie lofar „mjög, mjög góðri skemmtun".
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# Körfuboltastjörnur opna sælkeraverslun

Körfuknattleiksmennirnir Jón Arnór Stefánsson og Pavel Ermolinskij opna á næstu vikum kjöt- og fiskbúð í miðbæ Reykjavíkur og ætla setja á sig svuntu á milli leikja.

„Við erum báðir miklir matarfíklar og sælkerar og okkur hefur lengi langað til þess að búa til eitthvað saman," segir körfuknattleiksmaðurinn Jón Arnór Stefánsson, en hann og annar körfuknattleiksmaður, Pavel Ermolinskij, opna kjöt- og fiskbúð á næstu vikum í miðbæ Reykjavíkur, á horni Spítalastígs og Bergstaðastrætis, nánar tiltekið Bergstaðastræti 14.

„Pavel á nú upphaflega hugmyndina að búðinni. Það er svo mikið að gerast í miðbænum í dag, mikið líf og okkur fannst vanta svona ekta hverfisbúð í miðbæinn. Staðsetningin er alveg mögnuð," segir Jón Arnór.

Þeir félagar eru nú á fullu þessa dagana að standsetja búðina og gera ráð fyrir að hún verði opnuð eftir um það bil tvær vikur.

Jón Arnór, sem spilar körfuknattleik með CAI Zaragoza á Spáni, á þó í erfiðleikum með að afgreiða í búðinni yfir vetrartímann þegar körfuboltatímabilið er í gangi. „Það er synd að við náðum ekki að opna fyrr í sumar, það hefði verið gaman að vera með svuntuna og afgreiða en ég mun hins vegar gera það þegar ég kem heim í fríum. Pavel ætlar að standa vaktina með svuntuna á milli leikja og æfinga," segir Jón Arnór en Pavel leikur með KR og því stutt að skreppa.

Þeir félagar ætla sér að bjóða upp á gæðahráefni og meðal annars eigin sósu. „Við erum miklir sælkerar og ætlum að leggja mikið upp úr hráefninu, íslensku og erlendu. Við verðum líka með meðlæti og ætlum að vera með okkar eigin sósur, sem verða frábærar á bragðið," segir Jón Arnór og hlær.

> **Við erum miklir sælkerar og ætlum að leggja mikið upp úr hráefninu, íslensku og erlendu. Við verðum líka með meðlæti og ætlum að vera með okkar eigin sósur, sem verða frábærar á bragðið.**

Körfuknattleikskapparnir njóta einnig aðstoðar fagfólks í vali á hráefni og á uppsetningu búðarinnar. „Hafsteinn Júlíusson hjá HAF studio hjálpaði okkur að hanna rýmið, gera það smekklegt og flott. Við verðum svo í samstarfi við veitingastaðinn Snaps í hráefnisvali," bætir Jón Arnór við.

gunnarleo@frettabladid.is



**KÚL KÖRFUBOLTAMENN** Pavel Ermolinskij og Jón Arnór Stefánsson opna kjöt- og fiskbúð á næstu vikum. Þeir munu án efa vera með körfbolta kláran undir borðinu á milli anna í búðinni.

# Stoppuðu vegna slagsmála

Hljómsveitin Retro Stefson gerði hlé á tónleikum sínum á Þjóðhátíð um helgina þegar slagsmál brutust út í áheyrendaskaranum og biðu uns ofbeldismennirnir róuðust.

„Svona slagsmál eru náttúrulega ekki kúl og við sjáum þetta best sem erum uppi á sviðinu. Við viljum sýna gott fordæmi og ákváðum því að hætta að spila þangað til að þessum slagsmálum lauk," segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari hljómsveitarinnar Retro Stefson. Sveitin sýndi gott fordæmi með því að gera hlé á tónleikum sínum á sunnudagskvöldið á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

Eins og flestir vita er tónlist hljómsveitarinnar mjög dansvæn og því ekki ósennilegt að fólk rekist hvert utan í annað þegar margir eru á dansgólfinu og getur það oft skapað ónot manna á milli.

„Þetta er svo sem ekki í fyrsta sinn sem það brjótast út slagsmál á tónleikum hjá okkur en þetta er alltaf óþægilegt og vildum við sýna fólki að þetta sé ekki í lagi og við líðum ekki svona," segir Unnsteinn Manuel og hvetur aðra tónlistarmenn til að gera slíkt hið sama þegar slagsmál brjótast út.

Unnsteinn Manuel segist hafa skemmt sér mjög vel á hátíðinni en hafi þó misst af brekkusöngnum og sjái eftir því. „Logi bróðir var í brekkusöngnum og skemmti sér konunglega en ég var því miður bara í gufubaði og rétt náði restinni. Það var gaman að sjá alla syngja svona saman og karókífílingurinn var flottur," segir Unnsteinn Manuel, sem ætlar ekki að láta brekkusönginn fram hjá sér fara næst.

Tónleikar Retro Stefson í Eyjum voru þeir síðustu í bili. „Við erum komin í smá frí núna og ætlum að einbeita okkur að því að búa til nýtt efni." - glp



**BURT MEÐ BARSMÍÐAR** Unnsteinn Manuel og félagar hans í Retro Stefson gerðu hlé á tónleikum sínum þegar að slagsmál brutust út.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÞEIR ERU MÆTTIR AFTUR

FÁST Í VERSLUN NÆRRI ÞÉR




ÍSLENSKA/SIA.IS NAT 69723 07/14

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið alla helgina
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Von á nýju Quarashi-lagi

„Þegar ég labbaði út af sviðinu hugsaði ég jájá, við gerum bara nýtt lag," segir Sölvi Blöndal, meðlimur Quarashi. Sveitin hélt kveðjutónleika á Þjóðhátíð í Eyjum en stefnir samt sem áður á að gefa út nýtt lag snemma í næsta mánuði.

„Við getum ekki endalaust spilað Stick'em up," segir Sölvi og hlær. Hann segir að nýja lagið verði nokkurs konar haustlag. En mun sveitin þá ekki þurfa að halda aðra tónleika til að flytja nýja lagið?

„Þetta var lokagiggið þangað til annað er ákveðið," segir hann. „En er nokkuð mark á mér takandi með það lengur?" **- bá**



### Hittir áhugavert fólk í nýjum þáttum

Tónlistarmaðurinn **Unnsteinn Manuel Stefánsson** mun hafa umsjón með nýjum sjónvarpsþætti en sá mun hefja göngu sína í Ríkissjónvarpinu í haust. Hann er þó ekki eini umsjónarmaður þáttarins, því ung stúlka, sem enn má ekki gefa upp hver er, mun verða honum til aðstoðar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða þættirnir með heimildarþáttaívafi og mun Unnsteinn Manuel fara um landið ásamt ungu stúlkunni og hitta áhugavert fólk í hinum ýmsu geirum þjóðlífsins.

Þættirnir eru að mestu hugsaðir fyrir ungt fólk en ættu þó að geta heillað unga jafnt sem aldna. **-glp**



## Mest lesið vísir

1. Eignuðust stúlku
2. Ökuníðingur á stolnum bíl ógnaði golfurum á Nesinu
3. Ljós krabbakönguló á Vesturlandi
4. Sjómannshúfa 66°Norður sló óvart í gegn
5. „Fær mann til að hugsa hvort konur séu tilraunadýr"





